Allir elska Línu Langsokk

Í dag eru 77 ár síðan fyrsta bókin um Línu Langsokk eftir Astrid Lindgren kom út. ➤ 56

Fékk heilablóðfall einn á fangavakt

Garðar Svansson fangavörður segist hafa orðið hræddur en stendur þó enn vaktina. ➤ 44

vís
Nú er ráð að tryggja það sem þú keyptir óvænt í gær

FRÉTTABLAÐIÐ

259. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 26. NÓVEMBER 2022

Er að springa úr gleði

Aron Can hefur áorkað miklu á ferli sínum þrátt fyrir ungan aldur. Hann bíður spenntur eftir því að verða pabbi og hefur aldrei verið hamingjusamari. ➤ 38

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hundar eru bestu vinir mannanna.

HRFÍ heiðrar afrekshund ársins

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÝRALÍF Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) heiðrar þjónustu- og afrekshunda ársins í dag, á nóvembersýningu félagsins, Winter Wonderland-sýningunni. Sýningin er haldin í Samskipahöll Sprettara í Kópavogi.

„Margar frásagnir eru til af hetjudáðum „besta vinar mannsins“ sem hafa snortið hjörtu okkar,“ segir í tilkynningu HRFÍ. „Ekki eru gerðar kröfur um að hundurinn sé hreinræktaður og allar tilnefningar eru vel þegnar jafnvel þótt langt sé um liðið.“

Afrekshundurinn þarf með einhverjum hætti að hafa komið að björgun manna eða dýra, liðsinnt fötluðum eða veikum, verið til uppörvunar eða hjálpað á annan hátt.

Þjónustuhundar eru þeir sem vinna allan ársins hring að þjónustu í samfélaginu. Til dæmis björgunarhundar, lögregluhundar og fíkniefnahundar.

Afreks- og þjónustuhundarnir verða heiðraðir klukkan 15.15. ■

Pönkast í Pútín

Rússneska femíníska andófspönksveitin Pussy Riot flutti tónlistargjörninginn Riot Days í Þjóðleikhúsinu í gærkvöld. Sveitin er þyrnir í síðu Vladímírs Pútín Rússlandsforseta enda hafa meðlimir hennar oft mótmælt gjörðum Kremlarstjórnar með ýmis konar aðgerðum. Hafa þær þurft að dúsa í fangelsi vegna þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

VR eitt á báti varðandi slit viðræðna

bth@frettabladid.is

KJARAMÁL „Nei, við munum ekki slíta viðræðum, það hefur verið samþykkt að við mætum á fund næsta þriðjudag,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, sem situr í samninganefnd Starfsgreinasambandsins.

Landssamband íslenskra verslunarmanna hefur einnig tekið ákvörðun um að halda áfram viðræðum. Virðist VR því eitt á báti með þá ákvörðun að slíta viðræðum vegna kjarasamninga.

Björn segist aðspurður telja að VR eigi aftur endurkomu ef aðstæður spilist þannig. „En við erum ekkert á leiðinni út.“

Björn segist bjartsýnn á meðan viðræður séu í gangi. Boðað hefur verið til næsta fundar með Samtökum atvinnulífsins hjá ríkissáttasemjara næsta þriðjudag.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

„Á meðan viðræðum er ekki slitið er von um að þetta klárist,“ segir Björn.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sagði í gær óásættanlegt hvernig samninganefnd Samtaka atvinnulífsins hefði viljað nálgast skammtímasamning í kjaraviðræðum á almennum vinnumarkaði.

„Viðræður hafa þokast í rétta átt síðustu daga en nú er ljóst að forsendur fyrir áframhaldandi samtali eru brostnar,“ segir í yfirlýsingu frá VR. ■

Svangar í Seljahverfi og hafa algerlega slegið í gegn

Andahópur hefur gert sig heimakominn fyrir framan Krónuna í Seljahverfi. Verslunarstjóri segir þær hafa slegið í gegn enda í raun bæði viðskiptavinir og starfsmenn sem mæti á sama tíma á hverjum degi.

odduraevar@frettabladid.is

Endurnar eru margar fyrir framan Krónuna. Þær eru mjög mannblendnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ODDUR ÆVAR

DÝRALÍF „Þær koma hingað á hverjum einasta degi og hafa gert það núna í rúmlega mánuð,“ segir Laura Pasztor, verslunarstjóri Krónunnar í Seljahverfi, um andahóp sem hefur gert sig heimakominn fyrir utan verslunina svo athygli hefur vakið.

„Þær eru greinilega frekar svangar og viðskiptavinir hafa verið að gefa þeim, enda eru þær rosalega gæfar og koma þess vegna bara aftur og aftur,“ segir Laura. Þegar ljósmyndara blaðsins bar að garði kom andaskarinn á sprettinum á móti honum.

Gæfar endurnar hafa vakið athygli íbúa. „Fólk segir að þær viti hvar eigi að sníkja mat,“ skrifar íbúi nokkur í umræðum um endurnar á samfélagsmiðlum. „Jú, í lágvöruverðsverslun.“

Laura segist halda að mögulega sé ekki öllum viðskiptavinum jafn skemmt yfir öndunum sem geti verið nokkuð ágengar, svo gæfar eru þær.

„En langflestir elska þær. Þær virka líka þannig á okkur að þær virðast vera kátar og margir hafa keypt brauð hérna til að gefa þeim og aðrir hafa tekið myndir af sér með þeim hér, enda þyrpast þær að fólki ef það gefur þeim einhvern gaum,“ segir Laura.

Hún viðurkennir hlæjandi að þetta sé í fyrsta skiptið sem andahópur hafi gert sig heimakominn fyrir framan verslunina. Þær séu vinsælar meðal starfsfólks.

> Þær eru eiginlega starfsmenn og viðskiptavinir á sama tíma.

Laura Pasztor, verslunarstjóri Krónunnar í Seljahverfi

„Við elskum þær. Þær eru líka svo sætar og mjög almennilegar, við erum farin að verða þeim mjög kunnug. Stundum labba þær meira að segja inn í búðina og þá höfum við þurft að reka þær út,“ segir Laura hlæjandi.

Hún er til í að fallast á að þarna séu nýir starfsmenn Krónunnar á ferðinni. „Það mætti alveg segja það. Þær eru eiginlega starfsmenn og viðskiptavinir á sama tíma,“ segir Laura sem bætir því við að þær séu alltaf tímanlega á ferðinni.

„Þær birtast alltaf um hádegisbil, rúmlega ellefu eða tólf en alls ekki snemma.“

Þetta gefur til kynna að þær séu ekki A-týpur. „Nei, alls ekki!“ ■

FRJÁLS

TOYOTA LAND CRUISER

Verð frá: 10.360.000 kr.

KINTO Langtímaleiga
Verð frá: 213.000 kr.

KAUPAUKI FYLGIR AFMÆLISÚTGÁFU
998.000 kr. kaupauki fylgir áfram í takmarkaðan tíma.*

33" breyting, heilsársdekk og felgur, hliðarlistar, hlíf undir framstuðara, hlíf á afturstuðara, krómlisti á hlera og krómstútur á púst.

TOYOTA – MEST SELDA BIFREIÐATEGUNDIN Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni	Toyota Akureyri	Toyota Reykjanesbæ	Toyota Selfossi
Kauptúni 6	Baldursnesi 1	Njarðarbraut 19	Fossnesi 14
570 5070	460 4300	420 6600	480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Land Cruiser og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

Tölur vikunnar

116
höfðu á fimmtudag verið sektaðir fyrir að nota nagladekk utan leyfilegs tíma á þessu ári.

300
þúsund rúmmetrar af grjóti fara í stækkun brimvarnargarða við Þorlákshöfn.

42,8
prósent sem svöruðu í könnun Prósents segjast hlynnt aðild að ESB en 35,1 prósent er andvígt.

21
sinni hraðari vöxtur er í sölu notaðs fatnaðar í Bandaríkjunum en á nýjum varningi síðustu þrjú árin.

31.416
milljarðar króna eru sagðir hafa farið í að halda HM sem nú stendur yfir í Katar.

Þrjú í fréttum

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

er gagnrýndur eftir að peningastefnunefnd bankans hækkaði stýrivexti um 0,25 prósentustig. „Ef við myndum ekki standa að baki verðgildi peninganna þá fer verðbólgan í hæstu hæðir og kjarasamningar yrðu algjörlega vonlausir," sagði Ásgeir.

Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

samdi við þáverandi fjármálastjóra um að fjármálastjórinn gæti hætt og fengið samt sjö mánaða laun. Samningurinn jafngildir nær tuttugu milljónum króna og málið vekur óánægju innan kirkjunnar. „Þetta er bara venjulegur, eðlilegur samningur," sagði Agnes.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
utanríkisráðherra

lagði til í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, fyrir hönd Íslands í samvinnu við utanríkisráðherra Þýskalands, að hafin yrði gagnaöflun svo draga mætti til ábyrgðar þá sem standa gegn ofsóknum gegn almenningi í Íran. Tillagan var samþykkt. „Það er ofvaxið mínum skilningi að stjórnvöld í nokkru ríki ákveði að brjóta svo víðtækt og alvarlega á mannréttindum borgaranna," sagði Þórdís í ávarpi sínu í mannréttindaráðinu. ■

Telja óviðeigandi að Hæstiréttur segi löggjafarvaldinu fyrir verkum

Tveir hæstaréttarlögmenn telja það fara gegn þrískiptingu ríkisvaldsins að hæstaréttardómari hafi haft frumkvæði að frumvarpi um að endurupptökudómstóll geti vísað málum til Landsréttar. Þá vara þeir við því að málið fái flýtimeðferð á Alþingi.

benediktarnar@frettabladid.is

Frumvarp dómsmálaráðherra um að endurupptökudómur geti vísað málum til Landsréttar hefur vakið mikla athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ragnar Halldór Hall, hæstaréttarlögmaður

Ása Ólafsdóttir, hæstaréttardómari og formaður réttarfarsnefndar

Gestur Jónsson, hæstaréttarlögmaður

DÓMSTÓLAR Lögmennirnir Gestur Jónsson og Ragnar Halldór Hall telja að vegna þrískiptingar ríkisvaldsins hafi það verið óviðeigandi að hæstaréttardómarinn Ása Ólafsdóttir hafi komið að frumvarpi um breytingu á lögum um meðferð sakamála og farið gegn þrískiptingu ríkisvaldsins með þeim hætti.

Forsaga málsins er sú að Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp þann 14. nóvember um breytingu á lögum um meðferð sakamála, í kjölfarið á því að nokkrum af hinum svokölluðu hrunsmálum hafi verið vísað frá vegna ólíkrar túlkunar Hæstaréttar og endurupptökudóms á lögum.

Nýlega vísaði Hæstiréttur af tæknilegum ástæðum frá tveimur málum sem endurupptökudómur hafði vísað til hans. Í úrskurði endurupptökudóms var vísað til þess að í lögum um endurupptöku mála segir að heimilt sé að vísa máli sem dæmt hefur verið í Hæstarétti til meðferðar og dómsuppsögu „að nýju" í Landsrétti. Þannig hafi endurupptökudómur túlkað ákvæðið á þann hátt að það feli aðeins í sér að mál sem hafi sætt meðferð og dómsuppsögu í Landsrétti geti verið endurupptekin þar. Þarna myndaðist ákveðin pattstaða á milli tveggja jafnsettra dómstóla.

Í frumvarpi dómsmálaráðherra var lagt til að ef endurupptökudómur telur að mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti fyrir 1. janúar 2018 og uppfyllir skilyrði til endurupptöku, er dóminum heimilt að vísa málinu til meðferðar og dómsuppsögu í Landsrétti.

Í gær barst umsögn um frumvarpið frá Sigríði J. Friðjónsdóttur ríkissaksóknara þar sem kemur fram að hún sé samþykk þeim breytingum sem komi fram í frumvarpinu og að hún taki að öllu leyti undir þær röksemdir fyrir lagabreytingum sem komu fram í greinargerð frumvarpsins. Þá telur ríkissaksóknari brýnt að frumvarpið fái skjótan framgang á Alþingi.

Í umsögn lögmannanna Gests Jónssonar og Ragnars Halldórs Hall segja þeir að sérstök ástæða sé til þess að vara við því að málið fái einhvers konar flýtimeðferð hjá Alþingi, þar sem það varðar grundvallarmannréttindi og þarfnist gaumgæfilegrar athugunar nefndarinnar.

Þá kasta Gestur og Ragnar því fram að þeir hafi heimildir fyrir því að í kjölfar uppkvaðningar úrskurðar endurupptökudóms í máli Ívars Guðjónssonar hafi einn af dómurum Hæstaréttar haft samband við stjórnendur í dómsmálaráðuneytinu og óskað efir fundi með hraði. Taldi dómarinn, Ása Ólafsdóttir, að nauðsynlegt væri að bregðast með hraði við þeirri „togstreitu" sem skapast hefði milli Hæstaréttar og endurupptökudóms.

„Vegna þrískiptingar ríkisvaldsins orkar það mjög tvímælis að dómarar Hæstaréttar skuli telja það viðeigandi að þeir segi stjórnvöldum og löggjafarsamkomunni fyrir verkum á þann hátt sem birtist í þessu lagafrumvarpi," segja lögmennirnir og bæta við að það sé hlutverk dómstóla að túlka lögin, ekki setja þau.

Þá benda þeir einnig á að Ása, sem er formaður réttarfarsnefndar, hafi haft frumkvæði að frumvarpinu og sé væntanlega höfundur meginefnis þess.

Ef nefndarmenn í allsherjar- og menntamálanefnd sjái ástæðu til þess að bæta við sérstaka lagaákvæðinu sem kemur fram í frumvarpinu, þá leggja Gestur og Ragnar til að endurupptökudómur geti vísað málum til Landsréttar „ef þess er óskað af hálfu endurupptökubeiðanda". ■

FÆRÐIN ER ALLTAF GÓÐ

Leyfðu Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid að spreyta sig á krefjandi slóðum. Leiðin verður rafmögnuð.

5 ÁRA ÁBYRGÐ | 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI | PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep

Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru
frá eftirtöldum verslunum
herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND
BOSS
BOSS BÚÐIN KRINGLUNNI
HANZ
KRINGLUNNI
Mathilda
Kringlunni
COLLECTIONS
Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg
30-60%
afsláttur af öllum vörum
Herralagerinn Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

GOLFKLÚBBURINN ODDUR

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds 2022

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds verður haldinn í golfskálanum í Urriðavatnsdölum þriðjudaginn 6. desember kl. 20:00.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
- Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
- Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
- Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
- Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
- Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
- Kosning þriggja manna í kjörnefnd.
- Önnur málefni ef einhver eru.

Stjórn Golfklúbbsins Odds.

Styrkir til **staðbundinna fjölmiðla** utan höfuðborgarsvæðisins

Menningar- og viðskiptaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki til staðbundinna fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins.

Markmið með styrkveitingum til einkarekinna staðbundinna fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins er að efla starfsemi þeirra enda gegni þeir mikilvægu hlutverki við að tryggja aðgengi almennings að upplýsingum um menningar- og samfélagsmál og styðji með þeim hætti við lýðræðisþátttöku og menningarstarf. (3. gr. reglna nr. 1265/2022 um styrkveitingar til staðbundinna fjölmiðla).

Til úthlutunar árið 2022 eru 5 m.kr.: 2,5 m.kr. frá menningar- og viðskiptaráðuneyti og 2,5 m.kr. frá innviðaráðuneyti v. aðgerðar C.07 í byggðaáætlun, Efling fjölmiðlunar í héraði. Höfuðborgarsvæðið nær yfir sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Seltjarnarnesbæ og Mosfellsbæ.

Umsækjendum er bent á að kynna sér ákvæði reglna nr. 1265/2022 um styrkveitingar til staðbundinna fjölmiðla. Umsóknareyðublað er á vef menningar- og viðskiptaráðuneytis www.mvf.is.

Þegar það hefur verið fyllt út þarf að prenta það til undirritunar, skanna og senda ásamt umbeðnum fylgiskjölum. Mikilvægt er að öll fylgiskjöl fylgi með umsókn. Umsóknir skulu berast á menningar- og viðskiptaráðuneytis, mvf@mvf.is, fyrir miðnætti 11. desember 2022. Ef spurningar vakna um hvernig eigi að fylla umsóknina út er hægt að senda fyrirspurn á framangreint netfang.

Umsóknarfrestur er til miðnættis sunnudaginn 11. desember 2022.

Menningar- og viðskiptaráðuneyti
24. nóvember 2022

Stjórnarráð Íslands
Menningar - og viðskiptaráðuneytið

Síldarvinnslan í Neskaupstað þurfti að brenna olíu í stórum stíl vegna skerðingar á raforku í fyrravetur. Nú er tíðin önnur. MYND/AÐSEND

Óvenju gott tíðarfar og ekkert útlit fyrir orkuskort

Ekki er útlit fyrir að grípa þurfi til skerðingar á raforku til stórnotenda í vetur. Tíðarfarið að undanförnu veldur því að orkustaðan er með besta móti. „Það skiptir okkur sköpum að þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessu," segir yfirmaður landvinnslu í Neskaupstað.

ggunnars@frettabladid.is

ORKUMÁL Óvenju gott tíðarfar veldur því að ekki þarf að grípa til skerðingar á raforku til stórnotenda í vetur líkt og gert var síðastliðinn vetur. Það eru góðar fréttir fyrir fiskimjölsverksmiðjur landsins nú þegar hillir undir loðnuvertíð.

Fyrir sléttu ári síðan var staðan þannig í Neskaupstað, þar sem Síldarvinnslan er með umfangsmikla starfsemi, að flutningskerfi Landsvirkjunar réði ekki við að flytja alla þá orku sem til þurfti á milli landshluta vegna bágrar stöðu í uppistöðulónum.

En nú er tíðin önnur og veður skaplegra. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun hafa suðaustanáttir með hlýindum og úrkomu aukið mjög rennsli til Hálslóns, sem og til Tungnaár og Þórisvatns.

Staða miðlunarforða er því góð og útlit fyrir að hægt verði að anna allri orkuþörf viðskiptavina Landsvirkjunar út veturinn.

> Við höfum fjárfest gríðarlega til þess einmitt að geta notað græna orku.

Jón Már Jónsson, yfirmaður landvinnslu hjá Síldarvinnslunni

Af tíu fiskimjölsverksmiðjum landsins ganga þrjár enn fyrir olíu. Hinar sjö, sem afkasta um 70 prósentum af heildarframleiðslunni, nýta að jafnaði græna orku. Það er að segja þegar tíðarfar er skaplegt.

Jón Már Jónsson, yfirmaður landvinnslu hjá Síldarvinnslunni, segir gott að vita til þess að næg orka sé fyrir hendi.

„Þetta er allt önnur staða. Síðastliðinn vetur þurftum við að brenna gríðarlegu magni af olíu til að keyra vinnsluna vegna skerðingar á raforku. Það var óvenju slæmt og gerði okkur erfitt fyrir," segir Jón Már.

Hann segist fara bjartsýnn inn í veturinn með þessi tíðindi frá Landsvirkjun.

„Þetta skiptir okkur sköpum. Við höfum fjárfest gríðarlega til þess einmitt að geta notað græna orku, þannig að við erum í draumastöðu þegar tíðarfarið er svona. Nú bíðum við bara eftir loðnunni og erum klár í vertíðina sem hefst eftir áramót. Hún er okkur mikilvæg og þá er gott að þurfa ekki að hafa áhyggjur af orkunni."

En hvað sem rysjóttu tíðarfari líður segir Jón Már stóru myndina vera að auka þurfi við orkuframleiðslu.

„Þetta er allt orðið mjög tæpt og það má í raun ekkert út af bregða. Ef það kemur upp ein bilun þá dettum við út og förum yfir á olíu. Það vantar einfaldlega meiri orku og betri flutning svo hægt sé að sigla lygnan sjó í gegnum álagstímabilin. Það er langtímaverkefnið," segir Jón Már.

Landsvirkjun áformar að auka afl í virkjunum sínum á Þjórsársvæðinu, meðal annars til að auka sveigjanleika í kerfinu. Stækkun og aflaukning virkjananna tekur hins vegar nokkur ár og því viðbúið að aflskortur setji áfram strik í reikninginn hjá stórnotendum á næstu árum, jafnvel þótt nægt vatn sé í lónum. ■

Vegagerðin ánægð með snjóleysið

benediktarnar@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Snjóruðningstæki Vegagerðarinnar hafa ekið tæplega 80 þúsund færri kílómetra miðað við sama tíma í fyrra, það sem af er vetri. Þar af leiðandi er lítil sem engin þörf á að ryðja snjó af vegum landsins.

Eins og gefur að skilja felur snjóleysið í sér töluverðan sparnað fyrir þá sem sjá um vetrarþjónustu og það er raunin, segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.

„Vissulega lítur þetta vel út og það felst töluvert mikill sparnaður í þessu árferði núna, en annars kemur þetta í bylgjum og ekki hægt að segja til um veturinn eða árið í ár," segir hann.

Að sögn Péturs eru fjárveitingar

> Vissulega lítur þetta vel út og það felst töluvert mikill sparnaður í þessu árferði núna.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar

til vetrarþjónustunnar um 3,8 milljarðar króna, en í því felst öll vetrarþjónusta. Snjómokstur og hálkuvarnir séu aðeins hluti af þjónustunni.

„Þessi kostnaður er þó afar sveiflukenndur og það kemur fyrir í síauknum mæli að kostnaður verður meiri en fjárveitingar, þegar mikið gengur á í veðrinu. Einnig er rétt að nefna að óskir um aukna vetrarþjónustu verða sífellt háværari vegna þess að fleiri og fleiri sækja vinnu um langan veg og nú er boðið upp á ferðamennsku allt árið," segir Pétur og bætir við að almenn þjónusta við vegakerfið aukist í þessu árferði.

„Við erum ánægð með ástandið samt og erum tilbúin þegar vetrarveðrin bresta á," segir Pétur. ■

Magnaður mánudagur!

Gerðu góð kaup og klárað jólagjafirnar strax í dag.

Allt að -34%

Bækur
Yfir 300 titlar á lækkuðu verði

Allt að -30%

Sjónvörp
Úrval af sjónvörpum frá 38" - 75" frá Samsung, Sony, LG, Philips og Sharp

Allt að -40%

Talar íslensku!

Leikföng
Fjölbreytt úrval þekktra merkja Fisher Price, Barbie, Nerf, Hot Wheels, Baby born, Magnatiles Lego, Playmobil, Chicco

Jólapappír
Jólapappír í miklu úrvali

Allt að -10%

Apple
Apple vörur allt að 20% afsláttur. Airpods, iPhone, iPad, Apple Watch

Allt að -40%

Snyrtivörur
Úrval af snyrtivörum

Allt að -30%

Jóladagatöl
Úrval af leikfangadagatölum Hvolpasveit, Barbie, Minecraft, Lego, Play-Doh og Playmobil

Allt að -30%

Spil og púsl
Vinsælu spilin eru hjá okkur

Allt að -50%

Heimilistæki
Heimilistæki í miklu úrvali

heimkaup

Gildir út mánudaginn 28. nóvember 2022

Tuttugu tungumál eru töluð á Drafnarsteini

Tuttugu tungumál eru töluð á leikskólanum Drafnarsteini í Reykjavík. Leikskólastjóri segir fjölda tví- og fjöltyngdra barna aldrei hafa verið meiri. Tæplega fjörutíu prósent barna á leikskólanum hafi annað tungumál en íslensku að móðurmáli.

erlamaria@frettabladid.is

Meðal þeirra tungumála sem töluð eru á Drafnarsteini eru farsi, telúgú, gújaratí og hebreska. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SKÓLAMÁL Halldóra Guðmundsdóttir, leikskólastjóri leikskólans Drafnarsteins í Vesturbænum í Reykjavík, segir vaxandi fjölmenningu hér á landi sýna sig hvað best í þeim fjölbreytileika sem finnist á leikskólanum. Tæplega fjörutíu prósent barna séu af erlendum uppruna, sem sé nýr veruleiki í leikskólastarfi. Þá telji starfsmannahópurinn níu mismunandi þjóðerni.

„Það eru mörg tungumál í gangi, bæði hjá börnunum og starfsfólki, en við höfum aldrei haft jafn mörg börn sem hafa enga íslensku á heimilinu. Í haust var því komið að því að við þurftum að taka ákvörðun um málstefnu. Hingað til hefur ekkert þurft að ræða þetta, en svo allt í einu er maður kominn með einhvern veruleika þar sem þetta þarf að ræða," segir Halldóra.

Af þeim sökum hafi leikskólinn tekið upp íslenska málstefnu, sem Halldóra segir að hafi verið nauðsynlegt.

„Við sáum það aðeins gerast í fyrra að börn af erlendum uppruna, sem voru kannski að baksa við íslenskuna, voru farin að leika sér á einhverju Youtube-tungumáli. Þetta fannst okkur mjög áhugavert því við erum bæði sögu- og þjóðsöguskóli og erum mjög upptekin af málþroska og málörvun og vinnum okkar starf í gegnum íslenskar þjóðsögur," segir Halldóra.

Slíkt sé gríðarleg áskorun þar sem börnum, sem ekki hafa íslensku að móðurmáli, fjölgi með hverju árinu.

„Ég held að þetta sé bara þróunin á Íslandi yfir höfuð. Fleiri þjóðir koma og núna finnur maður það í samfélaginu að við erum til dæmis að fá fjölda flóttamanna til landsins, bæði frá Úkraínu og Venesúela," segir Halldóra.

Meðal þeirra tungumála sem börnin hafa að móðurmáli eru enska, finnska, spænska, pólska, arabíska, farsi, lettneska, danska, telúgú, gújaratí og hebreska, svo fáein séu nefnd, og segir Halldóra áhugavert að sjá hvað fjöldatitillinn breytist frá ári til árs.

„Franska á fjöldatitilinn núna, en hún er töluð hjá flestum þeim sem eru tví- og fjöltyngd. Áður var titillinn pólska og enska, en það er gríðarlega skemmtilegt að sjá hvernig þetta breytist," segir Halldóra.

Að sögn Halldóru hefur innleiðing íslenskrar málstefnu á leikskólanum gengið vonum framar og segir hún börnin aðlagast vel.

„Þau eru náttúrlega ótrúlega dugleg og fljót að aðlagast. Þó að þau séu kannski ekki komin með íslenskuna þá læra þau ofsalega fljótt á dagsskipulagið. Á öllum deildum er myndrænt dagsskipulag, þannig að þau sjá á myndum hvernig dagurinn rúllar," segir Halldóra.

Þá fái þau börn sem hafi engan bakgrunn í íslensku bókina Ljáðu mér orð, sem Halldóra segir að sé í raun þeirra orðabók með myndum.

> Það eru mörg tungumál í gangi, bæði hjá börnunum og starfsfólki, en við höfum aldrei haft jafn mörg börn sem hafa enga íslensku á heimilinu.

Halldóra Guðmundsdóttir, leikskólastjóri Drafnarsteins

Þrátt fyrir að leikskólinn hvetji börnin til að tala íslensku á leikskólatíma segir Halldóra þeim alls ekki bannað að tala móðurmál sitt. Nauðsynlegt sé að hafa sveigjanleika.

„Við erum alls ekki að banna börnunum að tala annað tungumál sín á milli, heldur meira minnum við þau á að við ætlum að tala íslensku í skólanum. Koma því mjúklega til leiðar, þegar börnin eru til dæmis í leik í hóp, að tala íslensku svo allir geti verið með," segir Halldóra. ■

Fékk loks svör þremur árum síðar

kristinnpall@frettabladid.is

REYKJAVÍK Kolbrún Baldursdóttir lýsti yfir furðu sinni á seinagangi í svörum þegar henni barst loksins svar við fyrirspurn sinni á fundi borgarráðs í vikunni, rúmum þremur árum eftir að hún lagði fyrirspurnina fram. Kolbrún segir þetta leið til að þagga niður viðkvæm mál.

Kolbrún lagði fram fyrirspurn um úthlutun fjármuna til grunnskóla Reykjavíkur á haustdögum 2019 og barst svar á síðasta fundi borgarráðs, þremur árum, tveimur mánuðum og tólf dögum síðar. Eðlilega er beðist afsökunar á því hvað málið tók langan tíma áður en rökstuðningurinn hefst.

Í kjölfarið lýsti Kolbrún yfir óánægju sinni í bókun. „Svarið nú eftir fjögur ár er bæði loðið og í raun útúrsnúningur. Skóla- og frístundasvið hélt utan um skjal með breytingum frá 2018 og óskum skólastjóra um viðbótarfjármagn. Flokkur fólksins óskaði eftir að fá að sjá þetta breytingaskjal skóla- og frístundasviðs og hvaða meðferð óskir skólastjóra fengu, hvaða óskir voru samþykktar og hverjum var hafnað. En það fékkst aldrei." ■

Öndunarfærasýkingar færa sig upp á skaftið í nágrannalöndunum

odduraevar@frettabladid.is

Guðrún Aspelund, sóttvarnalæknir

HEILBRIGÐISMÁL Guðrún Aspelund sóttvarnalæknir segir umgangspestir líkt og inflúensu og RS-veiruna svokallaða skæðar í nágrannalöndunum, líkt og hér heima og vestanhafs í Bandaríkjunum.

Blaðið ræddi í vikunni við yfirlækni á Barnaspítala Hringsins sem sagði álagið mikið vegna pesta. Þá var greint frá því í gær að hið sama væri upp á teningnum í Bandaríkjunum en barnalæknar hafa hvatt Joe Biden Bandaríkjaforseta til að lýsa yfir neyðarástandi vegna útbreiðslu RS-veirunnar.

„Eins og spáð hefur verið stefnir í að þennan fyrsta vetur án sóttvarnaaðgerða vegna Covid-19 leggist árstíðabundnar öndunarfærasýkingar af fullum þunga á landsmenn," segir Guðrún í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um ástand hér á landi og í nágrannalöndum.

Guðrún segir Embætti landlæknis munu gefa út vikulegt yfirlit yfir stöðuna vegna pesta hér á landi. Þar kemur meðal annars fram að inflúensan sé farin af stað í Evrópu almennt, ástandið sé misjafnt eftir löndum. Þá geisar Covid-19 áfram en smitum og dauðsföllum hefur fækkað en innlagnir staðið í stað.

RS-veiran greinist í mörgum löndum og í sumum má sjá aukningu á tilfellum og innlögnum fyrr en venjulega, sérstaklega hjá börnum yngri en fimm ára. „Á Norðurlöndum hefur RS-veiran verið skæð í Danmörku og inflúensa er byrjuð að greinast. Norðmenn voru búnir að spá að þessar veirur myndu skella á með þunga þar einnig," segir Guðrún. ■

Gleðilega aðventu

Þú finnur allt til að gera fallegt fyrir aðventuna í verslun okkar og vefverslun www.gardheimar.is
Úrval af kertum og jólaljósum á afslætti.
Afsláttarkóði: **ADVENTAN**

Lærðu að gera þína eigin skreytingu
- sjá QR kóða með kennslumyndböndum



Opið 10-21
alla daga

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Telur marghliða samvinnu ríkja vera mikilvægasta

Forseti Evrópuráðsþingsins telur mikilvægt að endurhugsa tilgang ráðsins. Innrás Rússa hafi breytt öllu. Telur hann að Rússar verði látnir gjalda fyrir stríðsglæpi.

lovisa@frettabladid.is

Evrópuráðið lýsti Kremlarstjórn sem hryðjuverkastjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

EVRÓPURÁÐIÐ Tiny Kox, forseti Evrópuráðsþingsins, segir mikilvægt að styrkja á ný og endurhugsa tilgang Evrópuráðsins. Ráðið var sett á stofn í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar og stendur nú á ákveðnum tímamótum. Með stofnun ráðsins hafi nýju kerfi verið komið á þar sem ríkin treystu á hvert annað og vernduðu hvert annað. Það kerfi snýst um marghliða samvinnu.

„Í þessu kerfi ætlar enginn að vera sterkari en hinn. Ísland er gott dæmi um land sem virkar vel í þessu fyrirkomulagi. Þið eruð ekki með neinn her en líður samt eins og þið séuð örugg og þið eruð það því restin af heiminum hefur lýst því yfir að þau ætli ekki að ráðast á ykkur," segir Kox og að hingað til hafi það virkað.

Á næsta ári fer fram leiðtogafundur Evrópuráðsins á Íslandi. Um er að ræða fyrsta leiðtogafund ráðsins í nærri 20 ár og segir Kox að þetta kerfi verði eitt af því sem verði á borðinu.

Kox segir að marghliða samvinna ríkja, eins og Evrópuráðið sé byggt á, hafi virkað í nærri 80 ár en að nú hafi Rússar ákveðið að þeim þyki það ekki virka lengur og hafi í kjölfarið ráðist inn í Úkraínu. Því þeir vilji ná sínu fram með öðrum leiðum.

Tiny Kox, forseti Evrópuráðsþingsins

Spurður hvort að hann telji líklegt að hægt verði að sannfæra Rússa aftur um að marghliða samstarf sé betra, segir Kox að hann telji að Rússar viti nú þegar að þeir muni ekki vinna þetta stríð.

Evrópuráðið lýsti því yfir í október í ályktun að ríkisstjórn Rússlands væri hryðjuverkaríkisstjórn. Kox segir þetta hafa verið mikilvægt skref og að þetta muni skipta miklu máli þegar Rússar verða dregnir fyrir dómstól vegna stríðsglæpa sinna í Úkraínu. Sama hvort það verði fyrir sérstakan dómstól eða dómstólinn í Haag. ■

Til sölu hótelrekstur og fasteign

Íslandsbanki kynnir til sölu fasteign og rekstur á 201 Hóteli í Kópavogi.

Um er að ræða sölu á félögunum L1100 ehf. sem á fasteignina að Hlíðarsmára 5-7 og 201 Hótel ehf. sem sér um rekstur hótelsins. Hótelið tók til starfa í lok árs 2017 eftir stórfelldar endurbætur og stækkun á fasteigninni. Hótelið er búið 102 rúmgóðum herbergjum og er fasteignin samtals 3.867 m² að stærð.

Áhugasömum aðilum er bent á að hafa samband við fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka í gegnum netfangið 201hotel@islandsbanki.is



BMW X3 xDRIVE30e

Verð: 10.290.000 kr.

Nýr og endurhannaður BMW X3 Plug-in Hybrid færir þér einstaka og umhverfisvænni akstursánægju sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.

Opið í dag frá 12–16

4 ÁRA ÁBYRGÐ*

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum.
Nánari upplýsingar á www.bmw.is

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Meðalaldur refa lækkar og frjósemi minnkar

Melrakkinn á undir högg að sækja á vestanverðu landinu, en þar hefur meðalævi hans styst til muna. Tilgáta er uppi um að plastmengun í sjó dragi líka úr frjósemi hans.

ser@frettabladid.is

DÝRALÍF Enda þótt refastofninn á Íslandi hafi almennt styrkst frá síðustu niðursveiflu fyrir tæplega fimmtán árum eru merki þess að meðalaldur melrakkans sé að lækka og ófrjósemi að aukast, einkum og sér í lagi um vestanvert landið.

Þetta staðfestir Ester Rut Unnsteinsdóttir líffræðingur sem hefur um árabil kannað viðkomu refastofnsins um allt land, en hún segir hann hafa sveiflast nokkuð á þessari og síðustu öld. Stofninn hafi verið í sögulegu lágmarki fram til 1980 þegar mikill vöxtur hljóp í hann sem varði allt til 2008, en þá hafi sveiflan legið niður á við á ný. Á allra síðustu árum hafi stofninn þó heldur hjarnað við.

Núna séu um níu þúsund tófur í stofninum, mælt að haustlagi, að meðtöldum fjögurra mánaða yrðlingum, en blikur séu þó á lofti. „Við sjáum núna landfræðilegan mun á stofninum. Á austurhluta landsins er hann í jafnvægi, en við greinum fækkun á því vestanverðu, svo sem í friðlöndunum á Hornströndum og utanverðu Snæfellsnesi," segir Ester Rut.

Hún segir athyglisvert að ófrjósemi hafi aukist á því svæði, en

> **Meðalaldur refsins lækkað umtalsvert.**
>
> Ester Rut Unnsteinsdóttir, líffræðingur

samhliða hafi meðalaldur lágfótunnar lækkað. „Það er algengara á seinni árum að refurinn á vesturhluta landsins nái aðeins tveggja til fjögurra ára aldri, en áður náði hann vanalega fjögurra til sex ára aldri að meðaltali," segir Ester Rut, en elstu refir hér á landi hafa orðið allt að níu ára samkvæmt rannsóknum.

Ástþór Skúlason, bóndi á Melanesi á Rauðasandi, sem er þaulvön refaskytta og hefur vitjað grenja um áratugaskeið, telur augljóst að frjósemi tófunnar hafi minnkað á undanförnum árum. „Það leikur ekki nokkur vafi á því," segir hann í samtali við blaðið. „Frjósemin virðist vera á undanhaldi. Og ekki einasta er það reynsla okkar hér vestra að færri læður verði hvolpafullar en áður, heldur eignast þær læður, sem þó verða hvolpafullar, mun færri yrðlinga en fyrrum tíð," segir Ástþór.

Kenningar hafi verið uppi um að þessa auknu ófrjósemi megi rekja til plastmengunar sem stafar af sjókvíaeldi vestra, sem hefur vaxið

Melrakkinn heldur sig við sjávarsíðuna, en hagur hans í friðlöndum á Snæfellsnesi og Hornströndum, svo og almennt á vestanverðu landinu, hefur versnað á undanliðnum árum. MYND/AÐSEND

> **Færri læður verði hvolpafullar en áður.**
>

>
> Ástþór Skúlason, bóndi á Melanesi

til muna á síðustu árum, en hún fari í fugla og þaðan í melrakkann.

Ester Rut kveðst ekki geta staðfest að svo sé, en rannsóknir á þeim þáttum vanti. Enginn vafi er þó í huga Veigu Grétarsdóttur í þeim efnum, en hún reri sem kunnugt er á kajak sínum hringinn í kringum Ísland, rangsælis, fyrst kvenna, sumarið 2019 – og komst þar í mikið návígi við rebba.

Hún kveðst á ferðum sínum hafa mælt þessa mengun. Á gömlum og nýjum fóðurrörum sem notuð eru í kvíunum muni um 100 grömmum á metrann. Í hverju kvíastæði séu allt að fimm kílómetrar af rörum og þaðan fari því minnst 200 kíló af plasti í sjóinn á ári. „Á öllum kvíasvæðunum vestra erum við því að sjá á eftir tveimur til þremur tonnum af plasti í lífríkið á hverju ári," segir Veiga Grétarsdóttir. ■

Einangraður á Íslandi frá ísöld

Íslenski melrakkinn (Vulpes lagopus) er af hánorrænni refategund sem útbreidd er á meginlöndum og eyjum allt umhverfis norðurheimskautið. Rannsóknir á erfðaefni benda til þess að íslenski stofninn hafi verið einangraður hér á landi frá því að ísöld lauk. Helsta orsökin er sú að Ísland liggur tiltölulega langt frá hafísnum sem leggst yfir norðurhvelið að vetrarlagi og skapar greiðar farleiðir fyrir refi. Þótt sýnt hafi verið fram á að íslenski refastofninn sé einangraður nú á tímum er talið líklegt að hingað hafi borist stöku dýr með hafís frá Grænlandi á kuldaskeiðum fyrri alda. Nú eru um níu þúsund refir í stofninum hér á landi.

Heimild: Náttúrufræðingurinn

VIÐ KYNNUM ORKUSKIPTALÍKAN ORKUSTOFNUNAR – SPÁ Í KVIKUM HEIMI

ER PLÁSS FYRIR EINN BENSÍNBÍL Í VIÐBÓT?

DAGSKRÁ

- Niðurstöður COP27 og stóra myndin
- Nýtt orkuskiptalíkan – spá í kvikum heimi
- Er pláss fyrir einn bensínbíl í viðbót? Markmið Íslands fyrir 2030 og 2040
- Samantekt og lokaorð

Að loknum fundi verður boðið upp á kaffiveitingar.

Kynningin fer fram í fyrirlestrasal Grósku **þriðjudaginn 29. nóvember kl. 14:00**. Á fundinum verður nýtt orkuskiptalíkan kynnt til sögunnar og farið yfir niðurstöður greiningar.

Frummælendur verða þau **Halla Hrund Logadóttir** orkumálastjóri, **Jón Ásgeir Haukdal Þorvaldsson** verkefnastjóri og **Sigurður Ingi Friðleifsson** sviðsstjóri loftslagsmála, orkuskipta og nýsköpunar.

ORKUSTOFNUN
National Energy Authority

Kringlan

Þitt uppáhalds

AUGNABLIK Á AÐVENTUNNI

Emil og Ída, barnakór og jólasveinar skemmta. Um leið hefst pakkasöfnun til styrktar Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands.

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

TAX FREE

Tax Free tilboð jafngildir 19,35% afslætti

Seríur og jólaskraut

Skreytingarefni • Jólastyttur • Servíettur • Jólaskraut
Kerti • Jólaljós • Jólaseríur • Jólapappír • Gervijólatré
og margt fleira

33%

Aðventuljós
7 ljósa, hvítt, rautt eða svart. 14500401-3
1.990kr
~~2.990kr~~

Opið sunnudag um land allt
Sjá nánar á husa.is

Jólasveinar skemmta
kl. 14 í dag í Skútuvogi og gefa börnunum jólaepli

26%

Jólastjarna
Fersk og falleg.
10327510
1.990kr
~~2.690kr~~

Aðventuhelgin

Mikilvægt að gleyma sér ekki á hamstrahjólinu

Anna Sigríður Jökulsdóttir segir að landsmönnum líði ekki verr en venjulega þetta haustið. Sveiflur í kvíða og þunglyndi séu litlar. Hún hvetur fólk til að taka frá tíma fyrir sjálft sig og gleyma sér ekki á hamstrahjólinu.

odduraevar@frettabladid.is

HEILSA Anna Sigríður Jökulsdóttir, sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni (KMS), segist ekki greina sveiflur þetta dimma snjólausa haust þegar kemur að andlegri heilsu.

„Við sjáum aðallega að það er kúfur á haustin og svo á miðju ári. Það gerist bara aftur og aftur, enda eru þeir sem koma til okkar á KMS kannski sá hópur sem grunar að hann sé með einhvern kvíða, röskun eða þunglyndi, þannig að sveiflurnar frá ári til árs eru ekki miklar."

Anna segir andlega heilsu vera svo gríðarlega persónubundna. Sumt hafi neikvæð áhrif á suma en jákvæð á aðra. „Þetta Covid-tímabil til dæmis var kannski þægilegt fyrir suma á meðan fyrir aðra var það olía á einhvern eld. Þeim sem er með sýklafóbíu leið til dæmis mun verr í faraldrinum á meðan sumir kannski nutu þess að vinna heima."

Alltaf séu einhver viðfangsefni sem lífið hefur í för með sér og hafi áhrif á andlega heilsu. „Núna eru til dæmis að koma jól og þá eru margir kvíðnir yfir fjárhag eða í fjárhagsvandræðum og halda þá jafnvel að sér höndum varðandi eigin heilsu. Geyma sálfræðitímann kannski fram í febrúar."

> **Ef ég get aldrei tekið hálftíma eða klukkutíma í að gera eitthvað sem er bara fyrir mig, þá er það eitthvað skakkt.**

Anna Sigríður Jökulsdóttir, sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni

Anna segir eðlilegt að slíkt hafi áhrif á andlega heilsu. „Og þá er mikilvægt að þegar það koma upp flækjur, eða nýjar áskoranir, að fara ekki að grufla um það eins og við köllum það. Að velkjast ekki hring eftir hringt í hugsunum um hvað þetta er hræðilegt, hvernig þetta verði og hvenær þetta verði búið. Þetta eru spurningar sem í raun eiga sér engin svör."

Anna segir um að ræða viðleitni heilans til að finna lausnir og eðlilegt að detta í þær hugsanir. „En þetta er ekki góð aðferð og það er mikilvægara að spyrja sig hvort það sé hægt að gera eitthvað í málunum, á ég að gera eitthvað eða þarf þetta kannski bara að koma í ljós?"

Þá sé gríðarlega mikilvægt að taka frá tíma fyrir sjálfan sig. „Þannig að við séum ekki alltaf bara að sinna skyldum okkar, heldur séum við að velja stundum fyrir mig: Hvað ætla ég að setja orku í núna? Hvað gerir mér gott og er mikilvægt fyrir mig?" segir Anna.

„Annars endum við eins og hamstur í hjóli og maður verður eiginlega að stýra út úr hjólinu og spá í: Nú ætla ég ekki að vera að spá í hvað samfélaginu finnst að ég ætti að vera að gera eða vinum mínum eða fjölskyldunni. Ég ætla að reyna að finna út hvað væri næs fyrir mig núna. Það eru 24 tímar í sólarhring. Ef ég get aldrei tekið hálftíma eða klukkutíma í að gera eitthvað sem er bara fyrir mig, þá er það eitthvað skakkt og maður þarf að endurskoða þetta." ■

Ábyrg uppbygging í takt við fjöldann

Morgunfundur Isavia um farþegaspá, uppbyggingu og nýja stefnu

Við efnum til morgunfundar þann 1. desember í Norðurljósum í Hörpu. Á fundinum verður farið yfir farþegaspá Keflavíkurflugvallar fyrir árið 2023 sem og uppbyggingu og framkvæmdir sem framundan eru á flugvellinum. Við förum yfir stefnu Isavia og kynnum áherslur okkar í sjálfbærni.

Salurinn verður opnaður kl. 8.30 og boðið verður upp á kaffi og létta morgunhressingu. Fundurinn stendur frá kl. 9-10 og verður streymt á vef Isavia.

Skráning á fundinn og nánari upplýsingar má finna á **isavia.is**.

isavia

Velkomin á BÓKAMESSU í Hörpu um helgina

26. OG 27. NÓVEMBER

Ástin
LAUGARDAGINN 26. NÓVEMBER KL. 13

Dagný Kristjánsdóttir stýrir samtali við þrjá höfunda um ástarsögur.

Þátttakendur:
Guðni Elísson · *Brimhólar*
Ragna Sigurðardóttir · *Þetta rauða, það er ástin*
Silja Aðalsteinsdóttir, þýðandi bókar Jane Austen · *Aðgát og örlyndi*

Glæpurinn
LAUGARDAGINN 26. NÓVEMBER KL. 15

Yrsa Sigurðardóttir ræðir við Ragnar Jónasson og Katrínu Jakobsdóttur um *Reykjavík – glæpasögu.*

Smásagan
SUNNUDAGINN 27. NÓVEMBER KL. 13

Björn Halldórsson stýrir pallborðsumræðum helguðum nýútgefnum smásögum.

Þátttakendur:
María Elísabet Bragadóttir · *Sápufuglinn*
Örvar Smárason · *Svefngríman*
Guðjón Baldursson · *Og svo kom vorið*
Kristín Guðrún Jónsdóttir, þýðandi bókar Guadalupe Nettel · *Hjónaband rauðu fiskanna*
og ritstjóri sýnisbókarinnar · *Með flugur í höfðinu*

Íslenskan
SUNNUDAGINN 27. NÓVEMBER KL. 15

Sunna Dís Másdóttir stýrir pallborðsumræðum um erlend skáld á íslenskum ritvelli.

Þátttakendur:
Natasha S. · *Máltaka á stríðstímum*
Jakub Stachowiak · *Úti bíður skáldleg veröld*
Ewa Marcinek · *Ísland pólerað*

Opið frá kl. 11 – 17 laugardag og sunnudag

Aðgangur ókeypis

Höfundar spjalla við lesendur og árita bækur

BARNA-BÓKASMAKK - hlaðborð nýrra bóka fyrir börn til að sökkva sér niður í

Bókatíðindi eru á netinu á bokatidindi.is og prentuðu útgáfuna má nálgast á Bókamessunni

Gerið góð kaup

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Farage hótar endurkomu sem gæti gert út af við Íhaldsflokkinn

kristinnhaukur@frettabladid.is

BRETLAND Hægri popúlistinn Nigel Farage hótar nú endurkomu í bresk stjórnmál og að hann muni gera út af við Íhaldsflokkinn. Helsta ástæðan fyrir þessu eru áætlanir bresku ríkisstjórnarinnar að reyna að gera samning við Evrópusambandið um „svissneskt samkomulag“.

Farage, sem áður leiddi flokkana UKIP og Brexit-flokkinn, telur að slíkir samningar væru svik við þá sem kusu með útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu árið 2016. Eftir að fréttir um þessar áætlanir birtust lét Farage í sér heyra á samfélagsmiðlum, kallaði Rishi Sunak forsætisráðherra „Goldman Sachs glóbalista“ og að það yrði að „kremja Íhaldsflokkinn fyrir þessi svik“.

Bresk stjórnvöld sjá fram á langa efnahagskreppu, vegna orkukreppunnar, afleiðinga faraldursins og ekki síst vandamála tengdum útgöngunni úr Evrópusambandinu. Er ríkur vilji innan stjórnarinnar til þess að milda það högg og komast betur inn á samevrópska markaði.

> **Verkamannaflokkurinn hefur 25 prósenta forskot á Íhaldsflokkinn í könnunum.**

Ólíklegt er hins vegar að Evrópusambandið myndi samþykkja „svissneska leið“ fyrir Bretland. Sambandið er nú þegar óánægt með fyrirkomulagið og telur Sviss fá of mikinn aðgang að innri markaðinum án þess að greiða nógu mikið fyrir það. Hefur Evrópusambandið nýlega hótað Svisslendingum undir rós að samningunum yrði slitið.

Íhaldsmenn hafa miklar áhyggjur af hugsanlegri endurkomu Farage, en hann myndi án nokkurs vafa taka stóran hluta kjósenda flokksins til sín í næstu kosningum, árið 2024. Kannanir hafa sjaldan litið jafn illa út fyrir Íhaldsflokkinn því Verkamannaflokkurinn leiðir með um það bil 25 prósenta mun.

Vegna einmenningskosningakerfisins í Bretlandi gæti farið svo að nýr flokkur Farage myndi kljúfa hægra fylgið það mikið að Íhaldsflokkurinn myndi jafnvel ekki ná 100 þingsætum. Farage væri hins vegar ekki sá sem myndi græða á klofningnum, heldur Verkamannaflokkurinn. ■

Kirill Voronin og fjölskylda hans búa nú í Tíblísí í Georgíu. MYND/AÐSEND

Grínistarnir flýja kúgun í Rússlandi

Grínistinn Kirill Voronin býr með fjölskyldu sinni í Tíblísi, höfuðborg Georgíu. Þau eru meðal 700 þúsund rússneskra ríkisborgara sem hafa flúið í kjölfar stríðsins í Úkraínu.

helgisteinar@frettabladid.is

RÚSSLAND Rússneskir grínistar eru meðal þeirra sem flýja nú land vegna innrásarinnar í Úkraínu. Þeir sem Fréttablaðið ræddi við vilja ekki snúa aftur vegna kúgunar.

Þann 24. febrúar var Kirill Voronin vakinn um miðja nótt á meðan hann svaf í rúmi sínu með konu sinni og eins árs dóttur þeirra. Úkraínskur vinur hans, sem bjó við landamæri Rússlands, hafði hringt í hann og sagt að flugvöllurinn í bænum hans hefði orðið fyrir sprengjuárás. Kirill segir þá báða hafa verið fljóta að átta sig á því hvað hafði gerst.

Ljóst var orðið í augum margra Rússa og Úkraínumanna að átök myndu brjótast út. Ríkisstjórnir beggja landa höfðu undirritað vopnahlé árið 2015 sem batt enda á stórfelld átök í austurhluta Úkraínu eftir fyrstu innrás Rússa. Smávægilegir skotbardagar héldu engu að síður áfram. Rússar voru með yfir hundrað þúsund hermenn við landamæri Úkraínu.

Kirill hafði áður starfað sem uppistandari í Moskvu. Í nokkur ár höfðu margir listamenn upplifað kúgun og ritskoðun frá stjórnvöldum.

„Við byrjuðum strax að undirbúa brottflutning. Við sóttum samdægurs um vegabréf fyrir dóttur okkar og það tók um mánuð að fá það í hendurnar. Í lok mars vorum við öll komin um borð í flugvél á leið frá landinu,“ segir Kirill.

Að sögn Kirill er fjölskyldan mjög ánægð í Georgíu og hyggst búa þar til frambúðar. Hann er byrjaður að læra georgísku og segir að heimamenn séu mjög hlýir og móttækilegir ef þeim er sýnd virðing. Uppistandsferill Kirill hefur einnig blómstrað á ný. Hann segist skemmta fyrir bæði heimamenn á ensku og líka á rússnesku fyrir þann gríðarlega fjölda af Rússum sem hafa flúið þangað með honum.

Denis Smirnov er annar rússneskur grínisti. Hann flúði til Istanbúl. Hann hafði unnið í rússnesku sjónvarpi í mörg ár og segir að þættir hans hafi verið mjög ritskoðaðir.

Denis og kona hans höfðu íhugað að flytja til Tyrklands og voru þau lent þar fyrir tilviljun tveimur dögum fyrir stríð. Denis segir þau ekki á leið heim og að á þeim fimm mánuðum sem hann hafi búið í Istanbúl hafi hann fengið meiri aðstoð en á sínum 30 árum í Rússlandi.

Grínistinn Oleg Denisov hefur einnig kvatt Rússland. Oleg, sem býr í Þýskalandi, tók þátt í Reykjavik Fringe hátíðinni 2021. Hann segir langflesta vini sína frá Moskvu hafa flúið. Þeir sem fóru snemma séu gjarnan friðarsinnar eða hafi óttast ofsóknir.

Oleg segir að herkvaðningin hafi þrýst enn meira á fólksflótta frá Rússlandi. Það sé meginástæða þess að hann og margir samlandar hans hafi ekki snúið aftur heim. ■

Ljósin á Hamborgartrénu tendruð

Upplifðu jólastemninguna með tónlist, súpu og jólasveinum **laugardaginn 26. nóvember kl. 17:00** á Miðbakka Reykjavíkurhafnar

Íslenskir sjómenn sem komu í höfn í Hamborg eftir seinna stríð elduðu fiskisúpu handa svöngu fólki meðan landað var úr togaranum þeirra. Sem þakklætisvott komu hafnaryfirvöld í Hamborg á þeirri hefð árið 1965 að senda jólatré til Reykjavíkurhafnar sem stendur við höfnina yfir hátíðarnar.

Ekki er lengur siglt með grenitréð frá Þýskalandi vegna umhverfissjónarmiða, og hafa Faxaflóahafnir þess vegna keypt tré hjá Skógræktinni í seinni tíð.

- Formaður stjórnar Faxaflóahafna heldur ræðu
- Dr. Sverrir Schopka segir sögu Hamborgartrésins
- Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur jólalög við jólatréð
- Rebekka Guðmundsdóttir frá Brim tendrar ljósin á Hamborgartrénu
- Brim býður gestum á Miðbakka að þiggja fiskisúpu í sýningarsal Hafnartorgs á Geirsgötu 2–4
- Jólasveinar skemmta gestum

Faxaflóahafnir
Associated Icelandic Ports

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

BRIM

BLACK FRIDAY

www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN

30% AFSLÁTTUR

HELGA
3ja sæta sófi með fallegu Natur áklæði. 218 x 97 x 81 cm.
181.993 kr. ~~259.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

LIAM
Tungusófi, hægra horn með gráu áklæði. 267 x 160 x 93 cm.
359.993 kr. ~~479.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

DC 3600
Klassískur og fallegur 3ja sæta sófi. Þykkt savoy/split leður. áklæði. 202 x 80 x 80 cm.
209.993 kr. ~~299.990 kr.~~

35% AFSLÁTTUR

HORSENS
Rafdrifinn hægindastóll. Svart eða grátt leður.
175.435 kr. ~~269.900 kr.~~

35% AFSLÁTTUR

CANNES
Hægindastóll og skammel. PVC áklæði. Ýmsir litir
129.994 kr. ~~199.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

BRISTOL
Hægindastóll. Svart leður.
119.993 kr. ~~159.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

KARE BRISTOL
Hægindastóll. Ýmsir litir.
79.992 kr. ~~99.990 kr.~~

40% AFSLÁTTUR

CHRISTO
Borðstofuborð. Hvítolíuborin eik. Ø120 cm.
83.994 kr. ~~139.990 kr.~~

40% AFSLÁTTUR

RICHMOND
Borðstofuborð. Olíuborinn eikarspónn á borðplötu með fiskibeinamynstri. Ø120 x 75 cm.
59.994 kr. ~~99.990 kr.~~

35% AFSLÁTTUR

CONNECT
Borðstofuborð með stækkunum. Eik. 200 x 100 x 74,8 cm.
188.494 kr. ~~289.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

NAXOS
Borðstofuborð. Svartur eða hvítur marmari. Ø130 x 75 cm.
239.993kr. ~~299.990 kr.~~

Reykjavík
Bildshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

20-60%
AF ÖLLUM VÖRUM*

30% AFSLÁTTUR

FLORIDA
Hornsófi í svörtu leðri.
Hægra eða vinstra horn.
260 x 218 x 91 cm.
349.993 kr. ~~499.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

PINTO
U-sófi með hægri eða vinstri tungu. 349 x 206 x 85 cm.
293.993 kr. ~~419.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

BARON
Hornsófi. Blátt áklæði. Hægra eða vinstra horn.
248 x 203 x 78 cm.
342.993 kr. ~~489.990 kr.~~

40% AFSLÁTTUR

RIVERDALE ELIN
Borðstofustóll. Svartur eða cognac.
17.994 kr. ~~29.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

MICHELLE
Borðstofustóll. PU-leður (gervileður)
18.193 kr. ~~25.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

ALEXA
Borðstofustóll, svart leður.
24.493 kr. ~~34.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

YORK
Borðstofustóll. Grátt áklæði.
20.243 kr. ~~26.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

CORE
Skápur úr gleri og svörtum málmi.
90 x 40,3 x 190 cm. Ósamsettur.
103.992 kr. ~~129.990 kr.~~

42% AFSLÁTTUR

ALINA
Borðstofuskenkur. Spónlögð reyklituð eik. 160 x 45 x 72 cm.
98.594 kr. ~~169.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

TURTLE
Hægindastóll og skammel.
Fantasy svart leður.
319.350 kr. ~~425.800 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

GLOBE
Hægindastóll og skammel.
257.235 kr. ~~342.980 kr.~~

* Gildir ekki af Skovby, littala, Bitz né sérpöntunum.

HÚSGAGNA HÖLLIN

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall@frettabladid.is

Samuel Bankman-Fried var um tíma andlit rafmynta og meðal ríkustu manna heims áður en fór að fjara undan viðskiptaveldinu og það hrundi hratt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Heimur rafmynta er oft grjótharður

Á nokkrum dögum fór rafmyntakauphöllin FTX úr því að vera verðmetin á tugi milljarða dala í gjaldþrot. Hugmyndin á bak við rafmyntir á að vera aukið gagnsæi fyrir notendur, en eigandi FTX, sem er um leið eitt af andlitum rafmynta, virðist hafa sótt í sjóði fyrirtækisins fyrir eigin hagsmuni.

„Einfaldasta leiðin til að útskýra hvað fór úrskeiðis er að stofnandinn virðist hafa tekið innistæður fólks sem hann á ekkert eignarhald yfir og notað í eitthvað annað, sem hann á ekki að gera. Hann virðist hafa lánað peningana til fjárfestingafélags sem er stýrt af kærustu hans, sem tapar peningunum í fjárfestingum. Þetta virðist vera svona kjarni þess hvað fór úrskeiðis og klassískt dæmi um hrun fjármálafyrirtækis og ekki eitthvað sem einskorðast við rafmyntir," segir Gunnlaugur Jónsson, framkvæmdastjóri Fjártækniklasans, þegar hann var beðinn um að útskýra fall rafmyntakauphallarinnar FTX á stuttan máta.

Á dögunum óskaði Samuel Bankman-Fried, stofnandi FTX, eftir greiðslustöðvun, eftir að viðræður við Binance, aðra rafmyntakauphöll, um yfirtöku á FTX, sigldu í strand. Með því varð ljóst að FTX væri verðlaust, en nokkrum dögum áður var fyrirtækið verðmetið á tugi milljarða dala.

„Ég hef aldrei séð jafn misheppnaða tilraun í stjórnarháttum innan fyrirtækis og það virðist enginn hafa haft yfirsýn yfir fjármál þess," kom fram í yfirlýsingu frá John J. Ray, skiptastjóra þrotabús FTX, sem sagði ástand fyrirtækisins mun verra en þegar hann tók þrotabú orkurisans Enron í gjaldþrotaskipti fyrir tuttugu árum síðan.

Á að auka gagnsæi

Nokkrum dögum eftir að fyrirtækið óskaði eftir greiðslustöðvun heyrðust sögur af því að Bankman-Fried, sem er aðeins þrítugur og var meðal ríkustu manna heims um tíma fyrr á þessu ári, hefði tekist að koma undan peningum frá notendum FTX áður en hann lýsti fyrirtækið gjaldþrota. Samkvæmt heimildum Reuters nýtti FTX fjármunina til að greiða fyrir 19 íbúðir á Bahamaeyjum og borgaði 121 milljón dala fyrir það, eða um 17,3 milljarða íslenskra króna.

> Þetta er ekki í fyrsta sinn sem eitthvert áfall verður, en alltaf lærir rafmyntaheimurinn og heldur áfram.
>
> Gunnlaugur Jónsson, framkvæmdastjóri Fjártækniklasans

„Hugmyndin um bálkakeðjutækni (e. Blockchain) á að bjóða upp á aukið gagnsæi um hvar peningur notenda liggur, þannig að möguleikinn á stuldi á ekki að vera til staðar. Innistæður sumra kauphallanna eru hins vegar ekki þannig. Þær liggja á peningum notendanna og geta dregið fé til sín og notað það í hluti sem þau eiga ekki að vera að nota þá í," segir Gunnlaugur og segir ákveðna kaldhæðni í því.

„Það er ákveðin kaldhæðni í því að fyrirtæki sem er í bálkakeðjutækni skuli hafa farið svona, því ef tæknin er notuð á réttan hátt er hægt að skapa gagnsæi sem gerir þetta ómögulegt."

Rafmyntamarkaðurinn harður

Til að setja hlutina í samhengi var fyrirtækið stofnað árið 2019 og í ársbyrjun 2021 gerði FTX 135 milljón dala samning um nafnaréttinn á heimavelli Miami Heat í NBA-deildinni í körfubolta í Bandaríkjunum. Þá var fyrirtækið með um 150 sekúndna auglýsingu í SuperBowl fyrr á þessu ári, en auglýsingaplássið eitt og sér kostaði 35 milljónir dala, um fimm milljarða íslenskra króna. Það má því segja að fyrirtækið hafi skotist fram á sjónarsviðið með látum, en um leið sé fallið afar hart.

„Sviptingar hafa verið miklar á rafmyntamörkuðum, enda eru þeir harðir, menn komast síður upp með vitleysu. Ég man eftir því þegar Mt. Gox var hökkuð og menn drógu sinn lærdóm af því. Það hafa átt sér stað miklar framfarir í öryggismálum á árunum sjö sem hafa liðið, og ég held að lærdómurinn sem menn taki úr þessu sé að auka gagnsæi. Að eigandi fjármunanna sjái betur hvar þeir liggi, því bálkakeðjan býður upp á það," segir Gunnlaugur og nefnir annað sambærilegt dæmi úr hefðbundnu bankakerfi.

„Wirecard hneykslið árið 2020 er annað en svipað dæmi. Fjártæknifyrirtæki í gamla heiminum sem falsaði reikninga og þóttist eiga pening sem þeir áttu ekki. Þeir voru með endurskoðanda frá einu af stærstu endurskoðunarfyrirtækjum heims, sem var grunlaus þangað til fjölmiðlar fóru að fjalla um málið og hann fór í að framkvæma sjálfstæða athugun hjá banka í Filippseyjum. Fram að því fékk hann bankayfirlit sent frá Wirecard, sem fullyrti að það væru innistæður upp á tvo milljarða evra í Filippseyjum, en bankinn kannaðist ekkert við þetta fyrirtæki. Wirecard var orðið stórt fyrirtæki í Þýskalandi og orðrómur kominn um að þau myndu taka yfir stærstu bankana, en þá var þetta einfaldlega svindl. Þetta hefði verið auðveldara að sannreyna ef peningarnir hefðu verið á bálkakeðjum, þannig að bálkakeðjutæknin hefur burði til að minnka líkur á svindli."

Rafmyntaheimurinn lærir

Gunnlaugur segir fall FTX dæmi um hinn harða heim rafmynta, þar sem sannleikurinn hefur tilhneigingu til að koma fram og neyða menn til umbóta.

„Það er margt búið að breytast. Áður fyrr var rafmynt iðulega tengd við peningaþvott, en nýleg könnun sýnir að það sé aðeins brotabrot af notkun rafmyntarinnar í dag. Menn læra og gera hlutina betur, þó að þetta sé grjótharður og miskunnarlaus heimur. Einföld mistök geta farið illa með menn og það er hörð svipa á fólk að bæta sig og gera betur," segir Gunnlaugur, sem segir að það sé von á lagaramma utan um slíka starfsemi.

„Yfirvöld í Evrópu hafa verið að vinna að lagaramma utan um þennan rafmyntaheim af hálfu Evrópusambandsins, sem Ísland mun eflaust taka upp. Það heitir MICA (e. Markets in Crypto-Assets (MiCA) Regulation) og nær til rafmynta og býr til regluverk sem eiga að tryggja öryggi á bak við innistæðurnar. Einhverjir segja að það sé óþarfi því að fólk geti lært af reynslunni og neytendur og fjármagnseigendur eigi að geta sýnt fulla ábyrgð sjálfir með því að sannreyna hlutina."

> Það er ákveðin kaldhæðni í því að fyrirtæki sem er í bálkakeðjutækni skuli hafa farið svona, því ef tæknin er notuð á réttan hátt er hægt að skapa gagnsæi sem gerir þetta ómögulegt.

Gunnlaugur Jónsson, framkvæmdastjóri Fjártækniklasans

Aðspurður hvort að þetta dragi úr trúverðugleika rafmynta segist Gunnlaugur ekki vera viss.

„Þetta getur dregið úr trúverðugleika rafmynta hjá þeim sem vita ekki hvernig þær virka. Þær eru tækni sem er miklu stærri og merkilegri en einstakir leikendur. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem eitthvert áfall verður, en alltaf lærir rafmyntaheimurinn og heldur áfram. Þessi maður, Bankman-Fried, hefur kannski verið andlit rafmynta í einhvers huga og fólk vill gjarnan tengja andlit við ákveðinn málstað. Á sama tíma er ljóst að svindlið hans heppnaðist með því að sleppa því að beita bálkakeðju. Grunnur þess að koma í veg fyrir að þetta komi upp aftur er að nota bálkakeðjur til að skapa gagnsæi og traust." ■

Grein þesssi var birt í staðrænni útgáfu Fréttablaðsins í gær en ekki í prentútgáfunni. Úr því er bætt hér.

LEIKURINN OKKAR

Íþróttaeldhugi ársins 2022

Taktu þátt í að tilnefna Íþróttaeldhuga ársins

Um allt land leggja þúsundir sjálfboðaliða á sig ómælda vinnu, allt árið um kring til að halda starfi íþróttafélaga, íþróttahéraða og sérsambanda gangandi. Þetta eru hinir einu sönnu íþróttaeldhugar.

Í fyrsta sinn stendur til að heiðra einstakling sem verið hefur eldhugi, samhliða vali á íþróttamanni ársins. Nefnast verðlaunin Íþróttaeldhugi ársins. Tilgangurinn er að vekja athygli á þeim einstaklingum sem gefið hafa tíma sinn til að efla íþróttastarfið og halda því gangandi.

Tekið verður á móti tilnefningum frá almenningi til 5. desember, en lokaákvörðun er í höndum sérstakrar valnefndar sem skipuð verður íþróttafólki.

Skilyrði er að viðkomandi hafi unnið eftirtektarvert sjálfboðastarf innan íþróttahreyfingarinnar og sé ekki launaður starfsmaður félags.

Hvern tilnefnir þú?

Þekkir þú ósérhlífinn einstakling sem með áhuga og elju hefur gefið mikið af tíma sínum til íþróttastarfsins og verið öðrum innblástur og hvatning?

lotto.is/ithrottaeldhugi

Leit Þórólfs að réttlætinu

Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Ný mynd frá gömlum tíma spyr nýrra spurninga um hvort leigubíll hafi oltið niður Óshlíðina, að mati bróður nítján ára manns sem lést. Bróðirinn biðlar til Vestfirðinga að senda sér upplýsingar, en tíminn vinnur gegn honum því næstum hálf öld er liðin.

Þórólfur segist ekki eiga annarra kosta völ en gera allt hvað hann geti til að framlengja rannsókn á dauða bróður síns. Of mörgum spurningum sé ósvarað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Leitin að réttlætinu keyrir mig áfram, hvað annað? Það liggur við að ég skilji ekki spurninguna," segir Þórólfur Hilbert Jóhannesson, bróðir mannsins sem lést 23. september árið 1973 í Óshlíð á Vestfjörðum.

Um sögu Kristins Hauks Jóhannessonar, sem var aðeins nítján ára er hann lést, hefur verið fjallað í fjölmiðlum. Það vakti þjóðarathygli þegar yfirvöld létu grafa upp líkamsleifar hans síðastliðið sumar eftir að ættingjar mannsins höfðu farið fram á endurupptöku lögreglurannsóknar á dauða hans.

Hittust aldrei en nú sínálægur

Þórólfur kynntist aldrei hálfbróður sínum í lifanda lífi, en síðustu misseri hefur Kristinn átt hug hans og hjarta. Þórólfur hefur tekið að sér það hlutverk að vera umboðsmaður látins bróður síns. Í þeirri von að finna púsl sem leysi ráðgátu.

Við sitjum saman á kaffihúsi á fremur gráum morgni og Þórólfur er með poka meðferðis, fullan af gögnum. Í pokanum eru skýrslur, myndir, ýmsir vitnisburðir.

Í samtali okkar kemur á daginn að Þórólfur var kominn á þrítugsaldur þegar hann fékk að vita að hann hefði átt eldri bróður. Kristinn hafði verið gefinn, eins og Þórólfur orðar það, árið 1955. Það var feimnismál sem ekki var haldið á lofti í fjölskyldunni. Hann hafði verið ættleiddur á bæ á Vestfjörðum.

Lok, lok og læs

Þegar Þórólfur fregnaði af hörmulega skammri tilvist bróður síns fékk hann strax mikinn áhuga á sögu hans. En þegar hann fór að spyrjast fyrir upplifði hann að mestu lok-lok-og-læs eins og hann orðar það. Það kunni að skýrast af örlögum Kristins, en hann segir að sér líði alltaf eins og sitthvað sé ósagt og óupplýst.

Í janúar í fyrra urðu hvörf í lífi Þórólfs þegar Vestfirðingur nokkur tjáði honum í símtali að hann væri viss um að Kristján, eða Kiddi eins og hann var kallaður, hefði verið drepinn.

„Það var í fyrsta skipti sem ég heyrði að mögulega hefði bróður mínum verið ráðinn bani."

Þórólfur byrjaði að hringja út og reyndi að hafa uppi á fólki í gegnum samfélagsmiðla.

„Ég átti eina mynd af honum og birti hana. Upp úr því fór boltinn að rúlla.

Þórólfur segist hafa komist að því að Kristinn hafði orðið fólki minnisstæður. Kannski eins og fiðrildi sem flaug frá einu blómi til annars. Þórólfur sýnir blaðamanni gögn þar sem fram kemur að síðustu tvö árin sem Kristinn lifði starfaði hann hjá tólf fyrirtækjum. Virðist hafa snertilent hér og þar og lifað hratt.

Ég spyr Þórólf hvort Kristinn hafi drukkið mikið. Hann svarar að bróðir hans hafi verið sjóari og skemmt sér allar helgar, sem hafi verið rútína hjá mörgum í þá daga. Kristinn hafi verið mjög fjörugur og hefði eflaust fengið ýmsar greiningar í dag. Lífshlaupið varð aldrei neinn dans á rósum þann skamma tíma sem það stóð yfir.

Mörgum spurningum ósvarað

Margt er á huldu um nóttina örlagaríku þegar Kiddi lést. Ég spyr Þórólf hvort hann sé með einhverja kenningu um ástæðu glæpsins ef hann hafi verið framinn, en hann vill ekki ræða slíkt upphátt.

Þórólfur telur ólíklegt að bíll sem hefði farið margar veltur niður snarbratta Óshlíðina líkt og ökumaður heldur fram – liti ekki verr út. Heilar rúður og óbrotinn hliðarspegill. MYND/AÐSEND

Það sem helst kveikti grunsemdir Þórólfs er frásögn leigubílstjórans sem ók Kristni í hans hinstu för. Þar eru nokkuð mörg atriði, að sögn Þórólfs, sem standast enga skoðun.

Í stuttu máli er kenning Þórólfs sú að bíllinn hafi aldrei oltið niður hlíðina, þótt leigubílstjórinn hafi haldið því fram. Hann vísar í lögregluskýrslu frá 1973 þar sem segir frá hjólförum niður hlíðina. Fleiri mótsagnir virðist vera fyrir hendi.

Þegar kjörforeldrar Kristins reyndu að fá dánarbætur fyrir son sinn með því að höfða mál skömmu eftir andlát hans, var málið tekið fyrir í dómsal. Þá var bílstjórinn spurður ýmissa spurninga. Þykja Þórólfi sum svörin athyglisverð.

Bílstjórinn var meðal annars beðinn að skýra hvað hefði valdið slysinu og svaraði hann að vinstra afturhjól hefði læst. Að svartar rákir og gúmmítægjur hafi fundist á veginum, rímar illa við þann ökuhraða sem bílstjórinn segist hafa verið á, að mati Þórólfs.

„Það gerist ekki á malarvegi í sex gráðu hita að nóttu til að þú bremsir og það skapist skurður og sjáist gúmmítægjur úti um allan veg."

Hringdu ekki strax

Hvorki leigubílstjórinn né hinn farþeginn slasaðist, hvorugt þeirra var í bílbelti. Í gögnum frá 1973 kemur fram að leigubílstjórinn gekk ásamt ungu konunni drjúga leið innan þorpsins áður en hringt var í lögreglu. Hann lét þess ógetið að bróður Þórólfs væri saknað.

„Af hverju ganga þau fram hjá mörgum húsum í Hnífsdal og inn í Stekkjargötu, sem er nánast fjærst Óshlíðinni, til að hringja og biðja síðan ekki um hjálp? Af hverju fara þau ekki í fyrsta hús? Af hverju láta þau ekki vita að eins sé saknað? Hvað er það?" spyr Þórólfur.

> Ég átti eina mynd af honum og birti hana. Upp úr því fór boltinn að rúlla

Þá er ekki allt talið sem vakið hefur spurningar Þórólfs. Eitt af því sem hann bendir á er að erfitt sé að ímynda sér að bílstjórinn og unga konan hafi komist upp snarbratta hlíðina frá bílflakinu til að leita sér hjálpar. Slíkur sé brattinn og aðstæður allar.

Ný mynd breyti sögunni?

Kannski er það þó heillegt ástand bílsins sem helst vekur spurningar Þórólfs. Af litmynd að ráða sem Þórólfur hafði uppi á nú í október og birtist hér í Fréttablaðinu í fyrsta skipti, má sjá að rúður bílstjóramegin eru heilar, spegill á hurð er óbrotinn, ljóskastari heill, skottlokið alveg heilt og húddið mjög heillegt og toppurinn bílstjóramegin heill.

„Ég held að þessi bíll hafi aldrei oltið," segir Þórólfur og horfir þungum augum framan í blaðamann.

„En það má halda því fram að hann hafi oltið á hægri hliðina, en ekki oltið heilan hring. Það kemur fram í skýrslum 1973 að bíllinn velti úr kyrrstöðu ofan af vegi, fyrst á bílstjórahliðina. Það kemur fram að bíllinn kastist út í vegkantinn, staðnæmist þar um stund, en við það að farþegarnir kastist yfir í bílstjórahliðina fari bíllinn að velta hægt yfir á þá hlið. Getur þetta staðist?"

Í skýrslum 1973 kom fram að leigubílstjórinn lýsir veltunum niður hlíðina í smáatriðum, en unga konan segist hafa rotast eftir fyrstu veltu. Bílstjórinn segist ekki hafa rotast.

Óskar upplýsinga frá fólki

„Tilgangur þess að ég segi þessa sögu í fjölmiðlum er að ég þarf að fá umfjöllun til að fá meiri upplýsingar frá vitnum, ég bið þá sem vita eitthvað að senda mér fréttaskot," segir Þórólfur.

Auk framangreinds hefur mikið verið skoðað og skrifað um ýmis tækniatriði málsins, stýrisbilun, ökuhraða, hemla og fleira. Þórólfur segist upplifa að mestu að hann eigi í baráttu við verjendur máls, en ekki hlutlausa rannsóknaraðila.

„Það eru einstaklingar innan kerfisins sem verja kerfið óumbeðið."

Meðal athugasemda sem Þórólfur gerir við endurupptöku málsins í sumar, er að ekki hafi verið teknar á ný skýrslur af bílstjóranum og hinum farþeganum. Hvort það er rétt staðhæfing er erfitt að fá svör við, því í tilkynningu frá lögreglu kemur fram að lögreglan muni ekki tjá sig frekar um þetta mál. Þá reyndi Fréttablaðið að ná tali af leigubílstjóranum en án árangurs.

„Mér finnst bleikur fíll í þessari stofu," segir Þórólfur og nefnir lítinn vilja lögreglu til að móttaka ný gögn.

> Það eru einstaklingar innan kerfisins sem verja kerfið óumbeðið.

„Mér bárust í október ný gögn og hafði mánuði áður samband við lögregluna. En þeir báðu mig ekki um þau gögn. Af hverju vilja þeir ekki gögn sem gætu reynst gríðarmikilvæg? Gögn sem gætu staðfest að bíllinn hafi alls ekki oltið?" spyr Þórólfur og vísar þar til ljósmyndanna af bílnum sem hann fékk nýverið í hendur.

Hann heldur áfram:

„Við erum að tala um mannslíf sem má ekki gleymast. Þarna er um líf og dauða 19 ára drengs að ræða. Við hljótum að vilja vita hvað kom fyrir hann. Ég meina, við förum út á Austurvöll og efnum til fjöldamótmæla ef okkur finnst hallað á réttlæti einhvers staðar í útlöndum. Af hverju ættum við ekki að sinna þessu sem stendur okkur þó svo nálægt?"

Veit að einhver veit

Þegar við tygjum okkur til brottfarar spyr ég hve miklum tíma Þórólfur hafi varið í að reyna að upplýsa málið. Af svörum hans má ráða að um sé að ræða 10–12 tíma alla daga vikunnar í meira en ár.

„Ég hef varið svona miklum tíma í málið og raun ber vitni vegna þess að ég veit að það er til fólk fyrir vestan, fólk yfir sjötugu, sem veit eitthvað. Þetta fólk þarf bara að þora að opna munninn og setja sig í samband við mig," segir Þórólfur með glampa í augum, áður en við göngum út í rigninguna.

Ættingjar Kristins hafa kært ákvörðun lögreglu um að taka ekki málið aftur upp til ríkislögreglustjóra. ■

EVRÓPUDAGUR SJÚKRALIÐA

ER 26. NÓVEMBER

EUROPEAN PRACTICAL NURSES EPN

SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS

Sjúkraliðar eru lykilstétt í heilbrigðiskerfinu

Pólitísk lygi

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Því er svo farið í stjórnmálum síðari tíma að lyginni vex ásmegin. Þessa sér stað bæði vestan hafs og austan. Og birtingarmyndin er auðvitað lyginni líkust.

Hagur Bretlands nú um stundir er sárgrætilegt dæmi um afleiðingar þessara lyga, en þar óðu andstæðingar Evrópusambandsins uppi með einhverja skreytnustu skrökvísi sem sögur fara af í seinni tíma þjóðmálaumræðu.

Ekki reyndist flugufótur vera fyrir upphrópunum þeirra eftir að stór hluti þjóðarinnar hafði verið fíflaður til að greiða einangruninni atkvæði. Og eftir stendur hrakið heimsveldi sem rekur lestina innan OECD hvað efnahagsþróun varðar. Pótintátar Brexit fullyrtu að heilbrigðiskerfið myndi batna við útgöngu, skattar myndu lækka, launin batna og orkuverð falla. Ekkert af þessu gekk eftir.

Sömu orðhákarnir héldu því fram að matarverð myndi lækka til muna eftir að Brusselvaldinu sleppti og kaupmáttur almennings ykist þar af leiðandi. Hvorugt hefur gerst.

Brexit-sinnarnir hrópuðu líka hástöfum að útgangan yki tækifæri nýrra kynslóða, enda myndi opinber þjónusta eflast til muna og við þeim blasa samfélag sem þeir gætu loksins verið stoltir af. Allir þekkja nöturlega andstæðuna sem breska þjóðin skammast sín núna fyrir.

Og þessir pólitísku lygamerðir voru auðvitað einnig á því að það kæmist á pólitískt jafnvægi í Bretlandi eftir að það segði skilið við Evrópusambandið. Þjóðmálaóróleikinn, allt frá tíma Tony Blair, yrði loksins að baki og stöðugleiki í stjórnmálum kæmist á. Allir þekkja hvernig fór – og hvað enn þá gengur á.

Bretland er í kreppu sem ekki sér fyrir endann á. Efnahagur landsins hefur sokkið svo djúpt að það kæmist ekki aftur inn í Evrópusambandið þótt meirihluti landsmanna kærði sig um það. Eitt af skilyrðum sambandsins fyrir aðild er að umsóknarþjóðir skuldi ekki nema sextíu prósent af landsframleiðslu. Því er ekki að heilsa hjá nýju og einangruðu Bretlandi, en skuldir þess eru nú hundrað prósent af landsframleiðslu. Og sér raunar ekki fyrir endann á þeim gríðarlega fjárhagsvanda.

Enn ein birtingarmynd þessa ótrúlega klúðurs að yfirgefa sína nánustu í álfunni er ákafi ráðamanna á Norður-Írlandi, Skotlandi og Wales að komast burt frá þessu rugli öllu saman – og standa fremur á eigin fótum en að reiða sig áfram á íhaldsóvissuna í Downingstræti.

Og það er líkleg sviðsmynd að Brexit skilji England eftir eitt og yfirgefið, smánað og fátækara en áður. En það er lyginni líkast. ■

> Bretland er í kreppu sem ekki sér fyrir endann á.

Gunnar

Mín skoðun

Þúsund skrámur

Sif Sigmarsdóttir

Á dánarbeðinum sendi Steve Jobs sjálfum sér tölvupóst. Í póstinum skrifaði stofnandi tölvurisans Apple af auðmýkt um framlag sitt til mannlegs samfélags. „Ég rækta ekki matinn sem ég borða," skrifaði Jobs. „Ég bjó ekki til tungumálið sem ég tala. Ég uppgötvaði ekki stærðfræðina sem ég nota. Ég er varinn með lögum sem ekki eru mín hugarsmíð ... Ég elska og dáist að tegund minni, fólki lifandi og liðnu, og er undir því kominn um líf og velferð."

Heimsmeistaramót karla í knattspyrnu er hafið. Mótið sem fram fer í Katar er umdeilt vegna bágs ástands mannréttinda þar í landi. Talið er að 6.500 farandverkamenn hafi látið lífið við byggingu mannvirkja fyrir keppnina. Sigurður Kristinsson, prófessor í heimspeki við Háskólann á Akureyri, líkir meðferð á verkamönnum í Katar við þrælahald í samtali við RÚV og segir fótboltaáhugafólk vera í sömu stöðu og væri því boðið til veislu þar sem framreiddur væri þjófstolinn matur og þrælar þjónuðu til borðs.

Bann við samkynhneigð í Katar hefur einnig vakið athygli. Einn talsmanna mótsins fullyrti að samkynhneigð stafaði af skemmd í heila. Breskur baráttumaður fyrir réttindum samkynhneigðra var nýverið handtekinn í Katar og honum gert að yfirgefa landið. Gestum mótsins hefur verið skipað að fara úr fatnaði í regnbogalitunum.

En þrátt fyrir illan orðstír virðist lítill skortur á fólki sem tilbúið er að kenna sig við mótið. Fyrrverandi fótboltastjarnan David Beckham er sakaður um að hvítþvo Katar en hann er sagður hafa fengið greidda 26 milljarða íslenskra króna fyrir að vera andlit mótsins. Tónlistarmenn á borð við Robbie Williams og Fatboy Slim, sem áður skreyttu sig fjöðrum mannréttindabaráttu samkynhneigðra, skemmta nú í Katar.

Við Íslendingar eigum ekki lið á Heimsmeistaramótinu. Við eigum þó okkar fulltrúa í orðsporsþvottahúsinu. Á RÚV var nýverið greint frá því að listamaðurinn knái Ólafur Elíasson sýndi nýtt 150 metra langt stállistaverk í Katar í tengslum við mótið. Prófessor við Listaháskóla Íslands sagðist ekki álasa Ólafi fyrir þátttöku í Katar. „Við skulum hafa í huga að Ólafur Elíasson er risastórt fyrirtæki, þetta eru yfir 300 manns sem vinna hjá honum. Það segir sig sjálft að það þarf peninga til að láta þetta ganga." Og KSÍ lætur ekki sitt eftir liggja. Sendinefnd á vegum sambandsins var í góðum gír á opnunarleik mótsins.

> Tónlistarmenn á borð við Robbie Williams og Fatboy Slim, sem áður skreyttu sig fjöðrum mannréttindabaráttu samkynhneigðra, skemmta nú í Katar.

Arfleifð ekki byggð á orðum

Heimasíðu til minningar um Steve Jobs var nýverið hleypt af stokkunum. Á síðan að tryggja arfleifð Jobs en þar er m.a. að finna fyrrnefnt bréf. Hefði Jobs hins vegar lifað eins og hann dó þyrfti enga heimasíðu til að framlag hans skilaði sér til komandi kynslóða.

„Ég fann ekki upp hálfleiðarann, örgjörvann, hlutbundna forritun eða nokkra þá tækni sem ég vinn með," skrifaði Jobs af þakklæti dýrlings þegar hann lá banaleguna. En arfleifð er ekki byggð á orðum.

Öll helsta tækni sem liggur til grundvallar raftækjum Apple – internetið, GPS-tæknin, snertiskjárinn – byggir á afrakstri rannsókna sem fjármagnaðar voru með skattfé. Engu að síður leitaðist Steve Jobs alla ævi við að komast hjá því að greiða skatta. Hefði Jobs hins vegar greitt sinn skerf til samfélagsins hefði arfleifð hans orðið áþreifanleg; nýjar vísindarannsóknir, menntun ungs fólks, kannski næsti Steve Jobs.

Vatnsbrúsa hannaðan af Ólafi Elíassyni fyrir HM í Katar má kaupa á internetinu fyrir 5.800 krónur. Mannréttindum veraldar stafar ekki hætta af einræðisherrum í Katar; það verður ekki með einu þungu slagi sem mannréttindum er veitt náðarhögg. Dauði mannréttinda mun verða af þúsund skrámum veittum af þeim sem frestuðu fram á dánardægur að þróa með sér sómakennd. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Við viljum bjóða ykkur að halda upp á 1 árs afmæli Rammagerðarinnar í Hörpu.

Allt þetta íslenska í Hörpu

Hönnunarhappdrætti

Íslensk hönnun

1

Laugardaginn 26. nóvember frá kl. 14–17.

Gjafapokar

2

Möndlugjöf

3

Veglegir vinningar

Í boði verða gjafapokar með hönnun Sísíar Ingólfsdóttur fyrir fyrstu gesti svo lengi sem birgðir endast.

Fagurkerinn Berglind Festival dregur úr veglegum vinningum í hönnunarhappdrætti Rammagerðarinnar.

1 *Taupokar – Sísí Ingólfsdóttir*
„Afsakið alla þessa íslensku hönnun“. Sísí Ingólfsdóttir fyrir Rammagerðina.
Fást gefins í Hörpu.

2 *Bolur mánaðarins*
Bríet fyrir Rammagerðina.
Einungis í Hörpu.
6.500 kr.

3 *Jólakötturinn 2022*
Ragna Ragnarsdóttir fyrir Rammagerðina
30.000 kr.

RAMMAGERÐIN *Ísland 1940*

SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 7 SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 12 KRINGLUNNI HARPA FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR WWW.RAMMAGERDIN.IS

Teitur Örn Einarsson (Flensburg) og Kristján Örn Kristjánsson (PAUC)

Örvhentu skytturnar

Ómar Ingi Magnússon og Viggó Kristjánsson virðast á undan Teiti og Kristjáni í stöðu hægri skyttu og út af þessari ofgnótt örvhentra skytta sem við höfum þá mun, að öllum líkindum, einhver þeirra vera fyrir utan hóp til að byrja með, að mati Einars Arnar.

„Þetta er sennilega erfiðasta ákvörðunin sem Guðmundur stendur frammi fyrir. Hver af þessum fjórum örvhentu skyttum á að vera fyrir utan hóp þegar kemur að fyrsta leik?

Þeir eru allir að spila vel, allir að spila stóra rullu í stórum atvinnumannaliðum og búa allir yfir mismunandi vopnum í sínu vopnabúri.

Ómar er klárlega númer eitt og svo ertu með þrjá fyrir aftan hann í goggunarröðinni sem eru allir númer tvö í röðinni. Þetta fer bara eftir því hvað þú, í þessu tilfelli Guðmundur, vill fá í hverjum leik fyrir sig.

Þá geturðu lent í því að missa af einhverju með því að skilja einhvern þeirra eftir fyrir utan hóp. En á móti kemur að þá færðu eitthvað stórkostlegt frá þeim sem verða í hóp.“

Banka fast á dyrnar hjá Guðmundi

Sjaldan hefur verið um jafn auðugan garð að gresja er kemur að íslenskum handboltamönnum sem gera tilkall til sætis í íslenska landsliðinu. Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari Íslands, glímir nú við stærðarinnar áskorun. Að velja fulltrúa Íslands á komandi Heimsmeistaramót í handbolta sem fer fram í Svíþjóð og Póllandi í janúar næstkomandi.

aron@frettabladid.is

HANDBOLTI Margir leikmenn eru nálægt því að tryggja sér sæti í landsliðinu en ljóst að einhverjir sitja eftir með sárt ennið. Einar Örn Jónsson, íþróttafréttamaður RÚV og fyrrum atvinnu- og landsliðsmaður í handbolta, fer yfir sviðið með Fréttablaðinu og þá leikmenn sem banka fast á dyrnar hjá Guðmundi.

„Ég held að Guðmundur hafi aldrei haft stærri hausverk heldur en akkúrat núna þegar kemur að því að velja landsliðshópinn fyrir komandi HM,“ segir Einar Örn. „Það verða örugglega svona fjórir til fimm leikmenn fyrir utan hóp sem myndi hver um sig sóma sér vel innan hópsins. Ég vorkenni Guðmundi að þurfa að skera þetta svona niður.“

Guðmundur velur 18 manna landsliðshóp en getur þó tekið fleiri með til Svíþjóðar ef vilji stendur til og skipt leikmönnum inn og út úr þeim hópi eins og hann vill. Hins vegar geta bara 16 verið á skýrslu í hverjum leik. ■

Stiven Tobar Valencia (Valur)

vinstri hornamaður

Hefur slegið í gegn, bæði hér heima og í Evrópudeildinni með Valsmönnum og vakið verðskuldaða athygli.

„Það sem vinnur aðeins á móti og á sama hátt með honum er að hann spilar hér heima,“ segir Einar Örn um Stiven. „Hann er fyrir augunum á okkur alla daga, við sjáum reglulega hvað hann getur en á sama tíma sjáum við leikmenn í sömu stöðu og hann vera að standa sig vel sem atvinnumenn, það vinnur með þeim.“

Einar á erfitt með að sjá hvað muni ráða úrslitum hjá Guðmundi hvað vinstra hornið varðar.

„Bjarki Már Elísson er klárlega hornamaður númer eitt en það þarf einhvern með honum. Stiven býr yfir mikilli íþróttamennsku og skrokk sem mjög fáir hafa. Hann er miklu fljótari en flestir, stekkur hærra en flestir og er sterkari en flestir í þessari stöðu. Þá vinnur það með honum að hann er í hrikalega flottu leikformi.“

Óðinn Þór Ríkharðsson (Kadetten)

hægri hornamaður

„Hann er 100% í þessari baráttu,“ segir Einar um Óðin. „Við sáum það á síðasta stórmóti hvað það getur verið hættulegt að spila með einn hornamann í gegnum heilt mót. Ég gerði það sjálfur tvisvar á sínum tíma og það skildi bara eftir varanleg sár á mínum líkama. Það er mjög hættulegt að fara með einn hornamann inn í heilt mót, sér í lagi ef við ætlum okkur stóra hluti.“

Það verði að hafa góðan hægri hornamann með Sigvalda í hópnum. „Það er Óðinn. Með því getum við gefið Sigvalda korter til tuttugu mínútur í pásu í gegnum hvern leik í riðlakeppninni, ekki bara til að vera til vara ef Sigvaldi skyldi meiðast, heldur til að gefa honum pásu svo við eigum hann heilan í gegnum mótið.“

Haukur Þrastarson (Kielce)

miðjumaður

Það var röð hluta sem orsakaði það að hann var ekki í síðasta landsliðshóp.

„Hann á klárlega heima í landsliðshópnum,“ segir Einar. „Fyrir mitt leyti ætti Haukur að vera eitt af fyrstu nöfnunum á blað í þessum HM-hóp eftir að byrjunarliðið er sett niður.“

Haukur var á sínum tíma efnilegasti leikmaður Evrópu en hefur á sínum ferli þurft að glíma við miklar áskoranir, meðal annars erfið meiðsli. „Meiðslin settu vissulega strik í reikninginn en við þurfum að fá Hauk inn og hafa hann í stóru hlutverki í landsliðinu. Þá verður hann klárlega burðarás í landsliðinu næstu 10–15 ár.

Það er mjög mikilvægt að fá hann inn í landsliðið til þess að styðja við Aron, Gísla Þorgeir og Elvar, vera hluti af fyrstu róteringu liðsins.

Haukur hefur hæfileika sem enginn annar handboltamaður hefur. Ef við förum á mis við þá hæfileika sem hann hefur sem leikmaður þá eru það mjög alvarleg mistök. Ekki bara fyrir þetta mót heldur fyrir framtíðina.“

Lúsíukór

Verð áður 9.900 kr. Tilboð: 7.450 kr.

PFAFF • Grensásvegi 13 • pfaff.is • OPIÐ fös–mán 10–18 / lau 11-15

ÓDÝRARA ELDSNEYTI

- Skógarlind
- Norðlingaholti
- Reykjavíkurvegi Hafnarfirði
- Norðurhellu Hafnarfirði
- Tryggvabraut Akureyri

Okkar allra lægsta verð

Nú höfum við lækkað eldsneytisverðið á enn einum staðnum. Sjálfvirka N1 stöðin við Norðlingaholt er nú komin í hóp þeirra stöðva sem bjóða upp ÓDÝRA eldsneyti - okkar lægsta verð án allra afslátta og punktasöfnunar. Renndu við þegar þér hentar og fylltu tankinn af einverju ÓDÝRARA. Að sjálfsögðu getur þú ennþá greitt með N1 kortinu og lyklinum!

N1 ALLA LEIÐ

Cristiano Ronaldo - Portúgal

Cristiano Ronaldo er fyrsti karlmaðurinn í sögunni til að skora á fimm Heimsmeistaramótum, hann skoraði eitt mark í sigri á Ghana á fimmtudag.

Leikmaðurinn:

- **Fæddur:** 5 febrúar, 1985 í Funchal
- **Staða:** Framherji
- **Félag:** Án félags
- **Fyrsti landsleikur:** Ágúst árið 2003 gegn Kasakstan

192 landsleikir

118 mörk

08 mörk á Heimsmeistaramótum (2006, 10, 14, 18, 2022)

Ronaldo er næstelsti leikmaðurinn til að skora á Heimsmeistarmaótinu (37 ára og 292 daga), aðeins Roger Milla sem skoraði fyrir Kamerún 1994 er eldri (42 ára og 39 daga).

Heimild: Transfermarkt Mynd: Getty © GRAPHIC NEWS

Cristiano Ronaldo í hóp góðra kvenna

hoddi@frettabladid.is

Cristiano Ronaldo er fyrsti karlmaðurinn í sögunni til að skora á fimm Heimsmeistaramótum. Ronaldo skoraði eitt mark í 3-2 sigri Portúgals á Gana á fimmtudag. Sögubækurnar og Ronaldo ná vel saman en þessi magnaði íþróttamaður hefur í mörg ár skrifað sig á spjöld sögunnar.

Ronaldo fagnar 38 ára afmæli sínu í febrúar en hann er nú án félags eftir að samningi hans við Manchester United var rift. Ronaldo spilaði á sínu fyrsta heimsmeistaramóti árið 2006 og nú 16 árum síðar er hann enn í fullu fjöri.

Ronaldo skoraði á sínu fimmta Heimsmeistaramóti með marki úr vítaspyrnu. Hann er kominn í hóp með Mörtu frá Brasilíu og Christine Sinclair frá Kanada sem báðar hafa skorað á fimm Heimsmeistaramótum.

Ronaldo hefur hins vegar ekkert raðað inn mörkum á þessum mótum ef litið er á heildina því í 18 leikjum eru mörkin nú átta. Þar á meðal er þrenna gegn Spáni á Heimsmeistaramótinu í Rússlandi árið 2018. Ronaldo skoraði fjögur mörk í heildina á því móti en árin 2006, 2010 og 2014 hafði Ronaldo bara skorað eitt mark á hverju móti.

> Marta og Sinclair hafa skorað á fimm Heimsmeistaramótum en Ronaldo er fyrsti karlmaðurinn til að afreka það.

Ronaldo rifti samningi sínum við Manchester United tveimur dögum fyrir leikinn gegn Gana en hann hafði fengið nóg af félaginu og vildi burt. Hann þarf því að sanna ágæti sitt á þessu móti til að minna stærstu félög Evrópu á að enn sé nóg eftir á tankinum hjá þessum fullorðna knattspyrnumanni. Ronaldo hefur á ferli sínum oft verið bestur með bakið upp við vegg og byrjar með látum á stórmótinu í Katar. ■

Ísak Snær var seldur frá Breiðabliki á dögunum og félagið hefur svo nýtt þá peninga í að kaupa hér á landi.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Íslenska fótboltahagkerfið að breytast til betri vegar

Sparkspekingurinn Hjörvar Hafliðason vonast til þess að hér á landi sé að verða eðlilegur félagaskiptamarkaður. Svo virðist sem slíkur markaður sé að verða til í fyrsta sinn í sögunni. Félög sem eiga mikla fjármuni eru í meira mæli að kaupa leikmenn af þeim sem minna hafa á milli handanna.

hoddi@frettabladid.is

Breytt landslag virðist vera að eiga sér stað í íslenskum fótbolta. Ríkustu lið landsins hika nú ekki við að kaupa leikmenn og borga oft og tíðum væna summu fyrir. Á árum áður skiptu leikmenn varla um félag nema þeir væru samningslausir og kæmu þá frítt.

Segja má að Valur hafi á undanförnum árum breytt landslaginu og fleiri fylgja í kjölfarið. Valur keypti sem dæmi Guðmund Andra Tryggvason frá Start í Noregi sumarið 2021 og var kaupverðið sagt vera um og yfir 10 milljónir króna. Valur keypti Orra Hrafn Kjartansson frá Fylki nokkrum mánuðum síðar og borgaði fyrir hann nokkrar milljónir.

Breiðablik hefur svo fylgt á eftir, í haust hefur Breiðablik keypt Alex Frey Elísson frá Fram og Patrik Johannesen frá Keflavík, samanlagt kaupverð þeirra er sagt nálægt 20 milljónum króna. Alex Freyr er öflugur hægri bakvörður sem ku hafa kostað í kringum 7 milljónir og Patrik sem skoraði 12 mörk fyrir Keflavík í sumar kostaði Breiðablik um og yfir 10 milljónir króna.

Mismunandi tekjumódel

Valur hefur haft nokkra sérstöðu þegar kemur að fjármunum í íslenskum fótbolta síðustu ár en félagið seldi stórt land undir íbúðabyggð og hefur það hjálpað til, auk þess sem félagið hefur náð frábærum árangri í karla- og kvennaflokki sem skilað hefur tekjum í kassann. Breiðablik hefur í gegnum öflugt unglingastarf og góðan meistaraflokk búið sér til tekjumódel þar sem félagið selur leikmenn til atvinnumannaliða á hverju ári. Nú síðast var það Ísak Snær Þorvaldsson sem seldur var til Rosenborg í Noregi fyrir um og yfir 40 milljónir, nokkrum mánuðum áður var Ásgeir Galdur Guðmundsson seldur til FCK í Danmörku fyrir hærri upphæð en Ísak skilaði í kassann. „Þetta er bara jákvætt á allan hátt, hér er að verða til hinn eðlilegi píramídi fótboltans sem við þekkjum úr hinum stóra heimi," segir Hjörvar Hafliðason, sparkspekingur og eigandi hlaðvarpsins Dr. Football.

> Hér er að verða til hinn eðlilegi píramídi fótboltans sem við þekkjum úr hinum stóra heimi.

Hjörvar Hafliðason, sparkspekingur

„Hér á Íslandi hefur í gegnum árin ekki verið neinn félagaskiptamarkaður, kaupverð hefur aldrei endurspeglað laun leikmannsins. Leikmaður sem kostaði félagið kannski tvær milljónir var að fá um og yfir fjórar milljónir í árslaun. Þetta er hinn eðlilegi píramídi sem vonandi er að verða til."

Ekkert neikvætt við þetta

Hjörvar segir að þau félög sem hafi meiri fjármuni geti með þessu hjálpað félögum sem hafa minna á milli handanna og þar fram eftir götunum. „Fyrir félög sem til dæmis ná ekki í Evrópukeppni, að þá geta þessar upphæðir sem nú er talað um skipt verulegu máli. Fyrir mér er þetta bara jákvætt.

Vonandi er þetta markaður sem er að verða til og verður áfram. Að ef Valur kaupir leikmann af Keflavík, að Keflavík fari þá með hluta af þeim peningum og kaupi leikmann af Gróttu sem dæmi. Það er ekkert neikvætt við þetta."

Valur og Breiðablik virðast skera sig úr þegar kemur að fjármunum um þessar mundir. Víkingar, sem raðað hafa inn titlum síðustu ár, þurfa að leita annara leiða og sömu sögu má segja um Stjörnuna, FH og KR. „Ég þekki ekki nákvæmlega fjárhagsstöðu allra liða en Evrópupeningarnir skipta gríðarlegu máli. Valur er að fara inn í annað tímabilið í röð án Evrópu en hefur hingað til náð að halda sjó," segir Hjörvar um málið. ■

ego dekor

Bæjarlind 12 - 201 Kópavogur - egodekor.is - S: 544 4420

Opið mán - fös: 11.00 - 18.00. Lau: 11.00 - 16.00. Sun: Lokað

-20%

STÆKKANLEGT KERAMIKBORÐ - 3 Litir

Stærð: 200(280)X100cm

Verð: 399.000,-

TILBOÐSVERÐ: 319.200,-

CLAY BARSTÓLL

-30%

Verð: 26.900,-

TILBOÐSVERÐ: 18.830,-

DELTA STÓLL

-15%

Verð: 34.900,-

TILBOÐSVERÐ: 29.665,-

TONE STÓLL

-10%

Verð: 29.900,-

TILBOÐSVERÐ: 26.910,-

-35%

AMALTI KOMMÓÐA

Breidd: 110cm

Verð: 59.900,-

TILBOÐSVERÐ: 38.935,-

RETRO VEGGBORÐ

-20%

Breidd: 100cm

Verð: 34.900,-

TILBOÐSVERÐ: 27.920,-

PRESTON STÓLL

-20%

Verð: 36.000,-

TILBOÐSVERÐ: 28.800,-

TILBOÐSDAGAR

– ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

JERSEY HORNTUNGUSÓFI - 2 stærðir

Stærð: 316X210/165cm Verð: 455.000,- **TILBOÐSVERÐ: 364.000,-**

Stærð: 381X210/165cm Verð: 529.000,- **TILBOÐSVERÐ: 423.200,-**

-20%

JERSEY HORNSÓFI - 2 stærðir

Stærð: 316X210cm Verð: 439.000,- **TILBOÐSVERÐ: 351.200,-**

Stærð: 381X210cm Verð: 513.000,- **TILBOÐSVERÐ: 410.400,-**

HÖFUÐPÚÐAR SELDIR SÉR

TILBOÐSVERÐ: 10.320,-

ALLTAF OPIÐ

NETVERSLUN: egodekor.is

STÆKKANLEGT BORÐ - 3 LITIR

Stærð: 160(248)X100cm

VERÐ: 269.000,- **TILBOÐSVERÐ: 215.200,-**

Stærð: 200(288)X110cm

VERÐ: 299.000,- **TILBOÐSVERÐ: 239.200,-**

-20%

HRINGBORÐ - 2 STÆRÐIR

Stærð:140X140cm

VERÐ: 179.000,-

TILBOÐSVERÐ: 143.200,-

Stærð: 160X160cm

VERÐ: 199.000,-

TILBOÐSVERÐ: 159.200,-

CAPRICE SKENKUR - 3 LITIR

Breidd: 200cm VERÐ: 289.000,- **TILBOÐSVERÐ: 231.200,-**

VERÐ: 23.500,-

TILBOÐSVERÐ: 18.800,-

HUGO STÓLL

VERÐ: 26.900,-

TILBOÐSVERÐ: 21.520,-

MORRIS STÓLL

JACE STÓLL

VERÐ: 59.900,-

TILBOÐSVERÐ: 47.920,-

BIRNADROFN@FRETTABLADID.IS

Minnir svo margt á jólin

Margt í umhverfi okkar er farið að minna á jólin. Borg og bæir eru skreytt fallegum jólaljósum, á ferli má sjá krakka með jólasveinahúfur og víða eru farin að heyrast jólalög.

Enda ekki seinna vænna, fyrsti sunnudagur í aðventu er á morgun, það þýðir að fjórir sunnudagar eru til jóla.

Það sem minnir okkur þó kannski einna mest á jólin eru svartur föstudagur, dagur einhleypra og rafrænn mánudagur. Forboðarnir ljúfu sem minna okkur á jólin með hvers kyns tilboðum og áminningum um hvað þarf að kaupa, hverjum er best að gefa hvað, hverju við getum ekki verið án um jólin og hvað er nauðsynlegt á jólaborðið.

Þetta er orðin algjör vitleysa. Svartur föstudagur er orðinn heil vika þar sem mörg fyrirtæki og verslanir bjóða upp á 10–20 prósenta afslátt og telja þér trú um að um svakalegt tilboð sé að ræða. Þetta er ekki jólaandinn. Það eina sem við þurfum er einhver innri ró sem við finnum að öllum líkindum hjá fjölskyldu okkar og vinum og frelsi frá neyslu jólanna.

Aron Can talar um það í þessu tölublaði að hann sé að springa úr gleði, það getum við gert án þess að missa okkur í tilboðum og neysluhyggju jólanna. ■

> Það sem minnir okkur þó kannski einna mest á jólin eru svartur föstudagur, dagur einhleypra og rafrænn mánudagur.

Við mælum með

Jólaþorpið í Hafnarfirði
Jólaþorpið í Hafnarfirði var opnað í tuttugasta sinn um síðustu helgi og verður opið allar helgar til jóla og á Þorláksmessu. Í jólaþorpinu er allt fagurlega skreytt og mikil ljósadýrð sem ætti að geta komið öllum í jólaskapið. Þar er alltaf eitthvað skemmtilegt á dagskrá og í fagurlega skreyttum jólahúsunum geta gestir og gangandi svo verslað jólavarning og fengið sér jólasnarl.

Mandarínur
Fátt er betra en ferskar mandarínur þegar líða fer að jólum. Mandarínur eru ekki einungis góðar heldur eru þær hollar og virkilega handhægar í nesti, bæði fyrir börn og fullorðna. Svo er ilmurinn auðvitað dásamlegur og minnir á jólin. Sniðugt er að stinga negulnöglum í mandarínur og fá þannig enn betri ilm.

Friðrik Ómar hefur haldið tónleikana Heima um jólin átta ár í röð. Í ár er metár í aðsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mesta jólabarn sem um getur

Friðrik Ómar er mikið jólabarn en hann heldur sautján tónleika nú fyrir jólin. Friðrik fær til sín góða leynigesti svo spennan er mikil fyrir áhorfendur.

birnadrofn@frettabladid.is

Ég er ótrúlega spenntur fyrir þessu," segir söngvarinn Friðrik Ómar Hjörleifsson. Hann heldur alls sautján tónleika fyrir jólin, tólf í Salnum í Kópavogi og fimm í Hofi á Akureyri.

Þetta er áttunda árið í röð sem Friðrik Ómar heldur jólatónleika en tónleikaröðin ber heitið Heima um jólin. Friðrik flytur fjölbreytt jólalög og fær til sín góða gesti.

„Við flytjum alls konar ólík lög, meðal annars mörg eftir sjálfan mig, ég hef gefið út svo mikið af jólalögum," segir Friðrik Ómar. „Svo er ég með alla þessa flottu leynigesti, þetta verður geggjað," segir hann.

Misjafnt verður hvaða leynigestir koma fram á hverjum tónleikum svo spennan er mikil. „Þetta verður mjög breytilegt, fólk keypti miða á tónleika með mér og leynigestum en svo er bara spurning hvort þau fái eitthvað sem þau fíla eða ekki," segir Friðrik Ómar og hlær.

> Maður heldur alltaf að maður sé með allt á hreinu en er svo með allt niður um sig.

Eins og gefur að skilja er mikið að gera hjá Friðriki í desember og það sem eftir er af nóvember, en hann var með eina tónleika í gær og er með aðra í kvöld, svo eru fimmtán eftir. Spurður að því hvort hann sé búinn að græja allt fyrir jólin segir Friðrik Ómar svo ekki vera. „Maður heldur alltaf að maður sé með allt á hreinu en er svo með allt niður um sig, svo er það partur af þessari jólastemningu að labba um bæinn og versla á síðasta snúningi," segir hann.

„Ég er bara svo þakklátur fyrir að svona mikið af fólki vilji koma, þetta er metár hjá mér, það er fullt af fólki sem kemur aftur og aftur og þetta er orðin hefð hjá mörgum en svo eru margir nýir að bætast við núna," segir Friðrik Ómar, sem hefur þurft að bæta við fjölda aukatónleika.

„Við bættum og bættum við en svo kom að því að húsið var ekki meira laust," segir Friðrik. „Það kom mér á óvart að eftirspurnin skyldi vera svona mikil núna. Bæði er framboðið mikið fyrir jólin og fólk er meira að pæla í því hvað það gerir við peningana sína á þessum árstíma, skiljanlega," segir hann.

„En þetta er virkilega ánægjulegt og ég er ótrúlega spenntur," bætir hann við.

En ertu mikið jólabarn? „Já, ég er brjálaður. Ég er, allavega svona í kringum mig, mesta jólabarn sem um getur. Maður þarf að vera nett klikkaður til að standa í þessu jólatónleikastússi ár eftir ár en ég elska það," segir Friðrik Ómar.

„Vonandi sést það á tónleikunum hvað ég elska jólin mikið," bætir hann við að lokum. ■

■ Í vikulokin

Aftur og aftur kemur meirihlutaviljinn skýrt fram

Ólafur Arnarson

Stóru tíðindin í skoðanakönnun Prósents um stuðning við aðild að ESB, sem Fréttablaðið birti í vikunni, eru þau að 55 prósent þeirra sem afstöðu tóku eru fylgjandi aðild.

Allar skoðanakannanir síðasta árið um afstöðu þjóðarinnar til aðildar að ESB sýna svo ekki verður um villst að meirihlutinn vill fulla aðild þannig að hér er síður en svo um fráviksniðurstöðu að ræða. Meirihlutinn vill inn!

Þetta þarf ekki að koma á óvart. Þróun alþjóðamála á undanförnum árum er áhyggjuefni. Einangrunarhyggja færist í vöxt í Bandaríkjunum og í tíð Trumps, fyrrverandi forseta, munaði hársbreidd að þetta forysturíki á Vesturlöndum drægi sig út úr varnarsamstarfi vestrænna ríkja.

Margt bendir til að þess verði skammt að bíða að einhver skoðanabróðir Trumps komist til valda í Hvíta húsinu, þótt úrslit þingkosninganna vestra fyrr í þessum mánuði hafi orðið áfall fyrir Trump sjálfan og ólíklegt sé að hann eigi endurkomu auðið í forsetastól.

Eitt hlutverk ESB er að vera varnarbandalag aðildarþjóðanna. Sést þetta best af því að 42. grein Lissabon-sáttmála ESB er sambærileg við 5. grein NATO-sáttmálans, sem kveður á um að árás á eitt NATO-ríki sé árás á þau öll.

Í ljósi yfirgengilegrar landvinningastefnu Rússlands hafa helstu ESB-ríkin nú ákveðið að stórauka framlög sín til varnarmála. Kemur þar einnig til að nokkuð ljóst er að í framtíðinni getur Evrópa ekki reitt sig á Bandaríkin í varnarmálum með sama hætti og verið hefur frá því í seinni heimsstyrjöldinni.

> Varlega áætlað er krónuskatturinn nú 300 milljarðar á ári.

Þetta eru sterk rök fyrir fullri aðild Íslands að ESB. Við þetta bætist að með aðild að ESB og upptöku evru myndum við losna undan þeim beina og óbeina kostnaði sem fylgir því að vera með minnsta gjaldmiðil í heimi. Kostnaðurinn hagkerfisins vegna krónunnar – krónuskatturinn – var fyrir tæpum tíu árum metinn um 200 milljarðar á ári. Varlega áætlað er krónuskatturinn nú 300 milljarðar á ári.

Mætti ekki gera eitthvað fyrir heilbrigðiskerfið, öryrkja og aldraða fyrir þá upphæð á hverju ári? ■

REIR VERK

RE/MAX









SKANNAÐU KÓÐANN

RE/MAX | VIÐ VINNUM FYRIR ÞIG

HALLGERDARGATA.IS

Jólabækurnar
færðu í Hagkaup

HAGKAUP



5.199 kr



5.599 kr



5.599 kr

3.199 kr

Gildir út 28. nóvember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.

4.199 kr



6.699 kr



3.199 kr

3.699 kr



6.399 kr



5.799 kr



4.399 kr



5.799 kr

HAGKAUP

2.899 kr

2.899 kr



2.699 kr

2.199 kr



5.199 kr

6.199 kr



3.899 kr



2.599 kr

HAGKAUP



5.499 kr

5.599 kr



5.499 kr

6.199 kr

1.799 kr
1.699 kr

Gildir út 28. nóvember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.

4.099 kr

3.399 kr

5.199 kr



6.199 kr

HAGKAUP



5.499 kr



7.699 kr

5.499 kr

5.499 kr



4.099 kr

Hef alltaf verið slakur gaur

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Aron Can Gultekin er einn vinsælasti tónlistarmaður landsins. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann gefið út fjórar plötur og um síðustu helgi seldist upp á þrettán hundruð manna tónleika í Hörpu. Aron á von á barni í mars og er spenntur fyrir nýja hlutverkinu.

Aron Can Gultekin var aðeins sextán ára þegar hann gaf út sína fyrstu plötu árið 2016, ári síðar var hann vinsælasti íslenski tónlistarmaðurinn á Spotify.

„Ég er búinn að vera ótrúlega lengi í þessu þó að ég sé svona ungur," segir Aron Can, sem er nýorðinn 23 ára. „Ég hafði alltaf mikinn áhuga á tónlist þegar ég var lítill en það hefði enginn giskað á að ég yrði tónlistarmaður," segi hann.

„Það er eiginlega fyndið hvað ég er búinn að vera lengi í þessu en ég tók upp fyrsta lagið mitt þegar ég var þrettán ára gamall og gaf það út á Youtube, var bara að leika mér eitthvað. Svo gaf ég út meira þegar ég var fjórtán og enn meira þegar ég var fimmtán en svo eyddi ég þessu öllu út aðeins seinna," segir Aron.

Hann segir að árið 2016 hafi hann kynnstródúserunum Jóni Bjarna Þórðarsyni og Aroni Rafni Gissurarsyni, þá hafi allt breyst og hann hafi fundið sitt „sound".

„Þeir eru geggjaðir og þegar ég hitti þá, þá small bara allt saman," segir Aron.

„Þarna var ég allt í einu kominn í alvöru stúdíó, fjólublá led-ljós í loftinu og bara alvöru stemning. Þarna prófa ég „auto tune" í fyrsta skiptið og þarna fæðist þetta sound. Þessi fyrsta plata varð til á einum og hálfum mánuði," segir Aron.

Allt gerðist hratt

Um leið og fyrsta platan kom út fóru hlutirnir að gerast hratt hjá Aroni og hann varð á meðal vinsælustu tónlistarmanna landsins. Hann var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2017 fyrir rappplötu ársins, rapplag ársins og sem bjartasta vonin. Sama ár vann lagið Silfurskotta með Emmsjé Gauta verðlaun sem lag ársins í flokki rapp- og hipphopp-tónlistar en Aron syngur með Gauta í því lagi.

„Það var bara geggjað hvað þetta gerðist allt hratt og fólk var greinilega tilbúið í þetta nýja sound sem ég var að gera," segir Aron. „Ég hafði verið að hlusta mikið á íslenskt hipphopp en ég var líka að hlusta mikið á erlenda tónlist. Byrjaði að hlusta á tyrkneskt rapp en hlustaði til dæmis líka mikið á Drake og The Weeknd og það veitti mér mikinn innblástur sem heyrist alveg í minni tónlist," segir hann.

Aron segir að þrátt fyrir að hann hafi verið ungur þegar hann byrjaði í tónlistarbransanum hafi honum verið tekið ótrúlega vel af kollegum sínum. „Ég var bara unglingur en þeir tóku mér opnum örmum. Gauti (Emmsjé Gauti) tók mig mikið að sér og veitti mér svo mikla leiðsögn og gaf mér ráð. Það er enn þannig í dag að ég veit alltaf að ég get hringt í hann ef mig vantar ráð," segir hann.

Aron minnist þess þegar hann keppti í Rímnaflæði, rappkeppni unga fólksins sem haldin er af Samfés. „Þá var Emmsjé Gauti kynnir. Þetta er svo klikkað af því að hann var idolið mitt og svo þremur árum seinna er ég bara mættur í stúdíó með honum. Svo hef ég hitt og unnið með svo mörgum af þessum fyrirmyndum mínum og er orðinn einn af þeim."

Hvernig fannst þér að vera allt í einu orðinn einn af þeim?

„Það var og er bara geggjað," segir Aron. „Ég hef sjúklega gaman af þessu og tónlist hefur alltaf verið mitt áhugamál númer eitt og núna fæ ég að vinna við það, sem er sturlað," bætir hann við.

„Núna veit ég líka hvað ég geri þegar það kemur nýr ég, einhver ungur og efnilegur, þá mun ég taka á móti honum með kærleika og ást alveg eins og var gert við mig, það skiptir svo miklu máli."

Spenntur að verða pabbi

Aron Can er alinn upp í Grafarvogi og segist elska hverfið. „Svo mikið að hérna keypti ég mína fyrstu íbúð og hér ætlum við fjölskyldan að búa, verðum í geggjuðum málum með litla barnið," segir Aron en hann og kærastan hans, Erna María Björnsdóttir, eiga von á sínu fyrsta barni í mars.

„Ég get ekki beðið, er ekkert eðlilega spenntur," segir Aron. „Ég veit ekkert hvað ég er að fara út í og segi það í lagi sem ég skrifaði í síðustu viku: Ég veit ekkert hvernig ég ætla að ala þig upp en það kemur í ljós, ég elska ekkert meira en son minn og hann er ekki kominn," segir hann.

„Ég veit bara að hann mun fá alla þá ást sem hann á skilið. Frá mér og mömmu sinni, öllum vinum okkar og fjölskyldu, við eigum bæði gott bakland og ég er bara ótrúlega ánægður með það hvernig lífið er að þróast. Er þakklátur fyrir lífið og fagna öllu þessu nýja."

Aron og Erna María eru búin að vera saman í sex ár og segist hann aldrei hafa verið hamingjusamari. „Ég er að springa úr gleði." Spurður að því hvernig þau Erna María hafi kynnst segir Aron þau tæknilega séð hafa þekkst síðan hann var lítill.

„Hún og Talía systir mín voru bestu vinkonur. Þær eru fjórum árum eldri en ég og voru saman í bekk þannig að þegar ég kynnist henni er ég bara litli krúttlegi bróðir hennar Talíu, en svo missa þær samband og ég hitti hana ekki í mörg ár," segir Aron.

„Svo þegar ég er sextán ára þá var ég á leiðinni til Keflavíkur með vini mínum að sækja upptökuvél sem við notuðum við tónlistarmyndbandið við Enginn mórall. Hann spyr mig hvort mér sé ekki sama þó að vinkona hans komi með og ég segi auðvitað bara já," segir hann.

„Þá er það bara Erna María sem ég hef ekki séð í mörg ár og þarna kynnumst við upp á nýtt og á allt öðruvísi hátt. Þarna er ég ekki lengur litli krúttlegi bróðirinn og við lendum einhvern veginn saman

Aroni skaut hratt upp á stjörnuhimininn ungum að árum. Hann segir rútínu mikilvæga fyrir sig til að halda sér á jörðinni. Aron vaknar klukkan fimm á hverjum morgni og er mættur í ræktina klukkan sex.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Það er sturluð tilfinning að standa uppi á sviði og heyra þrettán hundruð manns syngja lögin þín. Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef gert.

ILVA

FRÍ HEIMSENDING ÞEGAR KEYPTAR ERU SMÁVÖRUR FYRIR 9.900 KR. EÐA MEIRA

BLACK FRIDAY

20 - 50%

AF ÖLLUM VÖRUM

*Gildir ekki af öllum sérpöntunum

ILVA Garðabæ, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18:30,
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

ILVA



„Ég elska að vera tónlistarmaður á Íslandi en tækifærin eru takmörkuð út af smæðinni svo ég stefni bara enn hærra.

Aron Can er tyrkneskur í föðurætt og á stóra fjölskyldu í Tyrklandi. Hann segir hjartað slá jafnt fyrir Ísland og Tyrkland og er þakklátur fyrir að kunna tungumál þjóðanna beggja. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

í vinahópi, þekkjum sama fólkið og svo erum við bara byrjuð saman svona hálfu ári seinna," segir Aron sem ljómar þegar hann talar um Ernu Maríu.

Og hvernig brást systir þín við?

„Henni fannst þetta kannski pínu pirrandi fyrst en svo var þetta bara geggjað og þær aftur orðnar bestu vinkonur."

Tyrkland í hjartanu

Aron hefur alla tíð búið á Íslandi en pabbi hans er frá Tyrklandi, hann talar tyrknesku og segir hjartað slá jafnt fyrir Ísland og Tyrkland. „Mamma mín fór í skiptinám til Tyrklands og þar kynntist hún pabba. Hann átti plötubúð og þar kynnast þau, á Bağdat Caddesi sem er svona gata eins og Laugavegurinn í Istanbúl," segir Aron.

„Þau bjuggu í Tyrklandi í nokkur ár, mamma, pabbi og systir mín, svo fluttu þau hingað og ég kom í heiminn og við höfum alltaf búið hér en verið mjög dugleg að fara og heimsækja ömmu og afa og frænkur og frændur, ég á risastóra fjölskyldu í Tyrklandi," segir hann og bætir við að það sé orðið alltof langt síðan hann hafi farið í heimsókn.

„Það er bara eitthvað svo geggjað að hugsa til þess að maður eigi heila fjölskyldu þarna og ég elska að vera þarna, borða matinn hennar ömmu og svona, það er bara geggjað."

Aron segist mjög þakklátur fyrir að foreldrar hans hafi kennt honum tyrknesku og að hann hafi haldið henni við. „Maður græðir alltaf á því að tala fleiri en eitt tungumál. Ég tala reglulega við ömmu og afa í símann á tyrknesku og svo tölum við pabbi eiginlega okkar eigið tungumál. Hann kannski segir eitthvað á tyrknesku og ég svara á íslensku og þetta blandast allt saman," segir hann.

Spurður að því hvort hann hafi fundið fyrir einhvers konar fordómum vegna uppruna síns í gegnum tíðina segir Aron svo vera en ekki á neikvæðan hátt. „Ég man ekki eftir neinu neikvæðu varðandi það sem betur fer. Mér fannst alltaf bara geggjað að vera aðeins brúnni en hinir og að kunna tvö tungumál."



Aron og Erna María hafa verið saman í sex ár og eru samheldið par. Þau eru afar spennt fyrir foreldrahlutverkinu.

1.300 manns mættu á tónleika Arons Can í Hörpu um síðustu helgi. Hann segist aldrei hafa skemmt sér jafn vel. MYND/AÐSEND

Stefnir enn hærra

Um síðustu helgi hélt Aron Can tónleika í Hörpu, þangað mættu 1.300 manns. Hann segir það hafa verið ótrúlega tilfinningu að sjá fullan sal af fólki sem allt var komið til að berja hann augum. „Þetta var tryllt," segir hann.

„Mig hefur svo lengi langað að gera þetta, hef hugsað um þetta í mörg ár, svo ég setti standardinn mjög hátt og vildi hafa þetta eins flott og ég gat," segir Aron.

„Það er sturluð tilfinning að standa uppi á sviði og heyra þrettán hundruð manns syngja lögin þín. Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef gert," segir hann.

„Ég bara trúði því ekki þegar það seldist í alvörunni upp, ég hugsaði bara með mér: Hvað er að gerast? Hvar er ég núna? Þetta var svo súrrealískt. Að þrettán hundruð manns séu til í að borga peninga til þess að koma og hlusta á mig á tónleikum í tvo klukkutíma er ótrúlegur sigur og ég er fullur þakklætis."

Þrátt fyrir mikla velgengni virðist Aron ná að halda báðum fótum á jörðinni og láta frægðina ekki stíga sér til höfuðs. „Ég hef bara alltaf verið frekar slakur gaur," segir hann.

„Held bara áfram að gera það sem ég er að gera og er mjög ýktur í því," segir Aron sem vaknar klukkan fimm á hverjum morgni og er kominn í ræktina klukkan sex. „Og svo er ég vanalega kominn upp í rúm fyrir tíu á kvöldin. Þetta er ekki þessi týpíski rokkstjörnulífsstíll en þetta er það sem hentar mér og svona get ég verið með marga bolta á lofti í einu."

En hvað er fram undan?

„Það er auðvitað föðurhlutverkið og svo var ég að opna veitingastað," segir Aron en hann opnaði nýlega veitingastaðinn Stund ásamt Ernu Maríu, Aroni Má Ólafssyni (Aroni Mola) og Hildi Skúladóttur.

„Mig hefur alltaf langað að fara í einhvern „business" svo við stukkum á þetta þegar tækifærið gafst. Þetta er bæði gaman en svo er mikilvægt að hafa eitthvað svona til hliðar við tónlistina, eitthvað áreiðanlegra," segir Aron. „Ég get ekki treyst á það að ég hafi alltaf nóg að gera eða að fólk vilji endalaust hlusta á mig en ég reyni að passa vel upp á peningana mína og vera skynsamur."

Spurður hvort hann sjái fyrir sér tónlistarframa erlendis segist Aron vera að vinna í því. „Ég er búinn að halda tvenna tónleika í Osló, tvenna í Bergen og eina í Danmörku og mig langar mikið að taka þessa tónleika sem ég var með í Hörpu og fara með þá út," segir hann.

„Mér var tekið mjög vel, sérstaklega í Noregi, en þar er senan mjög stór svo núna er ég að vinna í því að stækka. Ég elska að vera tónlistarmaður á Íslandi en tækifærin eru takmörkuð út af smæðinni svo ég stefni bara enn hærra," segir Aron. ■

BLACK FRIDAY HELGI

25.–27. NÓVEMBER

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM

galleri sautján

Kultur

COMPANYS

SMASH URBAN

KARAKTER KONUR

Kultur menn

GK REYKJAVIK

gs skór

eva AF MÖRGUM MERKJUM



Hér á landi er hefð fyrir því að setja upp aðventukrans og aðventuljós. Kransarnir eða skreytingarnar þurfa ekki að vera flóknar og er um að gera að nýta í þær það sem til er heima. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hér eru notaðar gamlar niðursuðudósir í skreytingu.

Kerti á fallegum bakka gera fínasta krans.

Við kveikjum einu kerti á

Á morgun er fyrsti sunnudagur í aðventu. Víða setur fólk upp aðventukrans en sú hefð er talin vera upprunnin í Þýskalandi á fyrri hluta 19. aldar.

birnadrofn@frettabladid.is

Fyrsti sunnudagur í aðventu er á morgun, 27. nóvember. Aðventa er annað heiti á jólaföstu og hefst hún fjórða sunnudag fyrir jóladag og stendur því í fjórar vikur. Ef aðfangadag ber upp á sunnudegi verður hann fjórði sunnudagurinn í aðventu.

Fyrst er vitað um jólaföstu í Antíokku á Sýrlandi um miðja 5. öld og einni öld seinna varð hennar vart í Rómaborg. Í fyrstu var misjafnt hversu löng jólafastan var en þeirri reglu var komið á um árið 600 að fastan skyldi hefjast fjórða sunnudag fyrir jól. Sú regla um lengd föstunnar náði þó ekki verulegri útbreiðslu fyrr en á 11. til 13. öld.

Orðið aðventa hefur verið notað í íslensku að minnsta kosti frá því á 14. öld. Orðið er tökuorð úr latínu, sprottið úr orðinu „adventus“ sem merkir „tilkoma“. Orðið vísar í komu Krists og er aðventan sá tími þegar beðið er með eftirvæntingu eftir fæðingarhátíð hans.

Víða um heim setur fólk upp aðventukrans á aðventunni. Sú hefð að setja upp slíkan krans kemur frá Norður-Evrópu en aðventukrans er talinn vera upprunninn í Þýskalandi á fyrri hluta 19. aldar. Þaðan barst kransinn til Danmerkur þar sem hann varð vinsæll og algengur eftir árið 1940, frá Danmörku barst hann svo hingað til Íslands.

Hér á landi voru aðventukransar aðallega notaðir sem skreytingar í búðargluggum til að byrja með en upp úr 1960 fór að tíðkast að setja upp aðventukrans á íslenskum heimilum. Í upphafi var notast við greni eða greinar í kransana en nú eru þeir þó orðnir fjölbreyttari. Hinar sígrænu grenigreinar tákna lífið og hringurinn táknar eilífðina.

Kransinn er skreyttur fjórum kertum sem tendruð eru á sunnudögum aðventunnar, á fyrsta sunnudegi aðventu er kveikt á einu kerti, öðrum sunnudegi tveimur og svo koll af kolli.

Fyrsta kertið nefnist spádómskerti og minnir á fyrirheit spámanna Gamla testamentisins sem höfðu sagt fyrir um komu frelsarans, Jesú. Annað kertið nefnist Betlehemskertið og vísar til þorpsins þar sem Jesús fæddist. Þriðja kertið nefnist hirðakertið en snauðir fjárhirðar voru þeir fyrstu sem fengu fregnir af fæðingu Jesú og fjórða kertið nefnist englakertið og er því ætlað að minna á englana sem báru mannheimi fregnir af fæðingu hans.

Aðventuljós eru önnur hefð en hjá mörgum Íslendingum tíðkast að setja slík ljós í glugga fyrsta sunnudag í aðventu og eru ljósin með vinsælla jólaskrauti landsins. Miðað við vinsældir aðventuljósa mætti ætla að um ævafornan sið væri að ræða en talið er að fyrstu aðventuljósin hafi ekki borist til landsins fyrr en árið 1964.

Það ár fór Gunnar Ásgeirsson kaupsýslumaður í verslunarferð til Stokkhólms. Þar keypti hann aðventuljós í jólagjöf handa nokkrum gömlum frænkum sínum. Ljósin vöktu slíka lukku að Gunnar hóf að flytja þau inn og selja og nú má sjá þau í nærri hverjum einasta glugga í jólamánuðinum. ■

Hvít kerti fara afar vel með grænu greni.

Það þarf ekki að vera flókið að gera flottan krans.

Hér sést dæmi um afar klassískan aðventukrans.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 26. nóvember 2022

Prent og vinir bjóða gestum upp á að glæða gamla hluti lífi með því að silkiprenta fatnað og pappír.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Jólamarkaður í Norræna húsinu

jme@frettabladid.is

Ýmislegt skemmtilegt verður um að vera í Norræna húsinu í aðdraganda jólanna. Á morgun verður haldinn sérstakur jólahringrásarmarkaður. Það verður því hægt að verja þessari fyrstu aðventu á skemmtilegan hátt.

Prent og vinir bjóða upp á silkiprent fyrir gesti og gangandi. Gestir mæta þá með gamlar flíkur, boli og annan textíl úr eigin fórum og glæða nýju lífi með því að prenta fallegar og skemmtilegar myndir á það. Þátttakendur geta einnig silkiprentað á pappír og er um að gera að koma með pappírspokasafnið og búa til gjafapoka, jólakort og merkimiða fyrir gjafirnar.

Falinn fjársjóður

Leynist fjársjóður í geymslunni? Á morgun verður einnig haldinn jólaskiptimarkaður þar sem gestir geta komið með eigin hluti sem eru hættir að nýtast þeim og skipt út fyrir eitthvað annað. Því það sem nýtist ekki lengur gæti vel reynst fjársjóður annars, og öfugt. Flest eigum við til dæmis bækur sem við erum búin að lesa, leikföng sem börnin eru hætt að leika sér með eða spil sem henta ekki lengur. Hér er líka kjörið tækifæri til þess að finna umhverfisvænar jólagjafir með sögu sem þú getur sett undir jólatréð með góðri samvisku.

Sónó Matseljur verða einnig með sérstakan jólamatseðil og jóladrykki í boði. ■

Marta B. Marteinsdóttir heldur hér á vinsælustu vörunum sem Íslendingar geta ekki verið án um jólin. ORA grænar baunir og Sæmundur í jólafötunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

ORA baunadós í jólabúningi og klæðist umbúðum fyrri ára

Allir Íslendingar þekkja ORA vörur og hafa alist upp við þær, enda fyrirtækið 70 ára. Hefð er fyrir grænum baunum með jólamatnum hér á landi sem skapaðist líklega af því að ekki var mikið grænmeti á boðstólum áður fyrr, sérstaklega yfir háveturinn. 2

Marta B. Marteinsdóttir, vörumerkjastjóri hjá OJK-ÍSAM, segir að ýmislegt hafi verið gert á þessu ári þar sem 70 ár séu liðin frá stofnun ORA. „Við höfum komið með alls konar skemmtilegar nýjungar og líka „gamlar“ nýjungar eins og fiskibollur í tómatsósu, eða eins og margir kalla þær, „fiskibollur í bleikri“. Við settum afmælissíld í takmörkuðu upplagi á markaðinn í haust. Þessi jólin fáum við svo okkar klassísku grænu baunir í upprunalegum umbúðum sem Atli Már Árnason hannaði og teiknaði árið 1953,“ upplýsir hún en gaman verður að sjá gömlu umbúðirnar vakna á ný.

Marta segir að í tilefni afmælis ORA séu væntanlegar á markað nýjar vörur sem ekki hafa áður verið í boði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Jólaminning um ORA grænar

Þegar Marta er spurð hvers vegna Íslendingar séu svona háðir því að fá ORA baunir og rauðkál um jólin, svarar hún: „Meðlætið er ríkt í þjóðarsálinni. Það er löng hefð fyrir Ora baunum með jólamatnum en ég býst við að það sé vegna grænmetisskorts á Íslandi fyrri ára og niðursuðuvara því mjög góður kostur. Síðan eru grænar ORA baunir bara mjög gott meðlæti og passa vel með hangikjötinu,“ segir hún og bætir við að í Norður-Evrópu sé rík hefð fyrir því að borða súrsað grænmeti með reyktu kjöti en það gefur ferskt súrt bragð og örlitla sætu sem vegur upp á móti salti og reyk í kjötinu. „Grænar baunir eru örlítið sætar á bragðið og virka því vel með reyktu kjöti á borð við hangikjöt og hamborgarhrygg. Enginn þarf að óttast að fá ekki ORA grænar um jólin. Við framleiðum hundruð þúsunda baunadósa,“ segir Marta.

Þegar hún er spurð hvort hún eigi sjálf endurminningar um þessa vörur, svarar hún því játandi. „Í minningunni hugsa ég alltaf til ömmu minnar þegar hún eldaði jólamatinn. Hún var yfirleitt með hamborgarhrygg og brúnaðar kartöflur. Með því var alltaf sama meðlætið, ORA grænar, rauðkál og svo rauðrófusalat. Ég áttaði mig ekki á því fyrr en ég var orðinn unglingur að það borðuðu ekki allir Íslendingar sama jólamatinn. Fyrir mér eru þessar vörur nátengdar jólunum. Þær eru jafn jólalegar og hangikjötið og laufabrauðið.“

Marta segist telja að kynslóðir sem nú séu að alast upp muni halda í þessa jólahefð. „Ég vona að við höldum í gamlar og góðar íslenskar jólahefðir. Jólamaturinn okkar er órjúfanlegur hluti bæði aðventunnar og hátíðarhaldanna. Margir eru mjög vanafastir hvað jólahefðirnar varðar og vilja gjarnan halda í það sem þeir ólust upp við. Ég held að það muni ekki breytast í bráð og margir muni áfram halda í þann jólamat sem þeir ólust upp við. Þessar vörur hafa mestmegnis haldist alveg eins síðastliðin 70 ár. Framleiðslan í dag tekur auðvitað mið af nútímakröfum en bragðið er það sama,“ segir Marta. „Síðan eru nýjar spennandi vörur væntanlegar fljótlega.“

Síld á jólahlaðborðið

Aðrar vinsælar vörur hjá ORA er hátíðar- og jólasíld. Marta segir að síldin sé vinsæl enda gæðavara. „Mikil vinna fer í að verka og útbúa síldina. Hún er fersksöltuð í tunnu og geymd við kjöraðstæður. Síldarbitum er síðan blandað saman við annað hráefni og hún handunnin á þennan hátt. Það er alveg nostrað við hana, enda mikilvægt fyrir okkur að vanda til verka, síldin er ómissandi á jólahlaðborðin í aðdraganda jóla.

Við byrjuðum einnig nýlega með sérstaka afmælissíld en það er sérútgáfa af marineraðri síld. Í henni er basilíka, sítróna, epli og laukur sem gefur henni ferskt bragð. Hráefnin gera hana ferskari á bragðið sem við teljum að muni falla vel í kramið hjá landsmönnum. Síldin er alltaf góð og hefur vaxið í vinsældum meðal Íslendinga á aðventunni. Hún á sinn fasta sess á jólahlaðborðum með rúgbrauði, hrökkbrauði eða skonsum. Sjálfri finnst mér hún passa mjög vel með ORA-jólabjórnum á jólahlaðborðinu.

Grænar baunir frá ORA hafa fylgt þjóðinni í 70 ár og það styttist í hundrað ára afmæli kremkexins frá Frón.

Frón framleiðir tólf jólasmákökugerðir fyrir jólin auk smákökudeigs fyrir þá sem vilja fara auðveldu leiðina fyrir jólin og spara sér tíma og fyrirhöfn.

> **Í daglegu tali landsmanna gekk kexið undir nafninu Sæmundur. Þegar Frón tók upp á því að bæta kremi við vanillukexið fékk það heitið Sæmundur í sparifötunum því það þótti aðeins meira sparilegt en vanillukexið án krems.**

Þá get ég líka nefnt fiskibollur og fiskbúðing sem er enn býsna vinsæll heimilismatur. Það var gaman að sjá hversu vel fólk brást við fiskibollum í bleikri sósu þegar við byrjuðum að framleiða þær aftur í ár. Kannski spilar smá fortíðarþrá þar inn í en þær voru alltaf mjög vinsæll og ódýr heimilismatur sem fljótlegt er að elda og vinsælar hjá krökkum,“ segir Marta.

Sæmundur í jólafötunum

Frónkexið og jólasmákökurnar frá Frón eru sömuleiðis vinsæl vara. „Jólin eru annasamur tími hjá okkur í Frón enda eru fjölmargar sortir af smákökum bakaðar fyrir hver jól. Við bökum alltaf klassísku smákökurnar, líkt og vanilluhringi, mömmukossa og blúndukökur. Í ár er nýjungin okkar kremkex í jólalegum búningi, jólakremkexið, Sæmundur í jólafötunum, sem er fullkomið aðventu- og jólakex með kanil og negul. Gerist varla jólalegra,“ segir Marta og bætir við að Frón sé með tólf tegundir af jólasmákökum en auk þess sé líka boðið upp á smákökudeig fyrir þá sem vilja auðvelda sér jólabaksturinn.

„Ætli vinsælustu smákökurnar hjá Frón séu ekki vanilluhringir og mömmukossarnir. Vanilluhringir eru alltaf vinsælir á mínu heimili. Mitt uppáhald er samt saltkaramellukökurnar, passlega mikið saltkaramellubragð og stökkar. En ég reyni nú samt að passa mig á að liggja ekki bara í einni sort,“ segir hún.

Þegar Marta er spurð um söguna á bak við kremkexið Sæmund sem margir þekkja en kannski ekki allir, er hún fljót að rifja hana upp: „Sagan er sú að kexverksmiðjan Esja framleiddi fyrr á árum mjög vinsælt vanillukex. Forstjóri fyrirtækisins hét Sæmundur Ólafsson. Kremkexið var óformlega nefnt í höfuðið á honum. Í daglegu tali landsmanna gekk kexið undir nafninu Sæmundur. Esja sameinaðist Frón árið 1970 og þegar Frón tók upp á því að bæta kremi við vanillukexið fékk það heitið Sæmundur í sparifötunum því það þótti aðeins meira sparilegt en vanillukexið án krems. En nöfnin urðu ekki til í verksmiðjunum, þau urðu til meðal landsmanna og hafa lifað í tungumálinu árum saman,“ útskýrir Marta en þess má geta að Frón verður hundrað ára eftir örfá ár, fyrirtækið var stofnað árið 1926.

Marta segir að gamla, góða matarkexið hafi alltaf verið mjög vinsælt með kaffinu og vinsældir þess hafa síður en svo dalað. „Matarkexið er alltaf mjög vinsælt vara og sama má segja um kremkexið sem er orðið að klassík og fær stundum að skipta um „föt“ eins og núna fyrir jólin.“ ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Glæsihótel með framúrskarandi veitingar

Á Fosshótel Reykjavík í Þórunnartúni má finna fjölbreytta flóru veitingastaða og frábæra aðstöðu til veislu- og fundarhalda.

Haust Restaurant er með eitt glæsilegasta hlaðborð landsins og á Bjórgarðinum má finna mikið úrval af alls konar bjór í notalegu umhverfi. Hótelið býður einnig upp á fjölbreytta aðstöðu til að halda fundi og veislur þar sem hægt er að njóta metnaðarfullra veislukræsinga við allra hæfi. Þar starfar samheldinn hópur fagfólks sem leitast við að uppfylla kröfur viðskiptavina og vinna að því að upplifun gesta sé hin ánægjulegasta.

Guðni Hrafn Grétarsson, Hildur Kristinsdóttir og Ásgeir Erlingsson bjóða gesti velkomna með bros á vör. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Góð liðsheild skilar sér til allra

Guðni Hrafn Grétarsson er einn reyndasti og skemmtilegasti veitingastjóri á Íslandi. Hann starfaði í Perlunni í 15 ár og Hörpunni í 10 ár og tók þátt í að enduropna Haust eftir heimsfaraldurinn. „Hér fæ ég að gera ýmislegt eftir mínu höfði með góðu starfsfólki og það er það skemmtilegasta sem ég get hugsað mér," segir hann.

„Við erum alltaf að gera nýja hluti og þróa okkur áfram, við vorum til dæmis aðeins að breyta Haust Restaurant og gera hann hlýlegri. Þar er hægt að fá bæði hádegis- og kvöldverðarhlaðborð og þriggja rétta matseðil, jafnvel halda brúðkaup, allt eftir þörfum. Við viljum vera í fremstu röð bæði í mat og þjónustu, svo einfalt er það."

Hann segir stóra ameríska jólahlaðborðið vera vinsælt bæði í hádeginu og á kvöldin fyrir vinnustaði, vinahópa og fjölskyldur. „Krakkarnir eru spenntir fyrir jólahúsinu þar sem þau geta leikið sér á meðan foreldrarnir eru að borða og taka því rólega. Á hlaðborðinu er mikið í boði fyrir börnin og eftirréttahlaðborðið er í miklu uppáhaldi hjá þeim." Guðni bendir einnig á að aukning hafi orðið hjá hótelinu í erlendum ráðstefnum og kvöldverðum fyrir háttsetta gesti. „Stofnanir með miklar kröfur velja okkur og það segir sitt um gæðin."

Hann þakkar velgengni staðarins góðu starfsfólki og frábærri liðsheild. „Sem gerir starfið svo skemmtilegt og er lykilatriði í öllum hótel- og veitingabransa. Við höfum fengið að vita að það skilar sér til kúnnans hvað okkur finnst gaman í vinnunni og höfum mikinn sameiginlegan metnað."

Eitthvað fyrir alla á hlaðborðinu

Ásgeir Erlingsson, yfirkokkur á Haust Restaurant, bendir á að allur matur sé unninn frá grunni og úr ferskasta hráefni sem völ er á hverju sinni. „Við erum með mismunandi áherslur á hlaðborðunum út yfir árið, byrjum á grænkeraborði í janúar og svo taka við sjávarréttir í mars, okkar sívinsæla breytilega borð yfir sumarið, villibráð í október og svo stóra ameríska jólahlaðborðið sem hefur heldur betur slegið í gegn.

Þó að við séum með þema þá er alltaf eitthvað fyrir alla á hlaðborðinu því við leggjum upp úr því að allir geti farið saman út að borða. Við erum til dæmis alltaf með vegan mat í boði og reynum að vera sem mest glútenlaus. Allir réttirnir á hlaðborðinu eru merktir með innihaldsefnum ef fólk er með ofnæmi og svo er líka hægt að hafa samband ef fólk er á sérfæði. Við erum líka með bakara hjá okkur sem gerir alla eftirréttina frá grunni svo þeir séu sem ferskastir."

Hugmyndir sem fara út fyrir kassann velkomnar

Hildur Kristinsdóttir, verkefnastjóri ráðstefna, segir hótelið bjóða upp á aðstöðu fyrir ólíka viðburði af ýmsum stærðum. „Við erum með aðstöðu fyrir fundi og getum svo líka haldið afmæli, fermingar, jólahlaðborð og allt þar á milli. Við sníðum viðburðina í góðri samvinnu við gestina og tökum vel í allar hugmyndir. Við reynum að verða við öllum óskum, til dæmis má fólk koma með skreytingar til að gera salina að sínum ef óskað er."

Alex Rocha segir heimamenn og hótelgesti mætast í þægilegu andrúmslofti í Bjórgarðinum.

Eftirréttirnir á Haust njóta vinsælda hjá öllum aldurshópum enda gerðir frá grunni af bakara hótelsins.

Hótelið er einnig búið frábæru eldhúsi svo veitingarnar eru ekki af verri endanum. „Við erum með pinnamatseðil fyrir móttökur eða til að halda upp á vel heppnaðan fund í lok dags. Eins stærum við okkur af mjög metnaðarfullum veisluseðli þar sem hægt er að velja úr úrvals réttum. Fermingarhlaðborðin okkar hafa slegið í gegn þar sem við bjóðum upp á sambland af heitum og köldum réttum ásamt kökuhlaðborði. Við leggjum metnað í að allir geti notið þess að borða hjá okkur og reynum að taka fullt tillit til allra sérþarfa í mataræði."

Hún nefnir að eftirsótt sé að halda brúðkaupsveislur af öllum stærðum á hótelinu. „Veisluseðillinn er unninn í samráði við brúðhjónin og salurinn dekkaður upp eftir þeirra óskum. Stóru svíturnar okkar tvær á 16. hæð henta vel fyrir brúðhjón til að hafa sig til hvort í sínu lagi með sínu nánasta fólki og við mælum eindregið með að dvelja í svítunni á brúðkaupsnóttina svo hægt sé að njóta þess að sofa út og fara í brönsinn okkar á Haust."

Vinsælt er að halda ráðstefnur á hótelinu enda aðstaðan frábær. „Við bjóðum upp á sex sali í heildina sem geta tekið allt upp í 220 manns. Á sextándu hæð er hægt að halda litla fundi með stórkostlegu útsýni yfir borgina. Hinir salirnir eru á annarri hæð hótelsins og eru með innbyggðu hljóðkerfi fyrir ræðuhöld, skjái og skjávarpa og möguleika á streymistengingu. Við getum boðið upp á túlkaþjónustu og streymi af fundum og létta morgun- og eða síðdegishressingu."

Á hlaðborðinu á Haust er boðið upp á úrval rétta við allra hæfi og tekið er sérstakt tillit til sérþarfa í mataræði.

> **Við viljum vera í fremstu röð bæði í mat og þjónustu, svo einfalt er það.**
>
> Guðni Hrafn Grétarsson

Hildur segir hugmyndir sem eru aðeins út fyrir kassann alltaf velkomnar. „Við fögnum því að fá stór verkefni sem gefa okkur tækifæri til að sanna hvað við getum og læra nýja hluti í leiðinni."

Mesta úrval af jólabjór á landinu

Alex Rocha kom til starfa á Bjórgarðinum fyrir ári og segir garðinn frábæran valkost þegar kemur að bjórdrykkju í Reykjavík.

„Við erum hluti af hóteli og þess vegna eru þægindi og öryggi okkar aðalsmerki. En Bjórgarðurinn er samt auðvitað bjórgarður með afslöppuðu og líflegu andrúmslofti. Hér hittast hótelgestir og heimamenn sem vinna í nágrenninu og njóta þess að smakka nýjar og spennandi bjórtegundir. "

Bjórúrvalið er mikið, 26 bjórar á krana og 90% íslensk framleiðsla. „Núna erum við til dæmis með mesta úrval af jólabjór á landinu og allt á krana," segir Alex og minnist sérstaklega á húsbjórinn, sem er framleiddur í samstarfi við bruggstofuna Gæðing. Og matinn. „Við erum með borgara og fisk og franskar og vegan valkosti fyrir þau sem það vilja. Eitthvað fyrir alla."

Bjórgarðurinn hefur líka tekið þeim stakkaskiptum að þar er nú hægt að fylgjast með alþjóðlegum íþróttaviðburðum og halda fundi og viðburði. „Margir funda á morgnana í Bjórgarðinum og fá sér síðan hádegismat, annaðhvort þar eða á Haust og það er að mælast mjög vel fyrir." Bjórgarðurinn er opinn frá hádegi til ellefu á kvöldin og til eitt um helgar.

Í Þórunnartúni eru næg bílastæði og auðvelt að leggja svo það er ekkert því til fyrirstöðu að kíkja á Haust í hlaðborð eða bjór og njóta gæða, þjónustu og þæginda í fallegu umhverfi . ■

Landsliðskokkurinn töfrar fram jólaeftirréttinn

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Ísak Aron Jóhannsson landsliðskokkur kom, sá og sigraði eftirréttakeppni Garra sem haldin var á Stóreldhússýningunni á dögunum. Nú er hann farinn út á vegum kokkalandsliðsins að keppa á heimsmeistaramóti í matreiðslu og hefur staðið í ströngu síðustu vikur í undirbúningi fyrir keppnina.

Ísak Aron sigraði í eftirréttakeppni Garra, fyrir Eftirrétt ársins 2022, og er þessa dagana úti í Lúxemborg með kokkalandsliðinu að keppa á heimsmeistaramótinu í matreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ísak galdrar hér fram einn sáraeinfaldan jólaeftirrétt fyrir lesendur sem steinliggur. Ísak segir að hann hafi ávallt haft ástríðu fyrir matargerðinni. „Ég hef ávallt verið mikið í eldhúsinu, allt síðan ég var lítill strákur. Amma mín á Súgandafirði var alltaf að baka eða elda og ég fékk að vera með í því. Að henda í pönnukökur eða steikja ýsu í raspi er það sem ég hafði mest gaman af. Ég hef alltaf vitað að mig langaði til að verða kokkur, horfði á matreiðsluþætti sem vöktu áhuga minn á hvað það er mikið rokk og ról. Lætin og öskrin kveikja áhuga og fá mann til að langa í meira. Ég hef unnið í eldhúsi í níu ár og langar ekkert að hætta," segir Ísak.

Ísak er þessa dagana með kokkalandsliðinu í Lúxemborg að keppa á heimsmeistaramótinu í matreiðslu eftir að hafa verið að æfa í eitt og hálft ár. „Á mótinu keppum við í tvenns konar greinum, ein er fyrir 110 manns í þriggja rétta. Ég og Gabriel Kristinn sjáum um forréttinn og erum mjög sáttir við okkar framlag. Önnur keppnin kallast Chef's table en þar eru undirbúin fjögur „canapé", fiskifat með viðeigandi sósum og meðlæti, vegan réttur, aðalréttur, eftirréttur og þrír „petit four" en þar sé ég um „canapé-in"," segir Ísak.

„Þessi mót eru alltaf skemmtileg og gaman að sjá aðrar þjóðir sýna hvað í þeim býr en á Ólympíuleikum sem voru haldnir 2020 lentum við í þriðja sæti sem er besti árangur kokkalandsliðsins frá upphafi."

Fyrst og fremst sjálfsagi

Ísak vann keppnina Eftirréttur ársins og segir það vera mikinn heiður fyrir sig og fagið. „Ég er í keppnismatreiðslu fyrst og fremst til að vinna en síðan er mjög gaman að sjá að keppnin hefur verið tekin upp á næsta stig, svo margir flottir keppendur og diskar."

Ísak segir að huga þurfi að nokkrum hlutum til að geta töfrað fram sælkerarétt. „Það þarf metnað, frumleika og reynslu en fyrst og fremst þarftu sjálfsaga.

Sérrífrómasinn er guðdómlegur og með jólalegu ívafi.

Sjálfsagi kemur þér mun lengra en hæfileikar, þú þarft að vilja setja inn vinnuna sem þarf til að þróa réttinn en ef það er ekki til staðar þá kemst maður ekki langt."

Þegar Ísak er spurður hvort Eftirréttur ársins sé jólaeftirrétturinn í ár svarar hann neitandi. „Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá er svarið nei, þessi eftirréttur tæki mig líklega tólf klukkustundir að framreiða frá grunni svo fólkið heima myndi ekki leggja það á sig. Mig langar hins vegar til að jólaeftirrétturinn í ár sé sérrífrómas með kirsuberjasósu en ég luma á góðri uppskrift að því sem nær allir geta hent í."

Aldrei stressaður í matargerð

Á aðventunni reynir Ísak að hafa það notalegt með sínum nánustu. „Ég reyni að slaka á með vinum og fjölskyldu, fara í göngutúra, stunda heilsurækt eða jafnvel liggja undir teppi og horfa á mynd. Ég fer í sem flest fjölskylduboð en passa mig að verða aldrei stressaður í kringum matinn," segir hann og brosir.

Bernskujólin eru minnisstæð. „Ég fór alltaf vestur á Súgandafjörð um jólin en það var eitthvað við það að flýja stressið í borginni og komast í fallega náttúruna og kyrrðina sem ríkir á Suðureyri. Það er svo gott að „reboota" sig, ef ég fæ að sletta smá, og slaka á þar sem hugurinn fær hvíld," segir Ísak. „Það sem er eftirminnilegast eru skötuboðin sem amma og afi héldu á Hjallavegi 19 á Suðureyri, að sjá alla fjölskylduna koma saman og fylla húsið með yndislegu lyktinni af skötu var eitthvað svo jólalegt."

Aðspurður segir Ísak að ananasfrómasinn hjá ömmu hans hafi ávallt slegið í gegn en síðastliðin jól hefur hann verið að prufa sig áfram og gera bara það sem hann langar í. „Kannski byrjar maður með einhverja hefð á næstunni en skata á Þorláksmessu og hangikjöt á jóladag breytist aldrei," segir Ísak að lokum og sviptir hér hulunni af ljúffengum frómas sem allir eiga að geta gert fyrir hátíðirnar.

Sérrífrómas

- 150 g eggjarauður
- 145 eggjahvítur
- 200 g sérrí
- 100 g súkkulaðispænir
- 200 g sykur
- 16 g gelatín-blöð
- 600 g rjómi

Eggjarauður og sykur er þeytt saman þar til sykur hefur verið leystur upp. Gelatínblöð er sett í bleyti í 5 mínútur í köldu vatni, soðið upp á sérrí og gelatínblöðum pískað saman við og því síðan hellt í eggjarauðurnar og hrært vel saman. Rjómi er þeyttur og í annarri skál eru hvítur þeyttar. Eggjahvítur eru hrærðar varlega saman við eggjarauður og sykur með sleif, næst á eftir er þeyttum rjóma hrært varlega saman við og síðast er súkkulaðispæni bætt við. Sett í skál og leyft að stífna í 5 tíma.

Kirsuberjasósa

- 450 g kirsuber án kjarna (frosin eða fersk)
- 100 g sykur
- 100 ml sykur
- 15 g sítrónusafi
- 10 g maizena

Kirsuber ásamt sykri og vatni er sett í pott og leyft að hægsjóða í 7 mínútur, sítrónusafi er kreistur út í og suða látin koma upp. Maizena er bætt við og hrært vel saman, leyft að kólna og hellt síðan yfir sérrífrómasinn og borið fallega fram. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Bókamessa

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 26. nóvember 2022

„Það er einlæg von okkar sem að bókaútgáfu stöndum að bækur rati í pakka sem flestra landsmanna í ár," segir Bryndís Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jólabókaflóðið hefst í Hörpu

Nýjar bækur verða í aðalhlutverki í Hörpu um helgina þegar hin árlega Bókamessa fer þar fram. Rithöfundar, lesendur og útgefendur hittast þar undir einu þaki og dagskráin er fjölbreytt og skemmtileg. 2

Árleg bókamessa Félags íslenskra bókaútgefenda hefst í dag klukkan 11 í Hörpu í Reykjavík og stendur yfir til klukkan 17 á morgun. Það eru Félag íslenskra bókaútgefenda og Bókmenntaborgin sem standa saman að bókamessunni en þar mætast saman útgefendur, höfundar og lesendur og njóta samvista hvert annars og alls þess sem heldur orðlistinni í öndvegi, segir Bryndís Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda.

„Rúmlega 30 útgefendur munu kynna bækur sínar svo gera má ráð fyrir að megnið af jólabókaflóðinu taki sér helgarbólfestu í Hörpu. Þetta er í tólfta sinn sem messan er haldin, síðustu tvö ár var hún þó aðeins á vefnum í formi fjölbreyttrar bókmenntadagskrár. Það fagna því allir að geta komið saman á ný í Hörpu."

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir og Páll Baldvin Baldvinsson djúpt sokkin í Síldarárin á Bókamessunni 2019.

Fjölbreytt dagskrá

Hægt verður að gera góð kaup um helgina, spjalla við höfunda og jafnvel fá bækur sínar áritaðar af þeim. „Eins er gott að slaka bara á, rölta um svæðið í rólegheitum, hitta mann og annan og safna hugmyndum að góðum jólagjöfum eða eigin jólaóskum og láta útgáfuna koma sér á óvart."

Barnabóka-smakkið verður á sínum stað, segir Bryndís. „Þar má finna sýnishorn af nýjum barnabókum á stóru borði þar sem börn á öllum aldri geta skoðað, flett og auðvitað tyllt sér niður og lesið heilu og hálfu bækurnar á meðan þeir fullorðnu rölta um svæðið. Þetta er líka tilvalinn staður til þess að ganga frá óskalistum, til dæmis með því að taka myndir af þeim bókum sem börnin eru spenntust fyrir."

Bókmenntadagskrá í Kaldalóni

Vegleg bókmenntadagskrá á vegum Bókmenntaborgar verður að þessu sinni í Kaldalóni og hefst klukkan 13 og 15 báða dagana. „Í dag laugardag klukkan 13 ræðir Dagný Kristjánsdóttir við Guðna Elísson, Rögnu Sigurðardóttur og Silju Aðalsteinsdóttur um ástina í verkum þeirra og klukkan 15 ræðir Yrsa Sigurðardóttir um glæpasögur við Katrínu Jakobsdóttur og Ragnar Jónasson."

Á sunnudag klukkan 13 stýrir Björn Halldórsson pallborðsumræðum um smásögur og fær til sín rithöfundana Maríu Elísabetu Bragadóttur, Örvar Smárason, Guðjón Baldursson og Kristínu Guðrúnu Jónsdóttur þýðanda. Klukkan 15 stýrir Sunna Dís Másdóttir pallborðsumræðum um erlend skáld á íslenskum ritvelli. Þátttakendur í pallborðinu verða þau Natasha S., Jakub Stachowiak og Ewa Marcinek.

Barnabækur í vandaðri uppstillingu sem miða við hæð lesenda.

Höfundar Forlagsins spjalla við gesti og árita bækur sínar.

Bókatíðindin bæði prentuð og á vef

Búið er að dreifa prentaðri útgáfu Bókatíðinda en hægt er að nálgast eintök á messunni um helgina. „Þá má líka benda á að Bókatíðindin eru nú komin með eigin vefsíðu, bokatidindi.is, þar sem hægt er að kynna sér allar bækur á einum stað og auðvelt að deila bókaóskum með vefslóðum. Það er sérstök ástæða til þess að benda lesendum íslenskra bóka sem búsettir eru erlendis á vefsíðuna á meðan enn vinnst tími til bókasendinga fyrir jól."

Sterkt skáldverkaár

Bryndís segir að ekki þurfi að sökkva sér á bólakaf í bókaflóðið til þess að sjá að hér er á ferðinni feiknarsterkt skáldsagnaár sem endast mun þjóðinni vel fram yfir jól. „Margir þekktir rithöfundar eiga bækur þetta árið en líka stór hópur yngri höfunda sem ástæða er til að kynnast. Annars er útgáfan fjölbreytt að vanda og má til dæmis finna fjölmargar fínar fræðibækur og ævisögur."

Bryndís Loftsdóttir ásamt forsvarsmönnum elstu bókaforlaganna, Hrefnu Róbertsdóttur og Ólöfu Dagnýju Óskarsdóttur.

Styttist í tilnefningar

Nú styttist í tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna en þær verða kynntar á Kjarvalsstöðum 1**.** desember. „Það eru líklega erfiðir dagar hjá dómnefndum sem setið hafa að lestri frá því í byrjun september og þurfa að velja þær fimm bækur sem tilnefndar verða í hverjum flokki." Verðlaunin skiptast sem áður í þrjá flokka, fræðibækur, barnabækur og skáldverk.

Hún hvetur sem flesta til að kíkja við í Hörpu um helgina. „Það er einlæg von okkar sem að bókaútgáfu stöndum að bækur rati í pakka sem flestra landsmanna í ár. Það er gamall og góður siður að læða nýrri bók með sér í rúmið á jólanótt."

> **Þetta er líka tilvalinn staður til þess að ganga frá óskalistum, til dæmis með því að taka myndir af þeim bókum sem börnin eru spenntust fyrir.**
>
> Bryndís Loftsdóttir

Bókamessan fer fram dagana 26.-27. nóvember milli klukkan 11 og 17. ■

Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO (BokmenntaborginReykjavik) og á heimasíðu Félags íslenskra bókaútgefenda, fibut.is.

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103 | Veffang: frettabladid.is

Gleðileg bókajól

Kláraðu jólagjafirnar snemma í ár



Flói bernsku minnar
Guðni Ágústsson
5.399 kr.

Spítalastelpan
Sigmundur Ernir Rúnarsson
5.399 kr.

Skipin sem hurfu
Steinar J. Lúðvíksson
5.399 kr.

Hjarta Íslands: Frá Hrísey til Fagradalsfjalls
Gunnsteinn Ólafsson & Páll Stefánsson
9.999 kr.



Usli
Úlfar Þormóðsson
5.399 kr.

Þormóður Torfason
Bergsveinn Birgisson
5.399 kr.

Sjófuglinn
Egill Ólafsson
4.999 kr.

Harry Potter og eldbikarinn
J. K. Rowling
3.399 kr.

Tríó lendir í ævintýrum
Bjarni Hafþór Helgason & Freydís Kristjánsdóttir
2.999 kr.



Baddi er reiður!
Mervi Lindman
2.599 kr.

Fáðu betra verð og safnaðu inneign með Samkaupa-appinu

netto

Lyktin af nýjum bókum er algjörlega einstök

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Magnea Magnús hefur verið bókaormur allt sitt líf. Hún setti á fót Facebook-hópinn Bókagull – Umræða um góðar bækur fyrir þrettán árum en hópurinn telur í dag rúmlega sautján þúsund manns. Þar skapast líflegar umræður um alls kyns bækur.

Facebook-hópurinn Bókagull – Umræða um góðar bækur, var stofnaður fyrir þrettán árum og telur rúmlega sautján þúsund meðlimi. Þar fer fram lífleg og skemmtileg umræða um góðar bækur eins og heiti hópsins gefur til kynna og er hópurinn virkur allt árið, segir Magnea Magnús, stofnandi hans.

„Við hjónin áttum Bókaverslun Þórarins Stefánssonar á Húsavík í fimmtán ár og þar vorum við auðvitað mikið að ræða um bækur og þurftum meðal annars að fylgjast vel með umræðum um jólabækurnar. Mér fannst vanta umræður þar sem fólk gæti rætt saman um bækur og þá ekki bara fyrir jólin og var að spá í þetta í einhvern tíma. Eftir mikla hvatningu frá vinkonu minni heitinni, sem vann hjá okkur, henni Svanhildi Diego bókaormi, skellti ég mér í þetta og hún hjálpaði mér að finna nafnið með mér.“



Magnea Magnús varð snemma bókaormur og fastagestur á bókasöfnum og í bókabílum.

Mikil vinna tengd hópnum

Mjög líflegar umræður skapast reglulega um ólíkar bækur að hennar sögn og því gott að leita ráða í hópnum. „Mér finnst til dæmis frábært að geta farið á bókasafn og fundið ummæli í Bókagulli um bók sem ég er að spá í að lesa.“

Hún segir mikla vinnu fara í að halda hópnum hreinum, til dæmis með því að henda út róbótum, auglýsingum og öðru sem henni finnst ekki eiga heima í hópnum. „Maðurinn minn, Friðrik Sigurðsson, er kominn með mér í þetta því stundum kemur tímabil sem ég er alveg búin að fá nóg. Það sem hefur komið mér á óvart er hvað sumir virðast ekki gera sér grein fyrir því hvað það er dýrmætt að umræður í hópnum snúist bara um bækur. Hvað fólki finnst um bækur sem það hefur lesið og hvort það mæli með þeim eða ekki. Það þarf að leggja á sig mikla vinnu svo að svona hópar týni ekki upphaflegum tilgangi sínum. En Bókagull er þrettán árum síðar enn eins og ég vildi hafa hópinn upphaflega, það er að hann innihaldi umræður um góðar bækur, því allar bækur eru jú góðar, bara misgóðar.“

Var bókasjúk stelpa

Magnea hefur verið bókaormur frá því hún man eftir sér. „Ég var bókasjúk sem stelpa og fór sem barn og unglingur nánast í hverri viku í bókabílinn eða í strætó á bókasafn. Þá tók ég þær tíu bækur sem var hámarkið og Ingunn, æskuvinkona mín, tók svo aðrar tíu bækur og þessar 20 bækur dugðu okkur í viku.“

Skandinavísku krimmarnir eru í miklu uppáhaldi þessi árin að hennar sögn en svo koma nokkrir íslenskir, amerískir og breskir höfundar sterkir inn. „Bókalestur gefur mér alveg ótrúlega mikið. Ég hef reyndar minna getað lesið síðasta árið vegna heilahristings og ég sakna þess að geta gleymt mér í góðri bók. Mér finnst líka gott að handleika bækur og lyktin af nýjum bókum er algjörlega einstök. Af nýútgefnum bókum þessa dagana er ég mest spennt fyrir Drepsvörtu hrauni eftir Lilju Sigurðardóttur og Saknaðarilmi eftir Elísabetu Jökulsdóttur en þessir höfundar eru í miklu uppáhaldi hjá mér.“ ■

Magnea Magnús stofnaði Facebook-hópinn Bókagull – Umræða um góðar bækur, fyrir þrettán árum.
MYND/AÐSEND

FORLAGSFJÖR Á BÓKAMESSU
Við tökum vel á móti ykkur í Hörpu um helgina kl. 11–17



- Höfundar afgreiða og árita bækur sínar
- Föndur fyrir börnin
- Gefins plaköt og bókamerki

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | www.forlagid.is

OPIÐ
10–19
ALLA DAGA
TIL JÓLA

**Verið velkomin
í bókabúð Forlagsins
Fiskislóð 39**

þar sem úrval og gæði eru
í fyrirrúmi. Frábær þjónusta
og næg bílastæði.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**

Rosalegur vöxtur í smásögunum

Einn af dagskrárliðum Bókamessunnar í Hörpu um helgina verða pallborðsumræður helgaðar smásögum en mikill uppgangur og vinsældir hafa verið á smásagnarforminu hér á landi á undanförnum árum.

gummih@frettabladid.is

Rithöfundurinn Björn Halldórsson mun stýra pallborðsumræðunum, sem hefjast klukkan 13 á morgun og verða í Kaldalónssalnum í Hörpu. Umræðurnar eru helgaðar nýútgefnum smásögum. Þau sem koma og spjalla við Björn eru: María Elísabet Bragadóttir (Sápufuglinn), Örvar Smárason (Svefngríman), Guðjón Baldursson (Og svo kom vorið), og Kristín Guðrún Jónsdóttir, þýðandi Guadalupe Nettel (Hjónaband rauðu fiskanna) og ritstjóri sýnisbókarinnar Með flugur í höfðinu.

„Það er gaman að fá þennan samkomustað aftur," segir Björn en tvö undanfarin ár hefur þurft að aflýsa Bókamessunni vegna heimsfaraldursins.

„Þegar þú ert að skrifa og ert að vinna í skáldskap þá ertu svo mikið einn úti í horni. Þú ert inni í einhverri kompu að bisast yfir einhverjum texta allan liðlangan daginn. Einhver samkomuvettvangur, eins og bókmenntahátíð, Bókamessan eða jólabókaflóðaútgáfan, er mjög mikilvægur til þess að minna sig á annað fólk og líka til að tengjast og sjá hvað aðrir eru að gera. Svo er þetta líka vettvangur fyrir lesendur og það er eitthvað sem þarf að passa. Það er til hellingur af fólki þarna úti sem les rosalega mikið og þarna myndast snertipunktur við það. Fólk getur mætt og séð allt það sem er í gangi. Þetta er skemmtilegur dagur fyrir fjölskylduna þar sem höfundarnir eru á staðnum," segir Björn.

Björn segir að það sé mjög skemmtilegt að fá að takast á við að stýra pallborðsumræðunum en hann er ekki óvanur því að taka þetta hlutverk að sér. „Það er búinn að vera rosalegur vöxtur í smásögunum undanfarin ár. Ég gaf út mína fyrstu bók árið 2017, sem var smásögusafn. Ég ýtti þá á félaga minn sem var að vinna í bókabúð hvort þau gætu ekki verið með metsölulista fyrir smásögusafn eins og ljóðabækurnar því ég sá algjörlega fram á að vera bara einn á honum sem hefði verið mjög hentugt," segir Björn og hlær.

Spurður hvað hann telji vera helstu ástæðuna fyrir uppgangi smásagnanna segir Björn: „Það sem ég held að sé númer eitt, tvö og þrjú sem hafi breyst er tilkoma ritlistardeildarinnar í Háskólanum sem er vettvangur þeirra. Smásögur eru algjörlega listform út af fyrir sig. Maður á alls ekki að hugsa um þær sem einhverjar æfingar fyrir skáldsöguna eins og sumir gera. Smásögurnar eru mjög góður vettvangur fyrir nýja höfunda að þróa og æfa röddina sína og að komast áfram. Smásögur eru styttri hreint og beint og það er auðveldara að henda smásögu sem virkar ekki heldur en að henda einni skáldsögu. Þar af leiðandi getur þú tekið meiri áhættu, gert fleiri tilraunir og prófað hluti sem eru kannski ekki þægilegir. Þess vegna eru þær svo mikilvægar í þróun höfundarins. Við höfum séð risastóra nýja höfundastétt rísa upp undanfarin ár samhliða ritlistanáminu," segir Björn.

Rithöfundurinn Björn Halldórsson mun stýra pallborðsumræðunum á Bókamessunni í Hörpu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við búum til opið samtal milli höfunda og lesenda

Spurður nánar út í pallborðsumræðurnar segir Björn: „Þetta verða fjórir höfundar sem verða með mér. María Elísabet og Örvar eru bæði ungir og nýir höfundar og fyrsta verk þeirra beggja voru smásögur. Örvar kemur úr ritlistinni og getur rætt eitthvað um það og María er sjálfmenntuð.

Guðjón er á öðrum vettvangi. Hann er búinn að klára heilan feril sem læknir og er farinn að skrifa smásögur á efri árum. Svo er það hún Kristín. Hún er þýðandi og hefur einbeitt sér rosalega mikið að smásögum, sérstaklega frá latnesku Ameríku og frá spænskumælandi löndum. Ég er mjög forvitinn að heyra frá henni hvernig smásöguformið er í þessum menningarheimi.

> Smásögur eru mjög góður vettvangur fyrir nýja höfunda að þróa og æfa röddina sína og að komast áfram.
>
> Björn Halldórsson

Það verður gaman að heyra hvað þau hafa að segja. Ég ætla ekkert að yfirheyra þau í þaula um bækurnar þeirra. Þau munu ræða málin við lesendur og við munum búa til opið samtal milli höfunda og lesenda. Ég hef oft tekist á við svona pallborðsumræður og maður er bara til staðar til að henda út einhverju haldreipi og fylgjast með klukkunni. Ég vil helst láta fara minnst fyrir mér sjálfum og leyfa höfundum að tala og fara á flug," segir Björn, sem reiknar með að umræðurnar standi yfir í um klukkustund. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið job

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

Innkaupastjóri BM Vallár

Býrð þú yfir útsjónarsemi og umbótavilja?

Við leitum að útsjónarsömum, töluglöggum og metnaðarfullum innkaupastjóra til að sinna innlendum og erlendum innkaupum. Um er að ræða spennandi starf með öflugu samstarfsfólki sem vinnur að því að gera mannvirkjagerð á Íslandi umhverfisvænni.

Innkaupastjóri hefur umsjón með lagerhaldi, birgðastýringu, þróun vöruvals og verðstefnu, innkaupaáætlun og flutningsmálum.

Í okkar skýru stefnu um gæða- og umhverfismarkmið er gerð sú krafa að innkaupastjóri fylgi hagkvæmri og vistvænni innkaupastefnu.

Starfssvið og ábyrgð

- Samskipti, samningagerð og öflun tilboða
- Uppbygging og þróun stafrænna leiða í innkaupum
- Stefnumótun og ábyrgð innkaupaferla, áætlana og verklagsreglna
- Upplýsingagjöf og greiningar til að auka skilvirkni í aðfangakeðju

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum og samningagerð
- Talnalæsi, greiningarhæfni og umbótavilji
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Kostur ef viðkomandi hefur þekkingu á byggingarmarkaði

BM·VALLÁ

BM Vallá gegnir forystuhlutverki í framleiðslu á steypu- og múrvörum fyrir íslenskan byggingariðnað. Framleiðsla fyrirtækisins byggir á þekkingu, reynslu og gæðum sem endast og standast ítrustu álagsprófanir við íslenskar aðstæður. Umhverfismál og sjálfbær nýting auðlinda er rauður þráður í starfseminni og hefur BM Vallá sett sér það metnaðarfulla markmið að verða umhverfisvænasti steypuframleiðandi landsins.

BM Vallá er í eigu Eignarhaldsfélagsins Hornsteins ehf., sem á að auki Björgun og Sementsverksmiðjuna. Hjá fyrirtækjunum starfar fjölbreyttur og samhentur hópur rúmlega 200 starfsmanna víðs vegar á landinu.

Sótt er um starfið á hagvangur.is

Lögð er rík áhersla á gott vinnuumhverfi og jafnrétti og er fyrirtækið með jafnlaunavottun. Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með **5. desember nk.**

Upplýsingar um starfið veita Elín Dögg Ómarsdóttir, **elin@hagvangur.is**, og Inga S. Arnardóttir, **inga@hagvangur.is**.

hagvangur.is

HAGVANGUR

hagvangur.is

HAGVANGUR

FSRE

Viltu taka þátt í uppbyggingu innviða í náttúru Íslands?

Viltu bætast í hóp framsýnna verkefnastjóra sem vinna að því að verja byggðir og skapa aðstöðu fyrir gesti við náttúruperlur Íslands?

VERKEFNASTJÓRI MANNVIRKJAGERÐAR

Sem verkefnastjóri yrðir þú hluti af öflugu teymi sem sér um verkefnastjórn hönnunar- og framkvæmdaverkefna með áherslu á ofanflóðavarnir og uppbyggingu á friðlýstum svæðum.

Verkefnastjóri hefur umsjón með hönnunar-, útboðs- og framkvæmdarferli verkefna, tekur þátt í mati á viðhalds- og endurbótaþörf, veitir ráðgjöf og tekur þátt í frumkvæðisverkefnum. Um er að ræða starf óháð staðsetningu.

Helstu menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði mannvirkjagerðar; meistaragráða er kostur.
- Reynsla af jarðvegsframkvæmdum er kostur.
- Þekking á aðferðafræði verkefnastjórnunar og farsæl reynsla af verkefnastjórnun framkvæmda á hönnunar- og/eða framkvæmdastigi.
- Reynsla af gerð verk- og kostnaðaráætlana á hönnunar- og/eða framkvæmdastigi.
- Ríkir samskiptahæfileikar.

Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur má finna á www.intellecta.is

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 12. DES.

Öll áhugasöm eru hvött til að sækja um. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

Nánari upplýsingar í síma 511 1225:
Thelma Kristín Kvaran, thelma@intellecta.is
Hafdís Ó. Pétursdóttir, hafdis@intellecta.is

intellecta

AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR

Við hjá FSRE mótum og rekum aðstöðu sem nýtist öllum íbúum landsins með einum eða öðrum hætti.

Við önnumst fasteignir og jarðir ríkisins, öflum húsnæðis og stýrum framkvæmdum við breytingar, endurbætur og nýbyggingar.

Okkar markmið er að þjónusta ríkisins sé veitt við bestu aðstæður. Við viljum stuðla að framþróun, auknum gæðum og umhverfisvænum áherslum.

Framundan eru spennandi tímar í þróun FSRE. Við leitum því að jákvæðu og drífandi fólki sem hefur brennandi áhuga á að taka þátt í vegferðinni með okkur og láta þannig gott af sér leiða í þágu samfélagsins.

FSRE býður upp á verkefnamiðað vinnuumhverfi og sveigjanlegan vinnutíma. Við brennum fyrir jafnrétti, frábærri vinnustaðamenningu og fjölskyldu-vænum vinnustað.

FSRE.IS

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Lyfjastofnun
Icelandic Medicines Agency

Erum við að leita að þér?

Lyfjastofnun óskar eftir að ráða drífandi einstaklinga sem þrífast á spennandi verkefnum, sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum auk þess að eiga auðvelt með að vinna í teymi. Um er að ræða fjölbreytt störf á góðum vinnustað. Starfshlutfall er 100% eða skv. samkomulagi.

Verkefnastjóri í verkefnastjórnunardeild

Verkefnastjóri ber faglega ábyrgð og verkefnastýrir völdum ferlum og verkefnum hjá ýmsum sviðum stofnunarinnar, með aðaláherslu á skráningarferla. Starfið heyrir undir verkefnastjórnunardeild á umsókna- og samskiptasviði Lyfjastofnunar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Verkefnastjórnun og umsjón með markaðsleyfisumsóknum
- Umsjón annarra verkefna og samskipti þvert á stofnunina
- Umbótaverkefni
- Samskipti við erlendar lyfjastofnanir og umsækjendur

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf, kostur sé það af heilbrigðis- eða raunvísindasviði
- Mikil reynsla og/eða nám í verkefnastjórnun er kostur
- Þekking og reynsla af lyfjaskráningum og ritun gæðaferla er kostur
- Þekking á lyfjaskráningakerfum eins og eCTD og CTS er kostur

Sérfræðingur í lyfjaskráningum - dýralyf

Við óskum eftir að ráða öflugan einstakling í áhugavert og krefjandi starf sérfræðings í lyfjaskráningum, með áherslu á dýralyf. Starfið heyrir undir markaðsleyfadeild á skráningarsviði Lyfjastofnunar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Mat og afgreiðsla umsókna um ný markaðsleyfi sem og breytingar og viðhald markaðsleyfa manna- og dýralyfja
- Þýðingar lyfjatexta og mat á lyfjatextum
- Þátttaka í Evrópusamstarfi vegna markaðsleyfa dýralyfja

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Að minnsta kosti 2 ára reynsla af lyfjaskráningum
- Þekking á íslenskri og evrópskri lyfjalöggjöf
- Þekking á dýralyfjum

Sérfræðingur í lyfjaskráningum

Við leitum að öflugum einstaklingi sem er reiðubúinn að vinna áhugavert og krefjandi starf. Starfið heyrir undir markaðsleyfadeild á skráningarsviði Lyfjastofnunar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Mat og afgreiðsla umsókna um ný markaðsleyfi sem og breytingar og viðhald markaðsleyfa manna- og dýralyfja
- Þýðingar lyfjatexta og mat á lyfjatextum
- Samskipti við aðrar innlendar stofnanir, erlendar lyfjastofnanir og markaðsleyfishafa lyfja

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Að minnsta kosti 2 ára reynsla af lyfjaskráningum
- Þekking á íslenskri og evrópskri lyfjalöggjöf
- Reynsla af vinnu við lyfjatexta á íslensku, ensku og norðurlandamálum (að finnsku undanskilinni)

Eftirlitsmaður á eftirlitssviði

Eftirlitsmaður starfar í lyfjaöryggisdeild á eftirlitssviði Lyfjastofnunar. Hlutverk sviðsins er að bera ábyrgð á eftirliti með lyfjaframleiðslu, dreifingu og umsýslu lyfja og lækningatækja.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Eftirlit með lyfjaframleiðendum og lyfjaheildsölum
- Eftirlit með markaðsleyfishöfum og öðrum eftirlitsþegum
- Mat og vinnsla gæðaatvika
- Þátttaka í eftirliti og samstarfi á erlendri grundu

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf af heilbrigðis- eða raunvísindasviði sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla á sviði lyfjaframleiðslu og/eða lyfjadreifingu
- Þekking og/eða reynsla af gæðamálum

Umsóknarfrestur er til og með **12. desember 2022**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um.

Ítarlegri upplýsingar um störfin og Lyfjastofnun má finna á www.intellecta.is.
Nánari upplýsingar veita Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is).

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Könnunarkönnun

Viðskiptastjóri á útleigusviði

Reginn óskar eftir að ráða viðskiptastjóra til starfa á útleigusviði félagsins. Við leitum að jákvæðum og þjónustudrifnum einstaklingi sem þrífst í hröðu og síbreytilegu umhverfi en viðskiptastjóri sér meðal annars um öflun nýrra viðskiptavina og tekur þátt í þróun valkosta fyrir nýja og núverandi leigutaka félagsins.

Viðskiptastjóri þarf að hafa sjálfstæð og öguð vinnubrögð og vera með háskólamenntun sem nýtist í starfi. Þekking á byggingum og byggingartækni er mikill kostur.

Allar nánari upplýsingar eru á **hagvangur.is** þar sem sótt er um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með **8. desember nk.**

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**.

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Reginn hf. er íslenskt fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði. Fasteignasafn Regins telur 102 fasteignir og er heildarstærð safnsins um 374 þúsund fermetrar. Félagið er hlutafélag í dreifðu eignarhaldi og skráð í Kauphöll Íslands.

Reginn hf. fékk verðlaun Creditinfo fyrir árangur á sviði sjálfbærni meðal Framúrskarandi fyrirtækja 2022 og leggur jafnframt mikinn metnað í að skapa og bjóða upp á gott vinnuumhverfi fyrir starfsfólk.

Félagið hefur í gildi jafnlauna- og jafnréttisstefnur ásamt jafnlaunakerfi sem fyrirbyggir beina og óbeina mismunun vegna kyns. Við ráðningar er leitast við að jafna hlutföll kynjanna að uppfylltum hæfniskröfum.

Sótt er um starfið á hagvangur.is

hagvangur.is

HAGVANGUR

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Borgarbyggð auglýsir laust til umsóknar fjölbreytt og spennandi starf sem felur í sér umsjón með faglegri stjórnsýslu hjá sveitarfélaginu. Í starfinu felst að stýra sviði sem ber ábyrgð á skipulags- og byggingarmálum og umhverfis- og framkvæmdamálum í vaxandi samfélagi. Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs er hluti af framkvæmdaráði sveitarfélagsins og heyrir beint undir sveitarstjóra.

Helstu verkefni

- Daglegur rekstur og stjórn stjórnsýslusviðs en undir það heyra skipulags- og byggingardeild, umhverfis- og framkvæmdadeild og slökkvilið
- Stuðningur og ráðgjöf til stjórnenda í sveitarfélaginu um faglega stjórnsýslu
- Samskipti við íbúa, fyrirtæki, opinbera aðila og aðra sem eiga erindi við sveitarfélagið í þeim málaflokkum sem heyra undir stjórnsýslusvið
- Umsjón með aðkomu sveitarfélagsins að fjölbreyttum uppbyggingarverkefnum
- Kynning og ráðgjöf til sveitarstjórnar, byggðarráðs og sveitarstjóra
- Önnur verkefni sem sveitarstjóri felur sviðsstjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, s.s. í lögfræði, verkfræði, skipulagsfræði og tæknifræði. Framhaldsmenntun er kostur
- Þekking og farsæl reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Frumkvæði, skipulagshæfni og fagmennska
- Hæfni til að stýra teymi og hvetja hóp starfsmanna
- Farsæl stjórnunarreynsla er kostur
- Jákvæðni og virðing í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Færni í framsetningu og miðlun upplýsinga bæði í ræðu og riti
- Gott vald á íslensku og ensku

Borgarbyggð er liðlega 4.000 íbúa sveitarfélag sem nær yfir tæplega 5.000 ferkílómetra svæði. Um helmingur íbúa býr í Borgarnesi en auk þess er þéttbýli á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum, Varmalandi, Bifröst og Reykholti og blómleg byggð til sveita. Þá eru í Borgarbyggð um 1.500 frístundahús.

Í Borgarbyggð má finna fjölbreytta alhliða þjónustu. Í sveitarfélaginu eru tveir háskólar, menntaskóli, tveir grunnskólar og fimm leikskólar. Þar er margbrotið atvinnulíf; ferðaþjónusta, verslun, iðnaður, orkuframleiðsla, landbúnaðar og önnur fjölbreytt matvælaframleiðsla.

Borgarbyggð er í útjaðri höfuðborgarsvæðisins. Íbúar Borgarbyggðar njóta nálægðar við útivist og afþreyingu. Menningar- og íþróttalíf er fjölbreytt og yfirleitt gefst góður tími til að sinna fjölskyldu, vinum og áhugamálum að afloknum vinnudegi.

Sótt er um starfið á hagvangur.is

Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt gildandi samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Um er að ræða 100% starf og getur viðkomandi hafið störf sem fyrst. Á vinnustaðnum eru gildin virðing, áreiðanleiki og metnaður höfð að leiðarljósi.

Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi ef við á. Umsókn fylgi einnig kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til og með **12. desember nk.** Nánari upplýsingar veitir Elín Dögg Ómarsdóttir, **elin@hagvangur.is**.

Sérfræðingur í upplýsingatækniáhættu

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS óskar eftir að ráða sérfræðing með góðan skilning á högun, uppbyggingu og rekstri tölvukerfa.

Við leitum að öflugum sérfræðingi til að sinna mati og eftirliti með upplýsingatækniáhættu fjármálafyrirtækja, þ.m.t. netöryggi. Seðlabankinn leggur áherslu á að búa yfir mikilli þekkingu á þessu sviði og vill stuðla að uppbyggingu sterkra netöryggisvarna í fjármálakerfinu.

Um er að ræða fjölbreytt starf í deild áhættugreiningar á bankasviði. Hlutverk sviðsins er að starfrækja áhættumiðað eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja. Eftirlitið felur m.a. í sér reglubundna vöktun á starfsemi fyrirtækjanna á grundvelli gagnaskila, mat á áhættu og áhættustýringu.

Starfið snýr bæði að heildarsýn á tölvukerfi eftirlitsskyldra aðila, vegna mikilvægis þeirra fyrir fjármálakerfið og virku eftirliti með UT- og netöryggisatvikum. Samskipti við innlenda banka eru stór hluti af starfinu. Mörg tækifæri gefast til þekkingaruppbyggingar og þróunar í gegnum samstarf við önnur svið bankans, aðra seðlabanka og erlendar eftirlitsstofnanir.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Eftirlit með umgjörð og áhættu í rekstri upplýsingatæknikerfa og netöryggi eftirlitsskyldra aðila
- Þróun á aðferðafræði Seðlabankans við mat á upplýsingatækniáhættu og gerð tilmæla
- Framkvæmd og yfirferð á áhættumati
- Yfirsýn yfir þróun upplýsingatækni á fjármálamarkaði og nýrri fjártækni
- Þátttaka í vettvangsathugunum sem tengjast upplýsingatækni
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila og aðra hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðeigandi háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálamarkaði og/eða rekstri tölvukerfa og netöryggi
- Þekking á rekstraráhættu eða á uppbyggingu tölvukerfa
- Reynsla af eftirliti er kostur, sérstaklega á fjármálamarkaði
- Vottun sem tölvuendurskoðandi (t.d. CISA próf) er kostur
- Greiningarhæfni, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, öguð vinnubrögð, ábyrgð, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Hæfni til að tjá sig og miðla upplýsingum í ræðu og riti á íslensku og ensku

Frekari upplýsingar veita Pálmi Reyr Ísólfsson forstöðumaður áhættugreiningar (palmi.reyr.isolfsson@sedlabanki.is) og Telma Ýr Unnsteinsdóttir sérfræðingur á mannauðssviði (mannaudur@sedlabanki.is). Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk.

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík. Sótt er um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is/storf. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans og er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Vakin er athygli umsækjenda á því að um ráðningarferlið gilda m.a. stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt og hvetjandi starfsumhverfi sem einkennist af trausti, fagmennsku, þekkingu og framsækni.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli
- Umsjónarkennari

Leikskólinn Bæjarból
- Háskólamenntaður starfsmaður

Leikskólinn Holtakot
- Leikskólakennari
- Sérkennslustjóri

Leikskólinn Hæðaból
- Starfsmaður í eldhús

Leikskólinn Krakkakot
- Háskólamenntaður starfsmaður
- Leiðbeinandi

Leikskólinn Lundaból
- Starfsmaður

Leikskólinn Mánahvoll
- Háskólamenntaður starfsmaður
- Leiðbeinandi
- Leikskólakennari

Flataskóli
- Umsjónarkennari

Urriðaholtsskóli
- Atferlisþjálfi
- Leikskólakennari
- Starfsfólk í Frístund
- Umsjónarkennari

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Skátarnir eru alþjóðleg æskulýðshreyfing sem hafa það markmið að efla börn og ungmenni til þess að verða sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar.

SKÁTARNIR LEITA AÐ

FRAMKVÆMDASTJÓRA
til að leiða öflugt teymi sem hefur það að leiðarljósi að hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á allri starfsemi Bandalags íslenskra skáta. Daglegt starf felst í rekstri og verkefnastjórnun Skátamiðstöðvarinnar í Hraunbæ 123.

SÖLU OG MARKAÐS FULLTRÚA
sem hefur skýra og nútímalega sýn á ímynd skátastarfs og búnaðarþörf skáta og skátafélaga.

Daglegt starf sölu- og markaðsfulltrúa felst í rekstri, þjónustu og markaðssetningu Skátabúðarinnar, samskiptum við skátafélög og aðra hópa auk umsjón með útgáfu prentaðs efnis.

Nánari upplýsingar um ábyrgð, verksvið og hæfniskröfur má sjá á **www.skatarnir.is/lausstorf** - umsóknarfrestur er til og með 15. desember.

Olíudreifing

Verkefnastjóri á dreifingarsviði

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti. Olíudreifing rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Starfsmenn félagsins eru um 130 talsins á starfsstöðvum víðsvegar um landið. Starfað er samkvæmt gæðavottuðum vinnuferlum.

Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á ***www.oliudreifing.is****.*

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða verkefnastjóra í dreifingu á skrifstofuna í Reykjavík. Viðkomandi sér um skipulagningu á dreifingu fljótandi eldsneytis.

Leitað er að starfskrafti sem hefur ríka þjónustulund og góða skipulagshæfileika.

Helstu verkefni:

- Dagleg skipulagning á dreifingu eldsneytis og vinnu bílstjóra.
- Móttaka á eldsneytispöntunum og þjónustubeiðnum.
- Dagleg samskipti við dreifingarstjóra og bílstjóra.
- Eftirfylgni með viðhaldi á olíubílum.
- Ýmis önnur verkefni sem dreifingarstjóri felur viðkomandi hverju sinni.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af sambærilegum verkefnum er kostur.
- Þekking og reynsla af akstri stórra bíla er kostur.
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund.
- Skipulögð vinnubrögð.
- Góð almenn tölvuþekking.
- Góð íslenskukunnátta í töluðu og rituðu máli ásamt því að geta átt samskipti á ensku.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknarfrestur er til og með 4. desember nk.

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

Umsjón með starfinu hefur
Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Verkefnastjóri

VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

Verkís veitir trausta ráðgjöf sem styður við uppbyggingu sjálfbærra samfélaga.
Við höfum mikla þekkingu á sviði vistvænnar hönnunar og erum leiðandi á heimsvísu þegar kemur að grænni orkuvinnslu og nýtingu jarðvarma.
Við byggjum upp sjálfbær samfélög víða um heim með því að hafa sjálfbærni alltaf í huga við ákvarðanatöku – allt frá fyrstu hugmynd til förgunar.

VERKÍS 90 1932 2022

Við leitum að liðsauka í öflugan hóp verkefnastjórnunar og áætlanagerðar sem vinnur að úrlausn á fjölbreyttum og spennandi verkefnum.

Starfið felst í verkefnastjórnun og skipulagningu fjölbreyttra stórverkefna á sviði hönnunar og framkvæmda þar sem lögð er áhersla á árangursrík samskipti.

Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum með góða samskipta- og skipulagshæfni sem sýna metnað, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, tækni- eða verkfræðimenntun er kostur
- Reynsla á sviði verkefnastjórnunar er skilyrði
- Menntun á sviði verkefnastjórnunar, svo sem MPM, er kostur
- Þekking og reynsla á sviði mannvirkjagerðar er kostur
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

Umsóknarfrestur er til og með 9. desember 2022. Sótt er um á umsokn.verkis.is

Nánari upplýsingar veitir Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, aoa@verkis.is

UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA

Jarðböðin við Mývatn leita að umsjónarmanni fasteigna. Um er að ræða 100% starf sem er laust frá áramótum eða samkvæmt samkomulagi. Starfið er unnið í dagvinnu og húsnæði er í boði.

HELSTU VERKEFNI

- Daglegt viðhald
- Rekstur almennra kerfa, t.a.m. öryggis- og hitakerfa
- Frágangur í vörumóttöku
- Yfirumsjón með dælum, loftlokum og öðrum búnaði
- Samskipti við iðnaðarmenn
- Sérhæfð þrif
- Snjómokstur
- Umsjón og viðhald á leiguíbúðum Jarðbaðanna

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Réttindi á minni vinnuvélar
- Ökuréttindi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Íslenskukunnátta

Umsóknir skulu berast fyrir 15. desember 2022 á alfred.is

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

Fjárfestatengill Íslandsbanka

Íslandsbanki leitar að metnaðarfullum og drífandi einstaklingi í starf Fjárfestatengils.

Fjárfestatengill mun starfa á Markaðs- og samskiptasviði bankans en innan þeirra deildar eru auk markaðsmála; greiningardeild bankans er fjallar um efnahagsmál, samskiptamál, fræðslumál og vefdeild. Fjárfestatengill starfar náið með bankastjóra, fjármálastjóra og starfsfólki annarra deilda.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirumsjón með gerð kynningarefnis m.a. fyrir fjárfesta og aðra tengiliði
- Samskipti við núverandi og tilvonandi fjárfesta
- Ritstjóri ársskýrslu Íslandsbanka og ábyrgð á ýmsum gögnum fyrir fjárfesta á heimasíðu bankans
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun er nýtist í starfi
- Framúrskarandi vald á notkun íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli
- Próf í verðbréfamiðlun æskilegt
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði æskileg
- Talnaskilningur og nákvæmni
- Þekking á uppbyggingu, lestri og greiningu ársreikninga fjármálafyrirtækja

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðlaugur Örn Hauksson, ráðningarstjóri, gudlaugur.orn.hauksson@islandsbanki.is og í síma 844-2714.

Umsóknarfrestur er til og með 8. desember 2022.
Umsóknum skal skilað í gegnum heimasíðu Íslandsbanka.

LYFJAFRÆÐINGAR

Við leitum að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingum til starfa í Lyfju á Egilsstöðum og í Borgarnesi. Um er að ræða spennandi störf og tækifæri fyrir lyfjafræðinga sem langar að skipta um umhverfi, komast nær náttúrunni og kynnast mannlífinu á Austur- eða Vesturlandi.

LYFJA EGILSSTÖÐUM

Við leitum að öflugum lyfjafræðingi til starfa í Lyfju á Egilsstöðum. Starfið felst í afgreiðslu lyfjaávísana, lyfjafræðilegri þjónustu og upplýsingagjöf til viðskiptavina ásamt pöntunum á lyfjum og frágangi í reseptúr.

Við bjóðum þér:
- Í heimsókn til Egilsstaða til að skoða vinnustaðinn og hitta tilvonandi samstarfsfélaga
- Íbúðarhúsnæði og greiðum húsnæðisstyrk fyrstu mánuðina
- Greiðslu á ferða- og flutningskostnaði

Hæfniskröfur
- Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veita Inga Sæbjörg Magnúsdóttir, lyfsali Lyfju Egilsstöðum, sími 471 1273 | ingam@lyfja.is og Hildur Þórisdóttir, mannauðsstjóri, sími 530 3800 | hildur@lyfja.is

LYFJA BORGARNESI

Við leitum að öflugum lyfjafræðingi til starfa í Lyfju í Borgarnesi. Starfið felst í afgreiðslu lyfjaávísana, lyfjafræðilegri þjónustu og upplýsingagjöf til viðskiptavina ásamt pöntunum á lyfjum og frágangi í reseptúr.

Við bjóðum þér:
- Í heimsókn til Borgarness að skoða vinnustaðinn og hitta tilvonandi samstarfsfélaga
- Stuðning við að finna íbúðarhúsnæði og húsnæðisstyrk fyrstu mánuðina
- Greiðslu á ferða- og flutningskostnaði

Hæfniskröfur
- Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veita Kristín Perla Sigurbjörnsdóttir, lyfsali Lyfju Borgarnesi, sími 437 1168 | kristinperla@lyfja.is og Hildur Þórisdóttir, mannauðsstjóri, sími 530 3800 | hildur@lyfja.is

Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2022. Sótt er um störfin á heimasíðu Lyfju, lyfja.is/storf

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

LYFJA

Við erum að ráða

Leikskólastjóri – Arnarberg

Við leitum að öflugum og faglegum leiðtoga sem býr yfir góðum samstarfshæfileikum, er lausnamiðaður og hefur skýra framtíðarsýn um að viðhalda metnaðarfullu leikskólastarfi. Leikskólinn Arnarberg er staðsettur í hjarta Hafnarfjarðar og með 80 börn á fjórum deildum.

Umsóknarfrestur er til og með 7. desember 2022

Vakin er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Sendu okkur umsókn!

Nánari upplýsingar á:
hfj.is/storf

Hafnarfjörður

Hjúkrunarfræðingar

Við óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa við Meltingarsetrið sem fyrst. Starfið felst í aðstoð við meltingarfæraspeglanir. Tölvukunnátta æskileg.
Starfshlutfall 40-80%.
Góður starfsandi og skemmtilegur vinnustaður.
Umsókn ásamt ferilskrá skal senda til Meltingarsetursins Bíldshöfða 9 110 Reykjavík eða á netfangið: ragnhildur@meltingarsetrid.is

Umsóknarfrestur til 8/12 2022

Ungbarnaleikskóli Seltjarnarness
Laus störf

Ungbarnaleikskóli Seltjarnarness þarf á góðu fólki að halda. Skólinn er einnar deildar sjálfstæð fag- og rekstrareining á vegum Seltjarnarnesbæjar.

Leikskólakennari, 50-100% starf

Þroskaþjálfi eða starfsmaður með aðra uppeldisfræðimenntun, 50-100% starf

Starfsmaður á leikskóla, 50-100% starf

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Nánari upplýsingar um starfið og skil umsókna má finna á ***Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar*** á ***www.seltjarnarnes.is*** undir ***Störf í boði***.

Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til 12. desember 2022.

Deildarstjóri framkvæmdadeildar

Kópavogsbær auglýsir eftir umsóknum í starf deildarstjóra framkvæmdadeildar. Um er að ræða stjórnunarstarf á framkvæmdadeild sem hefur umsjón með öllum nýframkvæmdum Kópavogsbæjar. Viðkomandi þarf að hafa metnað og reynslu til að stýra stórum framkvæmdum á vegum sveitafélagsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar og greiðsluáætlunar vegna framkvæmda og reksturs framkvæmdadeildar.
- Yfirumsjón með undirbúningi og hönnun framkvæmda.
- Yfirumsjón með eftirliti framkvæmda og útboðsverka.
- Yfirumsjón með kostnaðarstýringu hönnunar og framkvæmda.
- Sér um útboðslýsingar vegna verkframkvæmda framkvæmdadeildar.
- Gerð samninga vegna verkframkvæmda framkvæmdadeildar og hefur yfirumsjón með samningum við hönnuði og verktaka.
- Mótun og uppfærsla verkferla framkvæmdadeildar.
- Yfirumsjón með úttektum framkvæmda sem undir hann heyra og ákveður hvenær verksamningar eru uppfylltir og verki lokið.
- Ábyrgð á að mæli- og hæðablöð séu rétt.
- Ábyrgð á að landupplýsingakerfi sé uppfært og í samræmi við það sem í raun er.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám (Dipl. Ing í verkfræði, byggingatæknifræði eða sambærilegt)
- Reynsla í rekstri og verkefnastjórnun.
- Góð verkkunnátta og víðtæk reynsla í að stjórna stærri framkvæmdum.
- Góð leiðtogahæfni
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Þekking á lögum og reglum sem starfinu tilheyra
- Góð mannleg samskipti og samstarfshæfni.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og norrænu tungumáli.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttafélags.

Nánari upplýsingar veitir Ásthildur Helgadóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, í síma 441-0000.

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar í gegnum ráðningarkerfið Alfreð.

Umsóknarfrestur er til 28. nóvember 2022.

Kópavogsbær

kopavogur.is

HNIT VERKFRÆÐISTOFA

Hnit verkfræðistofa hefur frá upphafi veitt alla almenna verkfræðiráðgjöf á sviði mannvirkjagerðar.

Við óskum eftir að ráða

TÆKNITEIKNARA

Starfið felst í almennri tækniteiknun á verkfræðisviði fyrirtækisins, s.s. almennri tækniteiknun, rýni teikninga og samskipti við hönnuði.

Almenn viðmið um starfið:

- Góð almenn tölvufærni og kunnátta í Autocad Civil 3D er skilyrði.
- Nám í tækniteiknun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð samskiptafærni og jákvætt hugarfar.

Upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.hnit.is og á Facebook síðu fyrirtækisins, https://www.facebook.com/Hnitverkfraedistofa

Nánari upplýsingar gefur Þór Gunnarsson, s:6937402
Umsóknir skal senda á starf@hnit.is.
Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 6. des. 2022.

Hjúkrunarfræðingur á heilsugæslu

Við leitum að jákvæðum og öflugum hjúkrunarfræðingi til starfa á heilsugæslu Alcoa Fjarðaáls. Starfshlutfall er sveigjanlegt frá 50% upp í 100%. Heilbrigði og vellíðan starfsmanna eru forgangsmál hjá okkur og heilsugæslan í álverinu er hluti af fjölbreyttri starfsemi mannauðsteymis fyrirtækisins. Hjúkrunarfræðingar manna heilsugæsluna á virkum dögum og læknar hafa þar reglulega viðveru.

Ábyrgð og verkefni

- Heilsufarsskoðanir starfsmanna
- Fyrsta meðferð og þjónusta vegna veikinda eða meiðsla
- Upplýsingamiðlun og ráðgjöf
- Samstarf og skipulag vegna viðveru lækna
- Gagnavarsla og skýrslugerð
- Umsjón með aðföngum
- Eftirfylgni og viðhald staðla og ferla

Hæfniskröfur

- Hjúkrunarfræðimenntun
- Starfsreynsla í heilsugæslu æskileg
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og nákvæmni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta

Frekari upplýsingar veitir Birgitta Inga Birgisdóttir í tölvupósti á netfangið **birgittainga.birgisdottir@alcoa.com** eða í síma **843 7770**. Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um starfið á **www.alcoa.is**. **Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 5. desember**.

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

Rekstrarstjóri viðhalds

Alcoa Fjarðaál leitar að reyndum sérfræðingi í starf rekstrarstjóra viðhalds á aðalverkstæði. Í hátæknivæddu álveri Alcoa Fjarðaáls vinnur öflugur hópur fólks að því að tryggja áreiðanleika búnaðar með bestu viðhaldskerfum sem völ er á. Rekstrarstjórar hafa yfirumsjón með viðhaldi og viðhaldskostnaði á hverju framleiðslusvæði.

Ábyrgð og verkefni

- Yfirumsjón með viðhaldsþjónustu á farartækjaverkstæði, loftveitu og lóð
- Samskipti við framleiðendur búnaðar varðandi viðhald og endurnýjun
- Þróun viðhaldsáætlana með áreiðanleikateymi og eftirfylgni
- Umbætur í rekstri tækja og búnaðar
- Tæknistuðningur og bilanagreining

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði eða önnur hagnýt menntun
- Reynsla af rekstri viðhalds
- Jákvæðni og atorkusemi
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta

Frekari upplýsingar um starfið veitir Árni Páll Einarsson, framkvæmdastjóri viðhalds og áreiðanleika, í tölvupósti á netfangið **arni.einarsson@alcoa.com** eða í síma **843 7719**. Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um starfið á **www.alcoa.is**. **Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 5. desember**.

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

Góð tenging

Laust er til umsóknar starf rafvirkja í útstillingadeild IKEA. Rafvirki sinnir fjölbreyttum verkefnum í fyrirtækinu tengd útstillingum í verslun og öðru tilfallandi.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Nákvæmni og vandvirkni
- Geta til að starfa undir álagi
- Stundvísi
- Frumkvæði og ábyrgð
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar

Um fullt starf er að ræða þar sem unnið er virka daga kl. 8-16.
Umsóknarfrestur er til og með 8. desember 2022.
Sótt er um starfið á IKEA.is/umsokn
Nánari upplýsingar veitir Guðríður Helgadóttir, útstillingastjóri (gudridur@IKEA.is).

Í dag eru IKEA verslanir rúmlega 446 talsins í yfir 60 löndum með um 231.000 starfsmenn. Þar af starfar um 470 manna fjölbreyttur, drífandi og jákvæður hópur fólks við fjölbreytt og skapandi störf á Íslandi. Við störfum í lifandi, hröðu og skapandi umhverfi þar sem framþróun, nýsköpun og jákvæðni er höfð að leiðarljósi.

© Inter IKEA Systems B.V. 2022

Aðstoðarleikskólastjóri

Leikskólinn Ylur auglýsir eftir aðstoðarleikskólastjóra.
Leikskólinn Ylur auglýsir stöðu aðstoðarleikskólastjóra. Um er að ræða gefandi og skemmtilegt stjórnunarstarf í góðu starfsumhverfi barna og fullorðinna. Tækifæri til faglegar starfsþróunar og þátttaka í þróun á starfinu. Leitað er að leikskólakennara með leiðtogahæfileika sem er tilbúinn að taka þátt í að leiða áfram metnaðarfullt og faglegt starf leikskólans.

Leikskólinn Ylur
Mývatnssveit

Ylur er eins deilda leikskóli í Mývatnssveit en grunnskólinn Reykjahlíðarskóli og leikskólinn Ylur eru samrekin. Í haust er gert ráð fyrir að um 25 börn verði í leikskólanum á aldrinum 1-6 ára, en börn eru tekin inn í leikskólann frá 10 mánaða aldri. Ylur er grænfána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á heilsueflingu, vináttu, leik og útikennslu. Mikið og gott samstarf er á milli leik- og grunnskólans og íþróttamiðstöðvarinnar í Mývatnssveit.

Um er að ræða spennandi starf fyrir metnaðarfullan leikskólakennara. Leitað er að einstaklingi með góða hæfni og lipurð í samskiptum, með góða þekkingu og reynslu af leikskólastarfi og hæfni til að veita faglega forystu

Helstu verkefni og ábyrgð
- Faglegur leiðtogi og stuðningur aðra starfsmenn leikskólans.
- Vinna ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun auk skipulagningar kennslu- og uppeldisstarfsins.
- Staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans.
- Sinnir starfi deildarstjóra.
- Virkur þátttakandi í mótun stefnu leikskólans og áætlunargerð með leikskólastjóra.
- Samskipti og samvinna við foreldra í samráði við skólastjóra.
- Sinna öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur honum.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi.
- Góð reynsla af starfi leikskólakennara
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Mjög góð hæfni og lipurð í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.
- Góð íslenskukunnátta

Við leitum af starfsfólki sem
- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum
- Er lausnamiðað og vill taka þátt i samstarfi og teymisvinnu
- Hefur reynslu/menntun af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskipum, stundvísi, hreint sakarvottorð og hafa náð þrepi C1 í íslensku.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir einstaklingar án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Fríðindi í starfi
Stytting vinnuviku
Heilsustyrkur
Samgöngustyrkur
Flutningsstyrkur

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.
Starfið er laust frá 1. janúar 2023.
Umsóknarfrestur er til 2.desember 2022.

Sveitarfélagið hefur laust leiguhúnsæði til umráða.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir, anna@reykjahlidarskoli.is og í síma 464-4375.

Nánari upplýsingar um leikskólann er hægt að finna á https://ylur.leikskolinn.is/

Viðgerðamenn
Vélamenn
Bílstjóra
Bormenn
Starfsmenn
með sprengiréttindi

Suðurverk hf óskar eftir að ráða starfsfólk vegna framkvæmda fyrirtækisins:
Viðgerðamenn vana vinnuvélaviðgerðum

Vélamenn með vinnuvélaréttindi og reynslu

Bílstjóra með meirapróf og reynslu

Bormenn í borun og sprengingar

Starfsfólk með sprengiréttindi

Upplýsingar veittar á skrifstofu í síma: 577-5700

Umsóknir skulu berast á skrifstofu okkar að Hlíðasmára 6 eða sendar á netfangið **sudurverk@sudurverk.is**

SUÐURVERK

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

HAGVANGUR

ÚRSKURÐARNEFND VELFERÐARMÁLA

Úrskurðarnefnd velferðarmála er sjálfstæð stofnun. Hlutverk nefndarinnar er að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana eftir því sem mælt er fyrir um í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar. Upplýsingar um úrskurðarnefnd velferðarmála er að finna á heimasíðu nefndarinnar www.urvel.is

SKRIFSTOFUSTARF

Úrskurðarnefnd velferðarmála óskar eftir að ráða ritara til starfa í 75% starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:
Skráning mála í málaskrá og önnur dagleg umsýsla gagna, símavarsla, móttaka í afgreiðslu og önnur tilfallandi verkefni skrifstofunnar.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Stúdentspróf er skilyrði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af skrifstofustörfum æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð færni í íslensku og ensku
- Metnaður, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum

Umsókn skal fylgja ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf. Umsóknin getur gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út sbr. reglur nr. 1000/2019 um auglýsingar á lausum störfum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og SFR hafa gert.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Guðrún A. Þorsteinsdóttir formaður, netfang: gudrun.a.thorsteinsdottir@urvel.is, símanr. 551-8200.

Umsóknir skulu berast til úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík eða á netfangið, gudrun.a.thorsteinsdottir@urvel.is **eigi síðar en 16. desember 2022.**

Sérfræðingur í markaðs- og fjáröflunardeild

Slysavarnafélagið Landsbjörg leitar að einstaklingi með menntun eða reynslu til að vinna að markaðs- og fjáröflunarverkefnum félagsins.

Helstu verkefni eru:

- Koma að markaðsstarfi félagsins
- Taka þátt í mótun á markaðsstefnu félagsins
- Þróun á nýjum og núverandi fjáröflunarleiðum
- Samskipti við auglýsingastofur og fjölmiðla
- Áætlunargerð fyrir birtingar í miðlum
- Vinna með efni til birtingar á stafrænum miðlum
- Markaðsgreining
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Góð reynsla og þekking á markaðsmálum
- Góð þekking á stafrænni markaðssetningu
- Reynsla af vinnslu á grafík og texta (content)
- Þekking á Google Ads og Facebook Ads
- Reynsla og áhugi á fjáröflunum er æskileg
- Skipulögð, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Liðshugsun og þekking á félagsstörfum
- Góð samskiptahæfni, frumkvæði og jákvætt viðmót
- Hreint sakavottorð

Starfshlutfall er 100% og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar veitir Kristján Þór Harðarson framkvæmdastjóri, kristjan@landsbjorg.is. Umsóknarfrestur er til og með **5. desember**. Umsókn skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi um umsækjanda og sendist á starf@landsbjorg.is

Slysavarnafélagið Landsbjörg eru landsamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi

Félagið er ein stærstu samtök sjálfboðaliða á Íslandi

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Við leitum að metnaðarfullum löggiltum fasteignasala til starfa hjá okkur

Allar umsóknir skal senda á netfangið svanthor@fastmos.is.

Fyrirspurnir og umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Hæfniskröfur:

- Löggiltur fasteignasali
- Góð mannleg samskipti
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfni

Svanþór Einarsson löggiltur fasteignasali
svanthor@fastmos.is - 698-8555.

FastMos ehf | Þverholt 2, 270 Mosfellsbæ | fastmos.is | 586-8080

Einstakt fjárfestingartækifæri í ferðaþjónustu í Borgarbyggð

Ábúendur og rekstraraðilar að ferðaþjónustunni í Fossatúni í Borgarbyggð hafa ákveðið að kanna möguleika á sölu á einkahlutafélaginu Fossatún ehf. Allt umhverfi, aðstaða og húsakostur hefur verið sérhannað. Vel hefur tekist til með að skapa ferðaþjónusturekstrinum sérstöðu og gera Fossatún að eftirsóttum áfangastað fyrir erlenda sem og íslenska ferðamenn.

Miklir möguleikar eru á hagkvæmri uppbyggingu glæsilegs reksturs á traustum grunni. **Nánari upplýsingar gefur Ólafur Steinarsson í síma 822-7988 eða á netfanginu olafur@steinarsson.is**

Deildarstjóri velferðarþjónustu

Fjölskyldusvið Sveitarfélagsins Árborgar leitar að deildarstjóra velferðarþjónustu. Um er að ræða starf fyrir öflugan stjórnanda sem mun taka þátt í framsæknu umbótastarfi sveitarfélags í örum vexti og vera hluti af stjórnendateymi fagsviðsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnunar- og forystuhlutverk í almennri velferðarþjónustu
- Ábyrgð á rekstri og skipulagningu velferðarþjónustu
- Ábyrgð á innra starfi, starfsmannamálum og samskiptum við notendur
- Ábyrgð á áætlanagerð í samræmi við lög og reglugerðir og stefnu fjölskyldusviðs
- Ábyrgð og þátttaka í stefnumótun, m.a. rafrænni þjónustu og samstarfi við stofnanir
- Ábyrgð og þátttaka í mótun verkferla, gerð starfsáætlana og endurskoðun á reglum
- Starfsmaður félagsmálanefndar, undirbýr fundi og vinnur að málum er heyra undir nefndina
- Ábyrgð á samþættingu verkefna og þverfaglegu samstarfi á fjölskyldusviði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði félags- eða heilbrigðisvísinda, svo sem félagsráðgjöf til starfsréttinda
- Framhaldsháskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Þekking og reynsla af félagsþjónustu, teymisvinnu og stjórnun skilyrði
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, skipulagshæfni og sjálfstæði
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Sveitarfélagið ÁRBORG

Fjölskyldusvið sinnir fjölbreyttri þjónustu við einstaklinga, börn, fjölskyldur og stofnanir. Margar starfsstöðvar heyra undir fjölskyldusvið og hefur deildarstjóri velferðarþjónustu yfirumsjón með félagslegri þjónustu í sveitarfélaginu, þ.e. félagslegri ráðgjöf, barnavernd, öldrunarmálum, stuðningsþjónustu og málefnum fatlaðra. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning í málefnum barna. Sviðsstjóri er næsti yfirmaður deildarstjóra.

Sótt er um starfið á hagvangur.is

Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst eða eftir samkomulagi. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Umsóknir með ítarlegri starfsferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **11. desember nk.**

Upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**

hagvangur.is

HAGVANGUR

Fjallabyggð

Forstöðumaður Íþróttamiðstöðva Fjallabyggðar

Fjallabyggð auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðva Fjallabyggðar.

Leitað er eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að leiða starfsemina. Forstöðumaður hefur umsjón með húsnæði íþróttamiðstöðva, tækjum og innanstokksmunum. Starfsstöðvar eru á Siglufirði og í Ólafsfirði. Í Ólafsfirði er íþróttahús, líkamsrækt og 25m útisundlaug og á Siglufirði er íþróttahús, líkamsrækt og 25m innisundlaug.
Forstöðumaður heldur utan um daglegan rekstur og mannahald, skipuleggur vaktir fyrir starfsmenn og sinnir öðrum tilfallandi verkefnum. Forstöðumaður annast fjárhagslegt eftirlit íþróttamiðstöðva, áritun reikninga, eftirlit með útgjaldaliðum og ber ábyrgð á því að reksturinn fari ekki fram úr áætlun. Hann tekur virkan þátt í fjárhagsáætlunargerð og sér um skil á skýrslum og uppgjöri rekstrar.
Næsti yfirmaður forstöðumanns er deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála.

Starfshlutfall er 100%, þar af 40% í skipulögðum vöktum á starfsstöðvum íþróttamiðstöðva.

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi s.s. háskólamenntun, iðnmenntun eða önnur menntun.
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar, sjálfstæði í vinnubrögðum og metnaður í starfi.
- Góð kunnátta í íslensku.
- Reynsla, þekking og stjórnun á sviðinu er kostur.
- Góð tölvukunnátta og hæfni til að innleiða tæknibreytingar s.s. sjálfvirk kerfi.
- Þekking á stýribúnaði sundlauga og búnaði tengdum íþróttamiðstöðvum er kostur.
- Bílpróf.

Viðkomandi þarf að gefa heimild til upplýsingaöflunar í sakaskrá.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. janúar 2023.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Ríkey Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri fræðslu- frístunda og menningarmála, netfang: rikey@fjallabyggd.is s. 464 9116 og 844 5819.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsferil og nöfnum tveggja umsagnaraðila (starfsferilskrá) ásamt kynningarbréfi um viðkomandi skal skilað rafrænt, á Rafræn Fjallabyggð.

Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2022.

Öllum umsóknum er svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Upplýsingar um Fjallabyggð er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins https://www.fjallabyggd.is/
og á Fjallabyggð fagnar þér https://www.fagnar.is/

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

Heilsuleikskólinn Suðurvellir í Vogum óskar eftir að ráða leikskólakennara/starfsmann í fullt starf frá og með 2. janúar 2023

Suðurvellir er þriggja deilda leikskóli sem vinnur eftir viðmiðum Heilsustefnunnar. Virðing og umhyggja eru leiðandi hugtök í leikskólanum og áhersla er lögð á gæði í samskiptum. Yfirmarkmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi.

Allar nánari upplýsingar veita María Hermannsdóttir leikskólastjóri og Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 4406240.

Umsóknarfrestur er til 27. nóvember n.k. og sótt er um starfið á heimasíðu leikskólans
https://sudurvellir.leikskolinn.is

Vakin er athygli á
að starfið hentar
einstaklingum óháð kyni.

UMHYGGJA SAMVINNA GLEÐI VIRÐING

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

VERKEFNASTJÓRI

Við hjá RAFMENNT leitum að lausnarmiðuðum verkefnastjóra til starfa við endur- og símenntun á sviði smáspennu

Helstu verkefni
- Starfsmaður skipuleggur endur- og símenntun á svið smáspennu
  - *Fylgist með nýjungum á sviði smáspennu*
  - *Fylgist með nýjungum á rafrænum samskiptum*
  - *Þróun námskeiða*
  - *Greinir þörf fyrir endur- og símenntun*

Hæfniskröfur
- Reynsla af störfum á sviði smáspennu
- Skipulagshæfni og frumkvæði í starfi
- Góð samskiptahæfni
- Reynsla að verkefnastjórnun og teymisvinnu
- Þekking á endur- og símenntun kostur
- Gott vald á íslensku og ensku

Menntunarkröfur
- Krafa er um formlega menntun á rafiðnaðarsviði
- Kennsluréttindi kostur

RAFMENNT hefur það hlutverk að bjóða fræðslu og styðja fræðslutengd verkefni með það að markmiði að uppfylla fræðsluþörf á sviði rafiðnaðar og svara þannig þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Við erum 10 manns sem störfum hjá **RAFMENNT** við fjölbreytt störf sem snúa að menntun og endurmenntun félagsmanna.

RAFMENNT
fræðslusetur rafiðnaðarins

Umsóknir skulu sendar til framkvæmdastjóra sem veitir nánari upplýsingar um starfið á netfangið **thor@rafmennt.is.**
Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur til og með 27. nóvember

rafmennt.is

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • sími 540 0160

EYJAFJARÐARSVEIT
Skrifstofa: Skólatröð 9 · 605 Akureyri
Sími: 463 0600 · www.eyjafjardarsveit.is

Eyrarland, Eyjafjarðarsveit
– auglýsing aðal- og deiliskipulagstillögu

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 22. september 2022 sl. að vísa aðal- og deiliskipulagstillögu fyrir íbúðarbyggð í landi Eyrarlands í auglýsingu skv. 31. gr. og 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í aðalskipulagstillögunni felst að byggingarheimildir á íbúðarsvæði ÍB14, þar sem í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir 10 íbúðarhúsum, eru auknar í 15 hús. Deiliskipulagstillagan tekur til tíu íbúðarlóða á íbúðarsvæði ÍB14, á spildu austan Veigastaðavegar og sunnan íbúðarbyggðarinnar Kotru.

Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9 Hrafnagilshverfi, milli 25. nóvember 2022 og 6. janúar 2023 sem og á heimasíðu sveitarfélagsins, esveit.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á gera athugsemdir við skipulagstillögurnar til föstudagsins 6. janúar 2023. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast til Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulagsfulltrúi

EYJAFJARÐARSVEIT
Skrifstofa: Skólatröð 9 · 605 Akureyri
Sími: 463 0600 · www.eyjafjardarsveit.is

Samkomugerði, Eyjafjarðarsveit
– auglýsing aðal- og deiliskipulagstillögu

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 22. september 2022 sl. að vísa aðal- og deiliskipulagstillögu fyrir frístundarbyggð í landi Samkomugerðis í auglýsingu skv. 31. gr. og 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í aðalskipulagstillögunni felst að skilgreint verði svæði fyrir frístundarbyggð í landi Samkomugerðis. Bætt er við svæði fyrir frístundarbyggð F17. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir tveimur frístundahúsum og er byggingarheimild fyrir einu húsi á svæðinu því óráðstafað að sinni.

Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9 Hrafnagilshverfi, milli 25. nóvember 2022 og 6. janúar 2023 sem og á heimasíðu sveitarfélagsins, esveit.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á gera athugsemdir við skipulagstillögurnar til föstudagsins 6. janúar 2023. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast til Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulagsfulltrúi

Ábúendur og rekstraraðilar að ferðaþjónustunni í Fossatúni í Borgarbyggð hafa ákveðið að kanna möguleika á sölu á einkahlutafélaginu Fossatún ehf. Allt umhverfi, aðstaða og húsakostur hefur verið sérhannað. Vel hefur tekist til með að skapa ferðaþjónusturekstrinum sérstöðu og gera Fossatún að eftirsóttum áfangastað fyrir erlenda sem og íslenska ferðamenn.

Miklir möguleikar eru á hagkvæmri uppbyggingu glæsilegs reksturs á traustum grunni. **Nánari upplýsingar gefur Ólafur Steinarsson í síma 822-7988 eða á netfanginu olafur@steinarsson.is**

Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Hamranes M3 - breyting á aðalskipulagi

Í Listasafni Íslands starfa sérfræðingar í íslenskri myndlist. Hluti af gæðastarfi safnsins í fræðslumálum var að byrja verkefnið í þróunarfasa þar sem hægt var að meta praktísk atriði ásamt raunverulegum árangri.

„Síðasta ár var Listasafnið í samstarfi við kennara og nemendur í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík þar sem verkefnið var á þróunarstigi. Með því samstarfi gátu sérfræðingar í fræðsluteymi safnsins lagt mat á árangur nemenda sem tóku miklum framförum á tímabilinu. Til dæmis varð geta þeirra til að lesa í myndir og beita aðferðum myndlæsis áberandi góð, sjálfstraust nemenda í tjáningu jókst og færni þeirra í rökhugsun að sama skapi," greinir Ragnheiður frá.

Í Sjónarafli fer fram myndlæsisþjálfun þar sem stuðst er við valin verk úr eigu Listasafns Íslands. MYNDIR/AÐSENDAR

Geta nemenda til að lesa í myndir og beita aðferðum myndlæsis hefur sýnt sig að verða áberandi góð eftir þátttöku þeirra í Sjónarafli. Þá jókst bæði sjálfstraust nemenda í tjáningu og færni þeirra í rökhugsun.

Fræðsluefnið sjálft er unnið sérstaklega með kennara í huga – þannig að hvaða kennari sem er geti tekið efnið og notað í kennslu eða komið í heimsókn á safnið sem hluta af náminu.

Ragnheiður Vignisdóttir er fræðslu- og útgáfustjóri Listasafns Íslands.

> **Í Sjónarafli er mikið unnið með eftirfarandi setningu: Því lengur sem við horfum á listaverk, því meira sjáum við!**
>
> Ragnheiður Vignisdóttir

Lengi hefur verið kallað eftir fræðsluefni eins og Sjónarafli, jafnt frá skólastofnunum í nærumhverfinu og eins frá skólastjórnendum og kennurum á landsbyggðinni sem ekki hafa sama svigrúm til safnaheimsókna og skólar á höfuðborgarsvæðinu.

„Við höfum nú þegar fengið pantanir frá kennurum sem vilja nota efnið í sinni kennslu. Þá hefur fræðsluefnið verið gert aðgengilegt á vef Listasafns Íslands, listasafn.is, og verður því meðal annars fylgt eftir með námskeiðum og kynningum fyrir kennara á næstu mánuðum. Ég hvet áhugasama skólastjórnendur og kennara til að hafa samband við okkur og fá nánari kynningu á efninu," segir Ragnheiður.

Aukinn sýnileiki myndlistar

Listasafn Íslands sinnir lögbundnu menntunarhlutverki.

„Með Sjónarafli og framsetningu þess er safnið að þróa nýja leið til að styðja við kennslu í mynd- og menningarlæsi með faglegum hætti í beinum tengslum við listaverkaeign þjóðarinnar, aðalnámskrár, Barnasáttmálann og myndlistar- og menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030. Er það von okkar að verkefnið muni stuðla að auknum sýnileika myndlistar og að hún fái meira vægi við menntun komandi kynslóða," segir Ragnheiður, en með henni í fræðsluteymi Sjónarafls eru Marta María Jónsdóttir, Hólmar Hólm og Anja Ísabella Lövenholdt. ■

Sjá listasafn.is og listasafn.is/laera/sjonarafl-thjalfun-i-myndlaesi/

Vont að hugsa um ástvini í maga jólakattarins

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Ragna Þórunn Ragnarsdóttir er logandi hrædd við jólaköttinn og gat ekki hugsað sér að skapa jólaketti með hennar nánustu í maganum.

Ragna Ragnarsdóttir með nokkra af jólaköttum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Ég er fyrir löngu búin að skreyta fyrir jólin, kaupa mér ný föt og baka smákökur, og ég byrjaði að hlusta á jólalög í október. Allt til að friða jólaköttinn," segir iðnhönnuðurinn Ragna Þórunn Ragnarsdóttir. Hún er þriðji listamaðurinn sem hannar jólakött fyrir Rammagerðina.

„Sem barn var ég alltaf miklu hræddari við Grýlu en nú er ég mun hræddari við jólaköttinn sem fyrir mér er myrkravera í kattarlíki, send frá Grýlu. Það fylgir sennilega ábyrgð hinnar fullorðnu manneskju á undirbúningi jólanna því sem barn spáði ég ekkert í hann. Ég átti líka marga ketti sem barn og gat ekki farið að óttast einhvern jólakött, en eftir því sem ég varð eldri fór mér að líka verr við ketti og hugsaði sem svo að ekki vildi ég lenda í jólakettinum. Viðhorfið breyttist smám saman þegar ég fór að átta mig á því hvað kettir eru að gera úti og koma svo upp í rúm til manns; að þeir væru ekki jafn saklaus gæludýr og mér þótti þegar ég var lítil. Kettir eru nefnilega alveg lúmskir og auðvitað rándýr sem veiða sér til matar."

Með frægt fólk í maganum

Það var um hásumar sem Ragna tók að sér að búa til jólakettina.

„Það var svolítið skrýtið að hugsa um jólin þá en ég lagðist undir feld til að ákveða hvernig ég gæti unnið jólaköttinn. Þá spratt fram sú góða speki að maður er það sem maður borðar og í framhaldinu fór ég að ímynda mér að kisi hefði étið einhvern og ákvað að skapa þann karakter í kettinum, svo hann fengi á sig yfirbragð þess sem hann át yfir sig af. Þegar ég fór svo að vinna kettina fannst mér óþægilegt að ímynda mér ástvini mína eða þá sem ég þekkti í belg kattarins," segir Ragna og hryllir sig.

Hún tók til þess ráðs að hlusta á handahófskennda lagalista á Spotify og varð þá fyrir áhrifum frá Eminem, Johnny Cash, Ginger Spice og fleiri listamönnum sem enduðu sumir sem karakterar í jólaköttunum.

„Ég gerði mér í hugarlund hvernig þeir myndu formast eftir að hafa verið étnir. Þannig eru sumir kvenlegir í laginu á meðan aðrir eru grófari og karlmannlegri, og í mismunandi litum. Þannig getur hver og einn tengt form jólakattarins við það hver étinn var en ég mata fólk ekki á því," segir Ragna og hlær.

Stofustáss og jólaskraut

Jólakettir Rögnu eru allir handrenndir á bekk og hefur hver og einn sitt einstaka form.

„Ég teiknaði í raun ekki mikið af formunum heldur renndi kettina eftir tilfinningunni hverju sinni og eftir því hvern þeir höfðu étið. Hver og einn jólaköttur er því einstakur og ekki til annar eins, þetta eru alls 25 kettir og allir númeraðir, enda safngripir eins og þau í Rammagerðinni hugsa jólakettina og næstu jól tekur annar listamaður við," greinir Ragna frá.

Hún hugsaði jólakettina sem stofustáss og jólaskraut í senn.

„Ég vildi ekki hafa kettina of jólalega en það má dressa þá upp á jólunum og svo geta þeir staðið í stofunni og sómt sér vel árið um kring. Á kössunum eru reyndar varnaðarorð um að sé kröfum jólakattarins ekki fullnægt um sómasamlegan jólaundirbúning sé hreinlega hægt að verða kettinum að bráð. Það er jafnframt hvetjandi fyrir okkur öll til að taka jólunum fagnandi," segir Ragna alvarleg í bragði.

> „Ég gerði mér í hugarlund hvernig einstaklingarnir myndu formast eftir að hafa verið étnir.
>
> Ragna Þórunn Ragnarsdóttir

Hugrökk á sumum sviðum

Ragna lærði iðnhönnun við Ensci Les Atelier í París.

„Mig langaði til náms í útlöndum og að prófa eitthvað nýtt. Ég fór því til Parísar að skoða skólann og leist rosalega vel á hann, fyrir utan að ég talaði ekki orð í frönsku og að námið fór allt fram á frönsku. Það var smá áskorun en ég hafði það af og kláraði mastersþróf við skólann árið 2016. Ég var heppin með prófessora sem töluðu við mig táknmál og svo töluðum við mikið saman með teikningum og alls kyns reddingum, því þeir kunnu enga ensku. Svo þurfti ég iðulega að vera með fyrirlestra á frönsku og fékk þá vini til að lesa þá upp fyrir mig og lagði textana á minnið, en vissi ekkert hvað ég var að segja," segir Ragna og samsinnir því að hún sé greinilega hugrökk á sumum sviðum, þó ekki gagnvart jólakettinum.

Hún segir virkilega gaman að upplifa ánægju fólks þegar það eignast hluti eftir hana.

„Ég reyni að mynda tengsl við neytendur þannig að þeim finnist þeir hafa tekið þátt í hönnuninni með því að velja hvað er þeirra. Eins og þegar fólk velur sér kertastjaka og er endalaust lengi að því og segir: „Þennan!" og svo: „Nei, þennan!" Það finnst mér óskaplega gaman því úr verður tenging á milli mín, vörunnar og eigandans."

Hjarðhegðunin að breytast

Sem listamaður prófar Ragna sig áfram með alls kyns efnivið og framleiðir allt sem hún gerir sjálf í höndunum og á verkstæði sínu á Grandanum.

„Ég vinn mikið með tilraunakennd efni og blanda saman ólíkum efnivið, allt frá kertastjökum upp í húsgögn á stórum skala. Ég er sjálfstætt starfandi listamaður og vinn undir mínu merki en tek líka að mér verkefni fyrir fyrirtæki eins og nú fyrir Rammagerðina og á dögunum afgreiðsluborð fyrir 66°Norður og svo er ég einn af hönnuðunum fyrir Fólk Reykjavík. Svo sel ég í verslanir kertastjaka, vasa og fleira í Rammagerðinni, Sky Lagoon og fleiri stöðum. Því er hægt að vera listamaður á Íslandi og lifa af: mér hefur allavega tekist það ágætlega síðustu tvö árin eftir að ég flutti til Íslands á ný," segir Ragna.

Hún segir íslenska listmunamarkaðinn lítinn en að landsmenn sæki sífellt meira í íslenska hönnun.

„Ég held að hjarðhegðun Íslendinga sé að breytast og það að eiga öll nákvæmlega eins heimili. Íslendingar sækja orðið meira í einstaka gripi og sérstaklega íslenska hönnun, eins og sýnir sig í Rammagerðinni sem ýtir mikið undir að íslensk hönnun verði aðgengilegri."

Jólakötturinn kemur í Rammagerðina um helgina, en þess má geta að Rammagerðin fagnar eins árs afmæli verslunar sinnar í Hörpu með opnum degi í dag, laugardaginn 26. nóvember, frá klukkan 14 til 17. Þar verða hönnuðir, happadrætti með veglegum hönnunarvinningum og Berglind Festival fer með gamanmál. ■

Velkomin á
BÓKAMESSU
í Hörpu um helgina

Opið frá kl. 11 – 17 laugardag og sunnudag

Aðgangur ókeypis

Ástin
LAUGARDAGINN 26. NÓVEMBER KL. 13
Dagný Kristjánsdóttir stýrir samtali við þrjá höfunda um ástarsögur.
Þátttakendur:
Guðni Elísson · *Brimhólar*
Ragna Sigurðardóttir · *Þetta rauða, það er ástin*
Silja Aðalsteinsdóttir, þýðandi bókar Jane Austen · *Aðgát og örlyndi*

Glæpurinn
LAUGARDAGINN 26. NÓVEMBER KL. 15
Yrsa Sigurðardóttir ræðir við Ragnar Jónasson og Katrínu Jakobsdóttur um *Reykjavík – glæpasögu.*

Smásagan
SUNNUDAGINN 27. NÓVEMBER KL. 13
Björn Halldórsson stýrir pallborðsumræðum helguðum nýútgefnum smásögum.
Þátttakendur:
María Elísabet Bragadóttir · *Sápufuglinn*
Örvar Smárason · *Svefngríman*
Guðjón Baldursson · *Og svo kom vorið*
Kristín Guðrún Jónsdóttir, þýðandi bókar Guadalupe Nettel · *Hjónaband rauðu fiskanna*
og ritstjóri sýnisbókarinnar · *Með flugur í höfðinu*

Íslenskan
SUNNUDAGINN 27. NÓVEMBER KL. 15
Sunna Dís Másdóttir stýrir pallborðsumræðum um erlend skáld á íslenskum ritvelli.
Þátttakendur:
Natasha S. · *Máltaka á stríðstímum*
Jakub Stachowiak · *Úti bíður skáldleg veröld*
Ewa Marcinek · *Ísland pólerað*

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Mazda MX-30 rafmagnsbíll. 6/2021 Sýningarbílar flestir eknir undir 1000 km. 35,5 kWh rafhlaða. Uppgefin drægni 200 km. 5 dyra. Makoto typa með glertopplúgu og öllum fáanlegum búnaði. Er í ábyrgð. Eigum 4 liti á lager. Líklega ódýrast nýji rafmagnsbíllinn fáanlegur í dag á aðeins 4.890.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

MÁLARAR.
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

vatnsvorn.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

VINDHANI
er góð gjöf
JS Ljósasmiðjan
Skemmuvegi 34 - Kóp.
S.: 554 0661- 897 4996 - 699 2502
Netfang: velaverkjs@simnet.is
www.velaverkjs.is

myranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

SVARTUR
föstudagur
&
MAGNAÐUR
mánudagur

Hvernig væri að skella sér á einn sjóðandi heitan?
GRETTISLAUG, okkar vinsælasti pottur, á sérstöku tilboðsverði.

209.000 kr.
Verð áður 259.000

20% afsláttur af völdum aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina

Tilboðin gilda **föstud. 25. - mánud. 28. nóvember 2022**

NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Til sölu

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17

Heilsuvörur

Skólar & Námskeið

Námskeið

ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA

Only 1-4 students per course ! Also Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese. Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Víetnama og Kínverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personnel. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start: 31/10, 14/11, 28/11, 12/12, 2/1, 16/1, 30/1, 13/2, 27/2.13/3. * 4 weeks x 5 workdays or/eða * 10 weeks/vikur x Sat&Sun-lau&sun. AM & PM/f.h&e.h. Price/ verð: 49.500.- Labour Unions pay back 50-90 % of price. Stéttarfélög endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans. is - facebook.com/icetrans. IceSchool-Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

HH RÁÐGJÖF

VANTAR ÞIG STARFSMANN

Atvinnuauglýsing hjá HH Ráðgjöf kostar aðeins 24.500 kr.*

Og þú getur notað ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum

Fjöldi umsækjenda á skrá

ÓDÝRT, EINFALT OG SKILVIRKT

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is
Sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055



VINDHANI
er góð gjöf
JS LJÓSASMIÐJAN
Skemmuvegi 34 - Kóp.
Símar: 554 0661
897 4996 - 699 2502
Netfang: velaverkjs@simnet.is
www.velaverkjs.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

LED leiðiskrossar

- Gengur fyrir raf-hlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

ORMSSON

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

AEG

30% AFSLÁTTUR

AEG ÞURRKARI
T6DEL821G 8KG
90.993 kr. ~~129.990 kr.~~

SAMSUNG

-180.000 kr.

SAMSUNG SJÓNVARP 65
QD-OLED S95B 2022
369.990 kr. ~~549.990 kr.~~

SAMSUNG

30% AFSLÁTTUR

SAMSUNG JETBOT 80
69.993 kr. ~~99.990 kr.~~

Airforce

50% AFSLÁTTUR

AIRFORCE EYJUHÁFUR
BOWL SVARTUR
74.995 kr. ~~149.990 kr.~~

21.—28. NÓVEMBER

ormsson.is

Garðar Svansson er trúnaðarmaður fanga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hefði getað dáið í sófanum á Kvíabryggju

Lovísa Arnardóttir
lovisa@frettabladid.is

Garðar Svansson er fangavörður á Kvíabryggju og trúnaðarmaður fangavarða. Fyrir fimm árum fékk hann heilablóðfall þegar hann var einn á vakt en hefur þrátt fyrir það haldið áfram að standa vaktina á Kvíabryggju. Það gerir hann glaður að eigin sögn á sama tíma og hann berst fyrir bættum kjörum fangavarða.

> Fangarnir koma inn með hundrað prósent traust og það er þeirra að halda því trausti.

„Áður en þetta gerist hafði verið álag á bæði mér og í vinnunni," segir Garðar um nóttina sem hann fékk heilablóðfallið.

Hann segist hafa mætt um kvöldið á vaktina og ekki hafa fundið fyrir neinu óvenjulegu til að byrja með.

„Ég var í símanum við skrifstofustjóra Fangelsismálastofnunar rétt fyrir miðnætti og þá varð ég var við það að ég missti máttinn í vinstri hendinni," segir Garðar og heldur áfram:

„Ég hélt að þetta væri bara einhver þreyta og þegar húsið var orðið rólegt fór ég að leggja mig. Það var enginn með mér."

Enn máttlaus um morguninn

Garðar vaknaði svo um morguninn og græjaði húsið.

„Ég gerði morgunmat og fór heim og lagði mig aftur. Þegar ég vaknaði um hálf tólf var engin breyting og ég var enn máttlaus í annarri hendinni."

Hann segir að sér hafi þótt það óvenjulegt og viðurkennir að hafa gúglað að þetta gæti verið blóðtappi en hafa aldrei órað fyrir því að þetta væri svo alvarlegt.

„Ég fór á heilsugæsluna og sagði við þær í móttökunni að ég þyrfti að hitta lækninn. En þær horfðu á mig og sögðu strax: „Eigum við ekki að hringja í sjúkrabíl?" Þær sáu strax að eitthvað var að og ég vil meina að ef einhver hefði verið með mér á vaktinni þá hefðu þau strax séð það sama og þær," segir Garðar.

Spurður hvort fangarnir hefðu getað hjálpað segir hann þá löngu komna í ró á þessum tíma og að þeir hefðu ólíklega orðið þess varir ef eitthvað hefði verið að hjá honum.

„Ég hefði þess vegna getað dáið í sófanum og það hefði þá uppgötvast þegar fangarnir komu fram um morguninn," segir Garðar.

Hvað hefðu þeir getað gert?

„Ekki neitt, nema að taka símann minn og hringja. Næsti starfsmaður kemur ekki fyrr en klukkan átta og þetta er að gerast um miðnætti," segir Garðar.

Hættulegt að vera einn

Fjallað var um atvikið í fjölmiðlum þegar það átti sér stað og þá sagði Garðar að oft hefði verið bent á hættuna sem fylgir því að aðeins einn fangavörður sé á vakt á Kvíabryggju á nóttunni, bæði fyrir fangavörðinn og fyrir fangana.

Kirkjufellið gnæfir yfir fangelsinu. MYND/TÓMAS FREYR

Hann segir að allt frá þessu atviki, og fyrir, hafi verið óskað eftir öðrum starfsmanni á vaktina en að það eina sem þeim hafi verið boðið í staðinn var að fangaverðir á Hólmsheiði myndu fylgjast með aðstæðum í fangelsinu í myndavélakerfi.

„Þeir hafa yfirdrifið nóg að gera og við sögðum nei," segir Garðar og því varð aldrei af því.

Hann segir að hann hafi vissulega orðið hræddur eftir að þetta kom fyrir en að það hafi aldrei komið til greina að hætta.

„Þetta sparkaði dálítið í mann og síðan þetta gerðist höfum við verið að berjast fyrir því að þetta sé lagfært," segir Garðar og að það eina sem hafi breyst sé að vöktunum var breytt á þann hátt að einn starfsmaður er frá klukkan 00.30 til klukkan 07.00.

„En um hánóttina erum við enn einir. Það er sex og hálf klukkustund."

Lítið öryggi og engin betrun

Garðar hefur í gegnum tíðina, sem trúnaðarmaður fangavarða, talað mjög opinskátt um þann gríðarlega vanda sem fangaverðir standa frammi fyrir með skertu fjármagni til fangelsanna. Niðurskurður hjá Fangelsismálastofnun sé kominn inn að beini og farinn að koma niður á rekstri í fangelsum landsins. Hann segir stjórnmálamenn hundsa málaflokkinn og að hvorki sé hægt að tryggja öryggi í fangelsum landsins né betrun fanga. Sem dæmi hafa á þessu ári verið gerðar þrjár líkamsárásir á fangaverði, þar af tvær alvarlegar.

Garðar segir að það sé ekki útlit fyrir að það muni nokkuð breytast á næstunni því fangelsismála- »

Tækifærin bíða þín

Nú tökum við Cyber Monday með trompi og bjóðum 25% afslátt af öllum námskeiðum sem pöntuð eru og greidd mánudaginn 28. nóvember á dale.is. Tilboðið gildir líka af gjafakortum sem hægt er að velja fyrir hvaða upphæð sem er. Ath. hægt er að nota frístundastyrkir og niðurgreiðslur frá starfsmenntasjóðum að auki.

Staðbundin námskeið

Dale Carnegie kvöldnámskeið	23. janúar
Dale Carnegie morgunnámskeið	7. mars
3ja daga Dale Carnegie	24. febrúar
Áhrifaríkar kynningar	2. mars
Árangursrík sala	26. apríl
Leiðtogafærni	22. febrúar
Stjórnendaþjálfun	21. febrúar

Dale fyrir ungt fólk

10 til 12 ára	28. janúar
13 til 15 ára	26. janúar
16 til 19 ára	25. janúar
20 til 25 ára	24. janúar

Live online námskeið

Dale Carnegie	15. febrúar
Leiðtogafærni	28. febrúar

Gjafakort Dale Carnegie

Íslensk umhverfisvæn gjöf sem endist ævilangt

Gjafakortin eru ávísun á upplifun og árangur. Þú getur valið hvaða upphæð sem er eða keypt gjafakort á sérstakt námskeið. Ath. Þú hefur 30 daga skilafrest gegn fullri endurgreiðslu.

25% afsláttur gildir aðeins mánudaginn 28. nóv. á dale.is

Dale Carnegie®

» stjóri hafi boðað niðurskurð og að mögulega eigi að loka fangelsunum að Sogni eða Kvíabryggju til að minnka kostnað, þannig sé hægt að fækka föngum og fangavörðum.

„Það sparast með þessu peningur og hægt að færa til störf. Það er það sem gerðist þegar fangelsinu á Akureyri var lokað, en sá peningur er búinn núna."

En þýðir þetta ekki lengri bið í afplánun?

„Jú, algerlega. Ef það er fækkað um fanga á hverju ári felst sparnaður í því auðvitað. Það eru um 340 manns á biðlista í boðun og sá listi mun klárlega lengjast ef vistunarúrræðum verður fækkað."

Opið fangelsi og aðgengi

Kvíabryggja er skilgreind sem opið fangelsi og er þar hægt að vista alls 21 fanga. Í fangelsinu eru ekki rimlar fyrir gluggum né svæðið afgirt að nokkru leyti. Fangelsið er því mjög ólíkt því sem er á Hólmsheiði og Litla-Hrauni og samkvæmt því er starfsemin öðruvísi.

Á vef Fangelsismálastofnunar segir að þar sé að finna rúmgóða setustofu, eldhús, borðstofu og góðan æfingasal. Fangar sjá um matseld. Auk þess þurfa þeir að vera tilbúnir til að takast á við vímuefnavanda sinn og taka þátt í endurhæfingaráætlun og stunda vinnu eða nám.

Á Kvíabryggju starfa níu fangaverðir sem vinna á þrískiptum vöktum, tveir á morgun- og kvöldvakt en einn frá miðnætti til sjö á morgnana. Einnig er forstöðumaður og skrifstofumaður virka daga.

„Kvíabryggja er öðruvísi stofnun en önnur fangelsi. Þarna eru menn sem eru kannski í fyrsta skipti að eignast vini á lífsleiðinni. Eftir heilablóðfallið fékk ég símtöl frá nokkrum fyrrverandi vistmönnum sem vildu vita hvernig ég hefði það," segir Garðar og að fangaverðir fái reglulega bréf frá fyrrverandi föngum þar sem þeim er þakkað fyrir að gera þeim vistina bærilega.

Stofnað sem vinnuhæli

„Þetta var upphaflega rekið sem vinnuhæli og hefur í raun haldið þannig áfram," segir Garðar.

Hann segir að reglulega komi erlendir fangaverðir til að skoða það sem þeir eru að gera. Hann segir að oft sé talað um Noreg þegar leita á fyrirmynda í fangelsismálum en þar er endurkomutíðni í fangelsi lægst í Evrópu.

„Við erum búin að vinna eftir þessu sama kerfi og í Noregi síðan '54 og vorum lengi vel litnir hornauga af öðrum deildum innan fangelsisins. Það hefur mikið breyst síðustu ár. Má þar nefna vinnustofur í hinum fangelsunum sem hafa verið vel nýttar. Dyrnar að varðstofunni eru alltaf opnar og fangarnir hafa alltaf greiðan aðgang að starfsmönnum. Út á það gengur þessi betrunarvist. Það er meðferðin og samtalið," segir Garðar.

Hann segir að fangarnir í raun sjái um allt fangelsið. Eldi mat, þrífi og hugsi um kindurnar. Það sé aðeins sauðfjárgirðing sem er meira ætlað að halda kindunum úti.

„Þeir vita alveg að þeir mega ekki fara út fyrir girðinguna. Það er betrunin. Þeir fá tilgang, traust og hlutverk."

Garðar segir starfið, þótt krefjandi sé, afar skemmtilegt og að hann njóti þess sérstaklega að sjá þegar betrunarvistin hefur virkað.

Fangaverðir eins og foreldrar

„Ég segi alltaf að okkar hlutverk sem fangaverðir sé í raun að vera foreldri. Það er okkar hlutverk að sjá til þess að þeir taki lyfin sín, þrífi sig og tannbursti og að þeir fari til læknis. Við metum líðan þeirra og eigum að grípa inn í þegar eitthvað er í gangi. Okkar hlutverk er að vera foreldri og þú gerir það ekki með lokaðar dyr. Þú þarft að vera í tengslum og þess vegna borðum við með þeim, drekkum kaffi og reykjum."

Garðar segir starfið krefjandi en á sama tíma skemmtilegt. MYND/TÓMAS FREYR



Fangarnir sjá um að kindurnar séu hirtar og fái að borða. MYND/TÓMAS FREYR

Mynd af Garðari sem fylgdi viðtali við hann árið 2018 eftir að hann fékk heilablóðfall einn á vaktinni. MYND/HANNA ANDRÉSDÓTTIR

Hann segir aðstöðuna þó alls ekki fullkomna á Kvíabryggju og nefnir sem dæmi heimsóknaraðstöðuna sem er engin.

„Við erum með matsal og setustofu og það er sameiginlegt rými fyrir alla. Menn eru að fá börnin sín í heimsókn og á meðan er kannski einhver annar að horfa á fótbolta. Þú getur ekki neins staðar verið einn með þínum gestum," segir Garðar.

Undanfarið hefur verið afar erfið staða í fangelsunum. Fyrr í vikunni sátu 62 í gæsluvarðhaldi vegna stunguárásarinnar á Bankastræti Club og annarra mála og greint var frá því í október að fresta þyrfti afplánun fanga vegna mikils fjölda sem sat í varðhaldi, sem var þá 47.

„Það er í rauninni mjög slæmt þegar það þarf að fresta. Fólk er að koma jafnvel þremur eða fjórum árum eftir að dómur fellur og margir eru á allt öðrum stað. Það er mjög slæmt fyrir bæði þá og fjölskyldur þeirra," segir hann.

Fríðindi sem ekki allir skilja

Fangarnir sem afplána á Kvíabryggju eru alls konar og hafa brotið af sér með ýmsum hætti.

„Þeir fá fangelsisdóma og það er hluti betrunar að fá að koma. Þeir eru til að byrja með í lokuðu úrræði, svo í opnu úrræði og svo á Vernd og svo í rafrænu eftirliti."

Á Kvíabryggju má vera með tölvu og farsíma og menn fá tækifæri til að ná tengslum aftur við samfélagið.

Garðar segist hafa skilning á því að fólk, og sérstaklega þolendur, hafi kannski ekki skilning á því að fangar hafi slíkan aðgang og frelsi en tekur fram að það sé mjög strangt á því tekið ef fangar misnota þetta. Í flestum tilfellum missa þeir tækin en í alvarlegustu tilfellunum eru menn sendir aftur í lokað úrræði.

„Það er tekið af þeim um leið og það er tilkynnt. Þeim þykja almennt þessi fríðindi mjög almennileg og vilja ekki missa þau. Ég hef verið spurður hvort hægt sé að koma á einhverju umbunarkerfi en ég lít frekar á það þannig að fangarnir komi inn með hundrað prósent traust og það er þeirra að halda því trausti." ■

> Okkar hlutverk er að vera foreldri og þú gerir það ekki með lokaðar dyr.

Tilboðsverð
1.854 KR. Verð 3.090 kr.

Vetrarhúfa fyrir konur
Þægileg húfa fyrir veturinn úr akríl- og ullarblöndu.

Tilboðsverð
2.334 KR. Verð 3.890 kr.

Hettupeysa fyrir stelpur
Flott hettupeysa með skemmtilegu sniði

4F Warm

Tilboðsverð
3.834 KR. Verð 6.390 kr.

Mjúk skel fyrir stráka 5000 mm
Léttur jakki með vatnsvörn og 4FWarm tækni

Tilboðsverð
1.014 KR. Verð 2.290 kr.

Stuttermabolur fyrir karla
Þægilegur og léttur bolur

Tilboðsverð
10.554 KR. Verð 17.590 kr.

Dúnmjúk kápa fyrir konur
Með hettu, góðum vösum og stroffi fremst á ermum

BLACK FRIDAY

40% AF ÖLLUM VÖRUM

Gildir til og með mánudeginum 28. nóvember

Tilboðsverð
1.674 KR. Verð 2.790 kr.

Nærbuxur fyrir karla
Sett af tveimur 4F herranærbuxum

Tilboðsverð
12.174 KR. Verð 20.290 kr.

Dúnmjúk vetrarúlpa fyrir karla
Hlý, stór og þægileg með rúmgóðum vösum

Tilboðsverð
954 KR. Verð 1.590 kr.

Sokkar lífræn bómull
Tvö sokkapör í pakka á góðu verði

4F NEO DRY MEMBRANE

Tilboðsverð
6.534 KR. Verð 10.890 kr.

Skíðabuxur fyrir stelpur 8.000 mm
Vatnsþolnar og með NeoDry 8.000 mm tækni

Tilboðsverð
3.054 KR. Verð 5.090 kr.

Rennd hettupeysa fyrir stráka
Vönduð hettupeysa úr bómull

Tilboðsverð
7.794 KR. Verð 12.990 kr.

Vetrarúlpa fyrir börn
Vatnsheld, hlý, góð öndun, stillanleg ermalengd

4F Dry

Tilboðsverð
2.394 KR. Verð 3.990 kr.

Æfingaleggings fyrir konur
Háar í mittið, 7/8 sídd með 4f dry tækni

4F NEO DRY MEMBRANE

Tilboðsverð
8.034 KR. Verð 13.390 kr.

Skíðaúlpa fyrir börn 8.000 mm
Vatnsþolinn skíðajakki með með 4F NeoDry 8.000 mm tækni

4F NEO DRY MEMBRANE

Tilboðsverð
5.874 KR. Verð 9.790 kr.

Vetrarbuxur fyrir stráka
Vatnsþolnar og með NeoDry 8.000 mm tækni

4F

SMÁRALIND

Reyna að fá börnin til að hlæja

Erla María Davíðsdóttir
erlamaria@frettabladid.is

Sviðslistahópurinn Hnoðri í norðri sýnir jólasöngleik fyrir börn á Norðurlandi í aðdraganda jóla. Söguþráðurinn byggir á arfi íslenskra jólasagna, þar sem börnin fá að kynnast ýmsum kynlegum kvistum.

„Þetta er hugsað sem hreinræktuð skemmtun og við reynum að nota svolítið húmorinn til að ná til krakkanna," segir Þórunn Guðmundsdóttir, tónskáld og söngkennari við Menntaskólann í tónlist.

Þórunn er handritshöfundur og tónskáld nýs jólasöngleiks/óperu sem sýndur verður fyrir öll sex til tíu ára grunnskólabörn á Norðurlandi í aðdraganda jóla. Þórunn segir verkið það fyrsta sem hún skrifi, sem sé eingöngu miðað að börnum.

„Það hefur þó komið oftar en einu sinni fyrir að ég hef verið að skrifa söngleik eða eitthvað annað sem ég hef hugsað fyrir fullorðna. Svo kemur oft í ljós, seinna meir, að þetta höfðar mikið til barna líka. Kannski er ég bara svona barnsleg í mér," segir Þórunn og hlær. Hún segist þó sannfærð um að fullorðnir geti líka skemmt sér á sýningunni, enda séu sögupersónurnar flestum landsmönnum vel kunnar.

Allir grunnskólar á Norðurlandi

Sviðslistahópurinn Hnoðri í norðri sér um leik og söng í sýningunni, en hópurinn var stofnaður fyrir rúmlega ári síðan. Hópinn skipa þau Erla Dóra Vogler mezzósópran, Björk Níelsdóttir sópran og Jón Þorsteinn Reynisson harmoníkuleikari. Leikstjórn er í höndum Jennýjar Láru Arnórsdóttur og sér Rósa Ásgeirsdóttir um búningahönnun.

„Hópurinn var stofnaður utan um bæði þetta verkefni og vonandi framtíðarverkefni. Fyrsta hugmyndin var að sinna börnum og list fyrir börn og við vorum svo heppin að komast í samband við List fyrir alla, sem sér um að koma list og listviðburðum í grunnskóla. Þá var ramminn orðinn það skýr að ákveðið var að miða við hálftíma leiksýningu eða söngsýningu sem færi í alla grunnskóla á Norðurlandi, allt frá Vopnafirði til Hvammstanga," segir Þórunn.

innblásinn af arfi jólasagna

Þórunn segir að fljótlega í ferlinu hafi sú hugmynd komið upp að nálgast verkefnið með íslenskan jólasöguarf í huga, sem sé mjög merkilegur fyrir margar sakir.

„Við eigum svo margar skemmtilegar jólafígúrur, sem eru sumar svolítið grimmar og hættulegar, en geta líka verið bæði gjafmildar og kjánalegar. Þannig að þetta var niðurstaðan, að einbeita sér að þessum jólum og jólafígúrum, sem í sögunni hitta mjög frægar systur, þær Sollu sem er alltaf í bláum kjól og Gunnu sem er á nýjum skóm," segir Þórunn, og vísar í þær stöllur Sollu og Gunnu í jólavísunni, Nú er Gunna á nýju skónum, sem eru flestum Íslendingum vel kunnugar.

„Þetta eru stelpur sem margir kannast við úr þessari frægu jólavísu, en við vitum samt ekkert mjög mikið um þær," segir Þórunn.

Þrír flytjendur

Þrátt fyrir að flytjendur sýningarinnar séu eingöngu þrír eru börnin kynnt fyrir fimm persónum sem margir kannast eflaust við. Söngkonurnar tvær, þær Björk og Erla Dóra, leika hvor um sig tvær persónur, og harmoníkuleikarinn Jón Þorsteinn leikur jólaköttinn.

„Auk Sollu og Gunnu erum við með Grýlu sem kemur fyrir og svo erum við með jólaköttinn og Stúf. Það eru þessar þrjár mjög þekktu jólapersónur sem eru mislævísar, en hafa bæði sínar góðu og slæmu hliðar," segir Þórunn og heldur áfram:

„Þetta byrjar eiginlega á því að jólakötturinn nennir ekki lengur að fara til byggða því það eru ekki lengur til nein fátæk börn sem fá ekki flíkur fyrir jólin," segir Þórunn.

„Grýla segir þetta bölvaða vitleysu, hann verði að fara því þetta sé hans hlutverk. Þau taka lagið saman og spilar jólakötturinn undir á harmoníku. Þetta er svona viðlagið í sýningunni þar sem Grýla syngur: „Góðu börnin finnst mér verst, en vondu börnin eru alltaf best – á bragðið." Þannig að þau eru svona að sitja um óþekk og fátæk börn, sem manni finnst svolítið grimmilegt í dag, að refsa fólki fyrir að vera fátækt," segir Þórunn.

Vilja að skemmta börnum

Að sögn Þórunnar er ekkert eitt meginþema í sýningunni. Tilgangurinn sé alfarið að skemmta börnum og fá þau til að hlæja í aðdraganda jóla. Þó hafi hún ákveðið að snerta aðeins á einelti.

„Eftir að jólakötturinn leggur af stað til byggða ákveða þær Gunna og Solla að fara í verslunarferð í bæinn til þess að versla jólagjafir. Þær verða viðskila og viti menn, Gunna hittir Stúf og þar komum við inn á einelti. Stúfur segir henni að hann heiti ekkert Stúfur, heldur séu það bræður hans sem eru alltaf að stríða honum sem kalla hann Stúf. Í rauninni heitir hann Siggi," segir Þórunn.

Þórunn Guðmundsdóttir, tónskáld og söngkennari við Menntaskólann í tónlist, er bæði handritshöfundur og tónskáld verksins, en þetta er í fyrsta skipti sem hún skrifar handrit þar sem markhópurinn er börn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það komi þó ekki að sök því Stúfur, fullur af sjálfstrausti, taki lagið um hvað hann sé mikill ofurkappi, þrátt fyrir að vera lítill.

Verkið í stöðugri þróun

Þórunn segir samstarfið við alla þá sem komi að sýningunni hafa verið einstaklega gjöfult. Hópurinn sé náinn, enda séu þau bara sex sem komi að verkefninu.

„Auk tveggja söngkvenna og harmoníkuleikara er leikstjóri, búningahönnuður og svo ég. Þar sem ég bý í bænum og hef ekki getað tekið þátt með því að vera á staðnum hefur verið ótrúlega gaman að fylgjast með úr fjarska. Bæði hef ég fengið vídeó og myndir af búningum og myndir af æfingum, þannig að mér finnst ég hafa verið hluti af æfingaferlinu," segir Þórunn.

„Verkið hefur líka svolítið þróast á æfingatímabilinu, en ég hef fengið bæði hugmyndir um breytingar frá þeim og svo höfum við verið að kasta hugmyndum á milli sem er mjög skemmtilegt," bætir Þórunn við. Þá hafi hópurinn bæði hannað og búið til leikmyndina.

„Þannig að þetta er allt heimasmíðað, leikmyndin, búningarnir tónlistin og textinn. Þetta er allt gert frá grunni," segir Þórunn.

Mikilvægt að upplifa listir

Þórunn segir það skipta gríðarlega miklu máli fyrir börn að upplifa listir og leikhús. Upplifunin sé allt önnur en að horfa á barnaefni í sjónvarpi.

„Að fá lifandi flutning, fá þessa nánd og að upplifa þetta beint í æð og alast upp við þetta smátt og smátt skiptir miklu máli," segir Þórunn.

„Við gerum þó ekki ráð fyrir að þau hafi endalausa athygli þannig að þetta er bara hálftíma langt. En að koma þeim á bragðið að njóta þess að vera í leikhúsi og njóta þess að hlusta á tónlistarflutning skiptir alveg gríðarlega miklu máli," segir hún.

„Þau fá þarna í einum pakka klassík og íslenskan menningararf með smá sprelli, sem ég held að sé bara mjög gott fyrir börn," bætir Þórunn við.

Sviðslistahópurinn Hnoðri í norðri verður á faraldsfæti um Norðurlandið í lok nóvember og byrjun desember, en áætlað er að sýnt verði í þrjátíu grunnskólum fyrir tæplega tvö þúsund börn í 1.–4. bekk.■

> Við eigum svo margar skemmtilegar jólafígúrur, sem eru sumar svolítið grimmar og hættulegar, en geta líka verið bæði gjafmildar og kjánalegar. Þannig að þetta var niðurstaðan.

Sviðslistahópinn Hnoðri í norðri skipa þau Erla Dóra Vogler mezzósópran, Jón Þorsteinn Reynisson harmoníkuleikari og Björk Níelsdóttir sópran. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR

JS WATCH CO. REYKJAVIK

Sennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi

HJÁ GILBERT ÚRSMIÐ SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLU ÚRA

ÁRATUGA REYNSLA, METNAÐUR OG FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

ISLANDUS DAKOTA
SILFUR SKÍFA MEÐ SVÖRTUM
SJÁLFLÝSANDI STÖFUM OG VÍSUM

ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ SITT HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á WWW.GILBERT.IS

SIF NART 1948 MEÐ
BLÁRRI BURSTAÐRI SKÍFU,
SJÁLFLÝSANDI STÖFUM OG VÍSUM

ARC-TIC
ICELAND

ARCTIC ÚRIN ERU TILVALIN JÓLAGJÖF, GÆÐA ÚR Á GÓÐU VERÐI, ÍSLENSK HÖNNUN

ARC-TIC ÚR
MEÐ LEÐURÓL
29.900.-

ARC-TIC ÚR
MEÐ STÁLÓL
34.900.-

GILBERT
ÚRSMIÐUR

GILBERT ÚRSMIÐUR
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.GILBERT.IS
SÍMI: 551 4100

Sófus Gústavsson og fjölskyldufyrirtæki hans, nammi.is, hefur verið til í 24 ár og sendir ógrynni af íslenskum mat, nammi og bjór til Íslendinga erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ómissandi að elda upp úr íslensku smjöri

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas
@frettabladid.is

Íslendingar erlendis láta ekki íslenska smjörið vanta í eldamennsku jólanna. Þá er mikið pantað af laufabrauði, Ora-baunum og konfekti. Nammi.is er einn stærsti útflytjandi á íslenskum vörum og segir Sófus Gústavsson að önnur kynslóð fastakúnna sé farin að panta – jafnvel þau sem hafi aldrei komið til Íslands.

Við erum með mikið af föstum kúnnum. Nammi.is var stofnað fyrir einhverjum 24 árum og það sem við erum að sjá núna fyrir þessi jól er að önnur kynslóð er byrjuð að versla við okkur. Sú kynslóð hefur alist upp við íslenskt sælgæti en sum þeirra hafa aldrei komið til Íslands," segir Sófus Gústavsson, eigandi nammi.is, en jólavertíðin þar á bæ er löngu hafin. Íslendingar erlendis þurfa að vera búnir að panta sitt fyrir löngu til að halda gleðileg jól. Og engin jól eru gleðileg nema jólasteikin fái að liggja aðeins í íslensku smjöri. „Það er númer eitt, tvö og þrjú. Það sem er þó merkilegt er að græna smjörið, sem er ósaltað, selst meira," segir hann.

Hann segir að topplistinn yfir það sem Íslendingar erlendis séu að kaupa sé frekar einfaldur og hljómi eins og innkaupalistinn hjá venjulegri fjölskyldu sem fari í Nettó fyrir jólin. „Topplistinn er auðveldur. Ef við tökum kjötið burt af listanum, sem var nýlega bannað, þá er topplistinn hjá okkur laufabrauð og malt og appelsín, grænar baunir og íslenska smjörið.

Svo er það konfektið frá Nóa Síríus og síldin er að koma sterk inn," segir Sófus.

Það sem stingur í stúf þegar topplistinn er skoðaður aðeins neðar er harðfiskur sem fáir tengja við sem nauðsynlegan hlut um jólin. „Persónulega er ég ekki með harðfisk heima hjá mér um jólin en Íslendingar erlendis virðast elska harðfiskinn."

Þótt konfektið sé vinsælt núna er Hraun og lakkrísinn frá Góu vinsælt allt árið. „Góa er alltaf með sígildar vörur og þeirra vörur eru vinsælar allt árið. Fólk er að kaupa sitt lítið af hverju úr nammideildinni en helst núna er konfektið."

Sófus bendir á að tugþúsundir Íslendinga búi erlendis, þar af um 10–15 þúsund í Bandaríkjunum. Hann sendir mest til Bandaríkjanna en einnig til Kanada og Evrópu. „Það er erfitt að senda til Suður-Ameríku til dæmis. Mexíkó er alveg lokað og eitt og eitt land leyfir ekki neitt, eins og Nýja-Sjáland."

Búðingur ómissandi

Fréttablaðið hafði samband við nokkra Íslendinga sem búa erlendis. Þeir áttu það sameiginlegt að kaupa Þrist, Draum, Appolólakkrís og Hraun yfir árið. Þó voru nokkrir með sínar sérþarfir, eins og pítusósu, kókómjólk og sumir jafnvel pöntuðu mexíkó-ost.

Fyrir jólin breytast pantanirnar og verða líkari því sem þekkist hér á Fróni. Þá er pantað hangikjöt, laufabrauð, malt og appelsín, grænar Ora-baunir og Royal-búðingur. Þá er einnig vinsælt íslenska súkkulaðið því allir viðmælendur áttu það sameiginlegt að panta suðusúkkulaði og rjómasúkkulaði en aðrir bættu jafnvel súkkulaðispæni við. Þá er fátt betra en að leyfa sér súkkulaðirúsínur til hátíðarbrigða. ■



Laufabrauð. Auðvitað er það pantað. Engin jól án þeirra.

Nammið frá Helga í Góu selst vel allt árið.

Það jafnast ekkert á við að elda upp úr íslenska smjörinu – jafnvel þótt það sé erlendis.

Drykkur jólanna ferðast um allan heim.

Jólabjóralagerinn var tvöfaldaður í ár hjá Sófus og félögum enda seldist allt upp í fyrra á nokkrum klukkutímum í fyrra. Það er lítið eftir.

Konfektið er mikið sent um allan heim enda fátt betra en að stelast í einn jólamola.

Hangikjötið með uppstúf og grænum baunum og rauðkáli. Það eru jólin í þessari setningu.

Fljúgandi svartur föstudagur!

Fáðu allt að **35% afslátt** af fluginu

Baltimore • Barcelona • Berlín • Boston
Dublin • Genf • Kaupmannahöfn • London
Liverpool • Madríd • París • Salzburg
Alicante • Gran Canaria • Tenerife

PLAY

flyPLAY.is

Ég elska leiðinlegt fólk

Sýningin Kvöldvaka með Jóni Gnarr snýr aftur nú í nóvember þar sem sagðar eru sannar en lygilegar sögur frá ferli grínistans. Hvernig byggir maður upp svona stæðilegan lager af furðusögum?



Jón reynir að vera vakandi fyrir fólki sem er beinlínis leiðinlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Arnar Tómas Valgeirsson
arnartomas
@frettabladid.is

„Í æsku minni var þetta orð, kvöldvaka, mjög tengt skátunum," segir Jón Gnarr sem bauð gestum fyrst á kvöldvökur með sér 2018. „Mér fannst misjafnlega gaman í skátunum en kvöldvökur voru alltaf skemmtilegar. Þá voru sagðar sögur, flutt skemmtiatriði og annað stuð. Ég á góða og persónulega tengingu við þetta fallega orð."

Jón hefur rosalega gaman af íslensku og hefur þá sér í lagi dellu fyrir þeim orðum málsins sem ekki eru til annars staðar.

„Við eigum þjóðararf sem er misjafnlega ósýnilegur og hefur með gleðskap og list að gera. Í gamla daga voru til skemmtanir sem voru kallaðar gleðir og kirkjan bannaði. Það var bara kirkjuleg tilskipun að gleði væri hér með bönnuð," segir hann og hlær. „Íslendingar eiga ekki að gleðjast heldur eiga þeir að iðrast og huga að sínu synduga líferni og hvernig megi bæta fyrir það."

Brunnur í eyðimörkinni

Jóni finnst eins og Íslendingar eigi það til að líta á það sem einhvers konar þroskaskref þegar fólki tekst að yfirstíga gleðina.

„„Nú er ekki fíflagangur lengur, núna er ég það þroskaður og gáfaður að nú þarf ég ekki lengur á gleði að halda. Hún er einskis nýt!" Ég hef alltaf ögrað þessu viðhorfi því gleðin er svo verðmæt og gerir svo mikið."

Fjöldi íslenskra fjölskyldna tengir kvöldvökur við Fóstbræður enda hitti fíflagangurinn í þáttunum beint í mark hjá mörgum þegar þeir fóru fyrst í loftið 1997. Jón segir tilfinninguna hafa verið eins og að grafa brunn í eyðimörk.

„Okkur fannst ekkert skemmtilegt að gerast og Fóstbræður var okkar framlag til þess að skapa einhvers konar gleðivettvang. Það mætti mikilli mótspyrnu, sérstaklega hjá eldra fólki því yngra fólk var almennt mjög ánægt með þetta."

Svar við grámyglunni

Þegar Næturvaktin fór svo í gang 2007 hvarflaði ekki að Jóni að nokkur myndi hafa gaman af þessu.

„Ég var alveg viðbúinn því að það yrðu kannski einhverjir nokkrir sem myndu kveikja á þessu en að þetta yrði aldrei neitt „mainstream"," segir hann. „Mér fannst sjálfum bara svo gaman að vera Georg Bjarnfreðarson og búa til þennan mann."

Rétt eins og með Fóstbræður lagðist Næturvaktin vel í landann þar sem áður óþekktri eftirspurn í grámyglu var svarað.

„Það kom mér á óvart hvað þetta varð vinsælt því mér finnst þetta jafnvel leiðinlegt. Þetta er kómedía hversdagslegra leiðinda. Ég meina, þetta er bara um þrjá menn á bensínstöð um nótt."

Hvatvísin er lykillinn

Sérkennilegt sagnasafn Jóns telur hann hafa komið til með óhefðbundnu viðhorfi sínu til lífsins.

„Ég hef farið ótroðnar slóðir í lífinu því ég er bæði fljótfær og hvatvís. Það hefur gert það að verkum að ég hef oft komið mér í sérkennilegar aðstæður," segir hann og bætir við hvað honum þyki gaman að velta fyrir sér örlögunum. „Af hverju hlutirnir eru eins og þeir eru. Það hefur svo margt gerst fyrir mig sem mér finnst mystískt – bara stórfurðulegt."

Þá hefur Jón líka búið sér til sínar eigin furðulegu aðstæður með eigin rugli og vísar þar til pólitíska ævintýrisins þegar hann stofnaði Besta flokkinn.

„Ég var ekki með neitt plan, mér fannst bara gaman að fikta með þetta," segir hann hlæjandi. „Ég horfði um daginn á gamalt myndband á Youtube þar sem var tekið viðtal við mig eftir að ég stofnaði flokkinn þar sem ég sagði að okkur væri drullusama því börn væru ekki með kosningarétt. Ég var bara á fullu í útúrsnúningum en það hefur verið þannig í svo mörgu sem ég hef gert. Ég er með eitthvert dræv að vaða áfram í þetta og er ekki mikið að hugsa um afleiðingar eða viðtökur."

Eftir að hann varð borgarstjóri tók það Jón nokkrar vikur að meðtaka það almennilega.

„Það kom mér samt meira á óvart að þetta vakti eftirtekt í útlöndum. Stórir fjölmiðlar tóku viðtöl við mig því mér datt ekki í hug að nokkur hefði áhuga á þessu."

Uppgötvun í sminkstólnum

Aðdragandinn að borgarstjóratíð Jóns var oft ansi skrautlegur.

„Ég er ekkert rosalega vel áttaður á málefnum líðandi stundar, hver er hver og svona," segir hann og dæsir. „Ég er ekkert alltaf með það á hreinu."

Þessi persónuþoka Jóns kristallaðist í því þegar hann var á leið í viðtal til að kynna kvikmyndina Bjarnfreðarson á Stöð 2 og mætti þar konu sem var að koma úr sminki.

„Hún þekkti mig augljóslega en ég vissi ekki hver hún var. Hún heilsaði mér og spurði mig hvort ég væri þá búinn að stofna stjórnmálaflokk. Ég játaði því og hún sagði þá að við myndum sjást í baráttunni."

Eftir að konan fór settist Jón í sminkstólinn og spurði hver þetta hefði nú verið.

„Stína sminka spurði mig hvort ég væri að djóka og ég neitaði því. Þá sagði hún mér að þetta væri Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri Reykjavíkur. Ég vissi þá ekki einu sinni hver væri borgarstjórinn í Reykjavík! Fólk fattar stundum ekki hvað ég er mikið út úr kortinu. Sumir hugsa: „Hann getur nú ekki verið alveg svona ruglaður," en ég er það."

> **Það er mikið af mjög leiðinlegu fólki í fjölskyldu minni og einhvern veginn tókst mér að lifa hana af með þessu viðhorfi.**

Brestur að leyna brestum

Þótt Jón viti ekki alltaf hver sé hver þá skammast hann sín ekkert fyrir það.

Eru kannski fleiri sem eru svona mikið út úr kortinu en þora ekki að viðurkenna það?

„Jú, en miklu minna en það var," svarar Jón. „Ég held að þetta hafi byrjað að breytast með minni kynslóð en það er mjög mikið af fólki sem er að dylja alls konar veikleika því það er hrætt um að það hafi alvarlegar afleiðingar í för með sér sem mér finnst mikil synd."

Jón telur mikilvægt að horfast í augu við eigin bresti.

„Mín reynsla er sú að þegar fólk leynir veikleikum þá veldur það oft því sjálfu sársauka og skömm. Annað fólk undrast á því að það geti ekki gert eitthvað og þá getur fólk byrjað að nærast á sér minnimáttarkennd og vanlíðan, sem mér finnst alveg ömurlegt."

Þannig hefur Jón kosið að viðurkenna eigin bresti og bregðast við með auðmýkt.

„Þar með er það aftengt sjálfum mér. Þetta er ekki eitthvað sem ég geri heldur er eitthvað sem veldur því að ég geri svona," segir hann. „Sem betur fer hefur orðið mikil hugarfarsbreyting í þessum málum og það er orðið meira í lagi að stíga fram og viðurkenna að eitthvað sé ekki í lagi."

Kappklædd Dunkirk-hetja

Jón minnist þess þegar fjölskyldan bjó í Texas og hann var dreginn »

Jón óraði ekki fyrir því að neinn myndi skemmta sér yfir Næturvaktinni. MYND/SAGAFILM

KARI TRAA
BLACK FRIDAY
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!
GILDIR ÚT 28.NÓV.- EINNIG Í VERSLUN
SPORTÍS
SPORTIS.IS
520-1000
SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK

» tilneyddur af eiginkonu sinni og syni sínum inn í áskrift í líkamsræktarstöð.

„Þau vildu vera með kort þarna og ég fór með, en á meðan þau voru í tímum þá var ég bara að slaka á í spa-inu þar sem var gufubað," segir hann og bendir á að íbúar Texas kunni ekki á gufuböð. „Þetta var orðið hluti af einhverju hot jóga dæmi og fólk mætti bara kappklætt í gufuna, nýkomið úr tíma, þambandi marga lítra af vatni á meðan ég sat þarna í sundskýlunni. Sumir mættu meira að segja í skóm!"

Kappklæddir Kanarnir létu sér ekki nægja að vanhelga gufubaðið heldur mætti einn þeirra í strigaskóm í heita pottinn áður en Jón kallaði baðvörðinn til.

„Það var svo einu sinni þegar ég sat inni í gufunni þegar inn kemur mjög gamall maður í gráum rykfrakka með hatt, jakkafötum og spariskóm," segir Jón og hlær. „Hann vindur sér á tal við yngri mann sem situr þarna, í íþróttagallanum, og þeir fara að tala um herþjónustuna sína."

Þá kom í ljós að sá eldri hafði barist í seinni heimsstyrjöldinni og tók meðal annars þátt í orrustunni um Dunkirk átján ára gamall.

„Þetta var bara eins og sena úr einhverri Coen-bræðra mynd!"

Trúnósegull

Hvatvísi Jóns á það þó til að leiða hann í aðstæður sem jafnvel honum finnst of skrítnar.

„Það er margt sem hefur komið algjörlega aftan að mér og bara gerst fyrir mig. Ég er líka kannski þannig manneskja að fólki finnst í lagi að ræða skrítna hluti við mig," segir hann. „Ég get alveg fallist á það þannig, að fólk stundum fer á eitthvert trúnó við mig sem það myndi kannski ekki gera við marga aðra."

Sem listamaður reynir Jón að vera vakandi fyrir fólki sem er ekki bara skringilegt heldur beinlínis leiðinlegt.

Með því að viðurkenna eigin bresti segir Jón að fólk geti forðast óþarfa vanlíðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Sumir hugsa: „Hann getur nú ekki verið alveg svona ruglaður," en ég er það.

„Ég elska leiðinlegt fólk. Ef ég sé leiðinlegt fólk þá verð ég að stöðva við," segir hann. „Mér finnst íslenski kverúlantinn og leiðindapúkinn vera svo frábær persóna. Karlar og konur með einhver sérkennileg viðhorf – það bara gleður mig meira en nokkuð annað."

Leiðinlegt fólk er áunnið bragð og deilir eiginkona Jóns ekki þessari sérkennilegu ástríðu hans.

„Henni leiðist leiðinlegt fólk og það fer sjálfkrafa í taugarnar á henni á meðan það heillar mig," segir hann. „Það er mikið af mjög leiðinlegu fólki í fjölskyldu minni og einhvern veginn tókst mér að lifa hana af með þessu viðhorfi. Þetta er nefnilega ekki leiðinlegt. Á einhvern hátt er þetta skemmtilegt og einhvern veginn er hægt að búa til eitthvað frábært úr þessum endalausu leiðindum." ■



Vilt þú leiða stafræna þróun á alþjóðaflugvelli?

Við leitum að metnaðarfullum, hugmyndaríkum og jákvæðum forstöðumanni stafrænnar þróunar hjá Isavia.

Meðal helstu verkefna er dagleg stjórnun og ábyrgð á rekstri deildarinnar, mótun verkefna stafrænnar þróunar hjá samstæðunni ásamt innleiðingu snjallra lausna í samstarfi við framkvæmdastjóra sviðsins og annað starfsfólk Isavia.

Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarform má finna á **isavia.is** undir **Störf í boði**. Umsóknarfrestur er til og með 4. desember.
Við hvetjum áhugasama aðila, án tillits til kyns og uppruna, til að sækja um.

Saman náum við árangri
Isavia er vinnustaður þar sem við sýnum hvert öðru virðingu og erum heiðarleg gagnvart sjálfum okkur og öðrum. Við gætum þess að viðhalda gleðinni, erum hugrökk, uppbyggileg og tökum ábyrgð á eigin frammistöðu.

isavia

BLACK FRIDAY

25% af öllu EN 40% af úlpum

ANDI dúnúlpa 69.995 kr
BLACK verð: 41.997 kr

HRÍÐ dúnúlpa 59.995 kr
BLACK verð: 35.997 kr

DOFRI úlpa 24.995 kr
BLACK verð: 14.997 kr

FRISSI primaloft 19.995 kr
BLACK verð: 11.997 kr



SKAFBYLUR dúnúlpa 79.995 kr
BLACK verð: 47.997 kr

KUL primaloft 39.995 kr
BLACK verð: 23.997 kr

KYLJA dúnúlpa 47.995 kr
BLACK verð: 28.797 kr

ELNA dúnúlpa 59.995 kr
BLACK verð: 35.997 kr

BYLUR dúnúlpa 69.995 kr
BLACK verð: 41.997 kr

MAGNI primaloft 39.995 kr
BLACK verð: 23.997 kr

CINTAMANI

cintamani.is - Austurhrauni 3 og Faxafeni 7

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Rithöfundurinn og skapari Línu Langsokks, Asrid Lindgren, ásamt leikkonunni Inger Nilsson sem lék Línu og leikstjóranum Olle Hellblom árið 1969. FRÉTTBLAÐIÐI/GETTY

Sterkasta stelpa í heimi

Lína Langsokkur er ein ástsælasta barnabókapersóna sögunnar. Hún er sköpuð af sænska rithöfundinum Astrid Lindgren og í dag eru 77 ár síðan fyrsta bókin um Línu kom út.

Lína Sigurlína Rúllugardían Nýlendína Krúsimunda Eframísdóttir Langsokkur, betur þekkt sem Lína Langsokkur, er ein ástsælasta barnabókapersóna fyrr og síðar. Hún er aðalpersóna í bókaflokki sænska rithöfundarins Astrid Lindgren. Í dag eru 77 ár síðan fyrsta bókin um Línu kom út.

Lína Langsokkur er níu ára gömul og í upphafi sögunnar flytur hún í húsið Sjónarhól. Þar býr hún með hestinum sínum og apanum Herra Níels. Fljótlega eftir að Lína flytur á Sjónarhól kynnist hún krökkunum Önnu og Tomma sem búa í húsinu við hliðina á.

Lína er með rautt hár og freknur, hún er fjörug, klár, óútreiknanleg og sterk, svo sterk að hún getur lyft hestinum sínum. Móðir Línu lést stuttu eftir að hún fæddist og pabbi hennar er skipstjóri sem siglir um heimsins höf svo Lína býr án fullorðinna á Sjónarhóli. Hún á tösku fulla af gullpeningum og sér um sig sjálf, yfirvöld í þorpinu þar sem hún býr reyna að færa líf Línu í annan farveg en hún er hamingjusöm og lætur ekki segjast.

Sagði dóttur sinni sögur

Astrid Lindgren fæddist í Svíþjóð þann 14. nóvember árið 1907 og hún lést þann 28. janúar árið 2002. Hún skrifaði fjölda barnabóka og meðal þekktustu bóka hennar eru sögurnar af Línu, Emil í Kattholti, Ronju Ræningjadóttur og börnunum í Ólátagarði.

Árið 1941 hóf Astrid að segja Karin, dóttur sinni, sögur af stúlku sem lenti í ýmsum ævintýrum, en það var Karin sem hóf að kalla uppátækjasömu stelpuna sem mamma hennar sagði henni frá Línu Langsokk. Sögurnar urðu fastur punktur í heimilislífinu hjá Astrid og Karin og síðar fengu fleiri fjölskyldumeðlimir að heyra þær líka. Árið 1944 ákvað Astrid svo að skrifa sögurnar niður, úr varð að hún handskrifaði tvö eintök af sögunni um Línu, eitt handa Karin og annað fór hún með til útgefanda.

Honum leist ekki vel á söguna og hafnaði því að gefa hana út, Astrid fór til annars útgefanda í maí árið 1945. Honum leist betur á en þeim fyrri og bað Astrid að gera smávægilegar breytingar á sögunni sem hún og gerði. Þann 26. nóvember sama ár kom svo út fyrsta sagan um Línu Langsokk. Í kjölfarið komu út tvær bækur til viðbótar um líf Línu, ein árið 1946 og önnur árið 1948. Þrjár myndskreyttar bækur komu svo út árin 1950, 1971 og sú síðasta árið 2001.

Fyrsta bókin um Línu Langsokk á íslensku kom út árið 1948.

Fljótlega eftir að fyrsta bókin um Línu kom út í Svíþjóð varð hún afar vinsæl og hlaut bókin almennt góða dóma og seldist vel. Sett var upp barnaleikrit um Línu í Stokkhólmi og árið 1948 var fyrsta Línu-bókin gefin út á íslensku. Bækurnar voru þýddar á fjölmörg tungumál en ekki voru allir sammála um ágæti þeirra. Sumir gengu jafnvel svo langt að segja að bækurnar um Línu væru skaðlegar börnum og á sumum tungumálum voru sögurnar ritskoðaðar.

Í franskri ritskoðaðri útgáfu birtist Lína sem fínleg ung kona í stað sterku sjálfstæðu stelpunnar og hestinum hennar var breytt í smáhest þar sem ótrúverðugt þótti að lítil stelpa gæti lyft hesti. Við þessa breytingu krafði Astrid Lindgren útgefandann um mynd af raunverulegri franskri stúlku að lyfta smáhesti, þá stúlku sagði hún eiga tryggan feril í kraftlyftingum fram undan. Árið 1995 var Lína Langsokkur fyrst gefin út óritskoðuð í Frakklandi.

Tommi, Lína og Anna úr kvikmynd frá árinu 1969. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Áhrifaríkt að leika Línu

Lína Langsokkur hefur heillað heimsbyggðina með persónutöfrunum sem Astrid Lindgren skapaði henni. Gerðar hafa verið kvikmyndir og sjónvarpsþættir um Línu, Tomma og Önnu. Vinsælastar urðu myndirnar og þættirnir sem komu út á árunum 1969 og 1970 þar sem Inger Nilsson fór með hlutverk Línu.

Hér á Íslandi hafa verið settar upp fjölmargar leiksýningar um Línu, Ilmur Kristjánsdóttir lék hana til að mynda á stóra sviði Borgarleikhússins árið 2003. Hún segir hlutverkið hafa haft mikil áhrif á sig. „Þetta var fyrsta hlutverkið sem ég fékk eftir að ég útskrifaðist svo þetta var frekar þægilegt stökk fyrir mig út í leikhúsið en á sama tíma fékk ég svona hugrakkan karakter í hendurnar og það hefur fylgt mér," segir Ilmur.

„Að ögra, fara út fyrir boxið og láta ekki segja sér hvað á að gera er allt einkennandi fyrir Línu og það tók ég allt til mín," segir Ilmur, sem lék Línu í um hundrað sýningum í leikhúsinu.

„Svo fórum við í leikskóla og alls konar staði um allan bæ og það var æðislegt, það dá allir og dýrka Línu," segir Ilmur. „Það er svo gaman að hún hvetur krakka til að vera frjáls en svo gerist það líka hjá börnum að þau fara að stoppa hana ef hún fer yfir strikið, þá leiðrétta þau hana og segja bara: nei, þetta má ekki," segir Ilmur.

„Og þessa sálfræði hef ég notað á mín eigin börn," segir hún og hlær. „Þau eru rosalega stundvís, ég segi við þau æi, viltu ekki sofa aðeins lengur og þau bara nei, ég ætla auðvitað að mæta á réttum tíma," bætir hún hlæjandi við. ■

> Það er svo gaman að hún hvetur krakka til að vera frjáls.
>
> Ilmur Kristjánsdóttir

Ilmur Kristjánsdóttir lék Línu í Borgarleikhúsinu árið 2003. Hún segir hlutverkið hafa haft mikil áhrif á sig.

„Kristín Eiríksdóttir er einn af okkar stóru höfundum og skilar til okkar dásamlega sönnu og frumlegu verki.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / STUNDIN

„Þetta er grípandi saga, átakanleg á köflum, sem spilar á allan tilfinningaskalann ...“

SNÆDÍS BJÖRNSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Mjög trúverðugt, sannfærandi og áhrifaríkt.“

ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

„Mín skoðun er sú er að þetta sé besta bók Kristínar.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN



INNBUNDIN | RAFBÓK

Tól eftir Kristínu Eiríksdóttur er grípandi frásögn, í senn nærgætin og miskunnarlaus, þar sem allt virðist blasa við en ekkert er sem sýnist.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | **www.forlagid.is**

Merkisatburðir

783 Adosindu, drottningu Asturias, er haldið í gíslingu í klaustri til að koma í veg fyrir að ætt hennar taki konungsstólinn aftur af valdaræningjanum Mauregatus.
1594 Tilskipun er gefin út um að Grallarinn, messusöngbók Guðbrands Þorlákssonar Hólabiskups, skuli notuð í báðum biskupsdæmum.
1789 Fyrsti opinberi þakkargjörðarhátíðardagurinn fer fram í Bandaríkjunum eftir tilskipun George Washington forseta.
1825 Háskólanemar stofna Kappa Alpha Society, fyrsta bandaríska háskólabræðralagið, í Union-háskóla í Schenectady í New York.
1917 Bandaríska íshokkídeildin, NHL, er stofnuð.
1918 Svartfellska þingið samþykkir innlimun í Serbíu.
1922 Howard Carter og Carnarvon lávarður verða fyrstu mennirnir í rúm 3.000 ár til að ganga inn í grafhýsi Tútankamons faraós.

1942 Kvikmyndin **Casablanca** er frumsýnd í New York.
1981 Dagblaðið og Vísir sameinast og verða DV.
1981 Skemmtistaðurinn Broadway við Álfabakka opnaður.
1993 Leikritið Skilaboðaskjóðan frumsýnt í Þjóðleikhúsinu.
2000 Katherine Harris, þá innanríkisráðherra Flórída, lýsir George W. Bush sigurvegara forsetakosninga í ríkinu.
2003 Síðasta flug Concorde-flugvélarinnar.

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar

Ísleifur Jónsson, Útfararstjóri, Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir, Útfararþjónusta, Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna

Margrét undirbýr nú heljarinnar sálmabókarmaraþon. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sefur út á afmælisdaginn

Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar fagnar sjötugsafmæli eftir helgi.

arnartomas@frettabladid.is

„Það er auðvitað stórkostlegt gleðiefni að fá að lifa það að verða sjötugur," segir Margrét Bóasdóttir, sem fagnar stórafmæli á mánudaginn. „Ef maður hefur heilsu þá er bara frábært að eldast."

Afmælisbarnið er að sögn ekki mikið fyrir hefðir á deginum stóra.

„Nei, ég hef aldrei verið fyrir það en ég sef örugglega út," segir Margrét, sem býr á Hvalfjarðarströnd og stefnir að því að vera heima fyrir á afmælinu þótt það sé á mánudegi. „Þetta verður frekar lágstemmt núna en aðalafmælishátíðin felst í því að ég ætla til Leipzig í vikunni þar á eftir og hlusta á son minn syngja jólaóratoríuna."

Sungið í tvo sólarhringa

Þegar Fréttablaðið heyrði síðast í Margréti var hún á þönum við að undirbúa norrænu kórahátíðina Nordklang í Vatnsmýrinni, sem hún segir að hafi verið mikill hasar. Sem söngmálastjóri þjóðkirkjunnar er nóg að gera hjá Margréti, sem hefur verið önnum kafin að vinna í kringum nýja sálmabók sem kom út fyrir skömmu.

„Það hefur í rauninni verið unnið að þessari bók síðan 2005 þótt aðalvinnan hafi farið fram undanfarin sjö ár."

Næsta verkefni Margrétar eftir að bókin kom út verður svokallað sálmabókarmaraþon í maí.

„Það felst í því að kirkjan og sjónvarp allra landsmanna taka höndum saman og við syngjum alla 795 sálmana í bókinni," útskýrir Margrét. „Við byrjum á númer eitt, sem er þjóðsöngurinn, og syngjum svo í réttri röð hvern einasta sálm, dag og nótt, í sjónvarpinu."

Slíkt maraþon hljómar ansi tímafrekt og býst Margrét við að það taki um fimmtíu klukkustundir af stanslausum söng. Markmiðið að baki maraþoninu er tvískipt.

„Fyrsta markmiðið er að eignast myndband af öllum sálmunum í bókinni. Hitt er að allir söfnuðir landsins séu með."

Hvernig þjálfar maður raddböndin í svona maraþon?

„Þetta er í rauninni bara rosa stórt excel-skjal," segir Margrét en maraþonið mun fara fram í þremur til fjórum kirkjum til skiptis svo að kórar landsins mæti á þann stað sem er næstur þeirra búsetu. „Þá munu einhverjir koma til að syngja jólasálmana, aðrir sem syngja jarðarfararsálmana og enn aðrir sem syngja skírnarsálmana."

Margrét segir þó að ekki sé verið að finna upp hjólið með maraþoninu.

„Norðmenn gerðu þetta 2015 þegar þeir fengu nýja sálmabók svo við erum að leika eftir þeirra hugmynd. Ég veit þó að minnsta kosti alveg hvað ég verð að gera á næstunni."

Breytingar og ekki

Margrét hefur verið viðloðandi kórastarf lengur en flestir.

„Covid gerði mjög mikla skráveifu í kórastarfi," svarar hún, spurð að því hvernig kórar landsins standi í dag. „Það er að koma í ljós núna að margir kórar standa annaðhvort höllum fæti eða þurfa að ganga í gegnum einhverja endurnýjun. Það er auðvitað alltaf eitthvað gott sem kemur út úr erfiðleikum. Það eru þó nokkrir kórar í þessu ástandi núna að þeir vita ekki alveg hvort þeir geti lifað eða dáið."

Líf hefur þó verið að glæðast í aðsókn á kórtónleika.

„Menn vilja auðvitað gjarnan syngja svo einhver hlusti á og margir tryggir tónleikagestir sem eru þá kannski komnir yfir miðjan aldur töpuðu kjarkinum í faraldrinum. Það er ákveðin glíma líka en þetta er samt pínu eins og veðrið," segir Margrét. „Það skiptast á skin og skúrir en grundvöllurinn er samt sá að Íslendingum finnst gaman að syngja og miðað við okkar blessuðu höfðatölu þá er kórastarf hér gífurlega fjölmennt miðað við fjölda í samfélaginu. Það hefur ekkert breyst þótt þetta séu breytingatímar samt sem áður."

> **Það skiptast á skin og skúrir en grundvöllurinn er samt sá að Íslendingum finnst gaman að syngja.**

Handavinnan kom á óvart

Þegar hún er krafin um skemmtilega afmælisminningu minnist Margrét fimmtugsafmælis síns sem fór fram í sal hjá Félagi íslenskra hljómlistarmanna.

„Það var opið hús og glatt á hjalla, en það sem var sérstakt var það að eitt atriðanna á dagskránni var að ég var með handavinnusýningu á eigin verkum. Það var svolítið grín en samt alvara líka, því ég hef ekki verið þekkt fyrir að vera hannyrðakona en ég var ægilega dugleg þegar ég var yngri og hafði geymt allt mögulegt sem ég hafði heklað, prjónað og saumað. Þá var ég með heilan vegg í partíinu sem var sýning á minni eigin handavinnu. Þá rak marga í rogastans!" ■

Elskulega móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,
Margrét Jakobsdóttir
Sautjándajúnítorgi 3, Garðabæ,

varð bráðkvödd á Tenerife þriðjudaginn 22. nóvember.

Jakob Már Harðarson **Þórey Íris Halldórsdóttir**
Marteinn Már, Margrét og María Sól
Vilborg Reynisdóttir
Páll Ágúst, Reynir Örn, Kristín Ósk
og langömmubörnin fjögur

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Guðbjörg Kristjánsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu miðvikudaginn 16. nóvember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sigurður Sigurðsson **Barbro Elísabet Glad**
Kristján Sigurðsson **Lára Guðrún Agnarsdóttir**
Rúnar Sigurðsson **María Ýr Valsdóttir**
Anna Sigurðardóttir **Bjarki Valur Bjarnason**
barnabörn og barnabarnabörn

TÓNLISTAR & KVIKMYNDASPIL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Skannaðu mig

20% AFSLÁTTUR MEÐ KÓÐANUM "SVARTUR"

LEITINADSTJORNUNNI.IS
S. 771-7171

LEITIN AÐ STJÖRNUNNI

Elskulegur faðir, barnsfaðir, stjúpfaðir, stjúptengdafaðir og stjúpafi,

Haraldur Sigþórsson

umferðarverkfræðingur,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 21. nóvember. Útför verður frá Grafarvogskirkju þann 14. desember kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á SEM samtökin.

Sigþór Haraldsson
Esther Hlíðar Jensen
Inga María Hlíðar Thorsteinson Egill Þór Jónsson
Aron Trausti Egilsson
Sigurdís Egilsdóttir

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Áslaug Bernhöft

lést á Hrafnistu við Sléttuveg föstudaginn 18. nóvember. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 1. desember klukkan 13.

Ólafur Þór Jónsson Þórey Björk Þorsteinsdóttir
Þórður Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Lilja Líndal Gísladóttir

Leynisbraut 10, Akranesi,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, þriðjudaginn 15. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 1. desember klukkan 13. Fjölskyldan vill koma á framfæri sérstökum þökkum til starfsfólks Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða.

Hjörtur Márus Sveinsson
Gísli Baldur Mörköre
Kristinn Líndal Jónsson Fanney Þórðardóttir
Márus Líndal Hjartarson Þura Björk Hreinsdóttir
Ólafur Elí Líndal Hjartarson Berglind Björk Gunnarsdóttir
ömmubörn og langömmubörn

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Kristín Ingunn Haraldsdóttir

Kiddý í Haga,

lést fimmtudaginn 17. nóvember á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Patreksfirði. Útför hennar fer fram frá Hagakirkju föstudaginn 2. desember klukkan 14. Útförinni verður streymt og má nálgast hlekk á youtube.com/bit.ly/hagakirkja. Hlekk á streymi má einnig nálgast á mbl.is/andlat

Björg G. Bjarnadóttir Eiríkur Jónsson
Margrét Á. Bjarnadóttir Kristján Finnsson
Jóhanna B. Bjarnadóttir Árni V. Þórðarson
Hákon Bjarnason Birna J. Jónasdóttir
J. Kristín Bjarnadóttir
Haraldur Bjarnason María Úlfarsdóttir
Gunnar I. Bjarnason Regína Haraldsdóttir
og ömmubörn

Hjartkær mamma okkar, tengdamamma, amma, langamma og langalangamma,

Valdís Þorsteinsdóttir

Lóa
fyrrum stöðvarstjóri
Pósts og síma í Hrísey,

lést á Dvalarheimilinu Dalbæ Dalvík miðvikudaginn 23. nóvember. Útförin fer fram frá Dalvíkurkirkju þriðjudaginn 6. desember kl. 13.30.

Þórdís Björg Alfreðsdóttir Steingrímur Sigurðsson
Konráð Þorsteinn Alfreðsson Guðbjörg Ingileif Jónasdóttir
Sigurður Sveinn Alfreðsson Sólborg Friðbjörnsdóttir
Sigurjón Freyr Alfreðsson Margrét Kristmannsdóttir
Blængur Elvar Alfreðsson Þórdís Þorvaldsdóttir
Kristín Anna Alfreðsdóttir Ásgeir Stefánsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn



Pétur staðfestir að fólk hafi fundið ástina í teitunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Guðsgeldingagengið fagnar saman

Pétur Þorsteinsson óháða-safnaðarprestur leiðir að vanda tilhleypingateiti guðsgeldinga í prestssetrinu í dag.

arnartomas@frettabladid.is

Á morgun, fyrsta sunnudag aðventunnar, hefst nýtt kirkjuár með tilheyrandi jólaföstu. Pétur Þorsteinsson, prestur í Óháða söfnuðinum, hefur þann sið á að á gamlársdegi kirkjuársins býður hann í tilhleypingateiti í prestssetrinu fyrir svokallaða guðsgeldinga – þá sem eru af einhverri ástæðu ógiftir og ekki í sambandi.

„Við vorum einhvern tímann í Þórsmörk fyrir svona þrjátíu til fjörutíu árum í byrjun aðventunnar. Í framhaldi voru menn að kvarta undan því að guðsgeldingarnir væru aldrei að hittast," útskýrir Pétur. „Ég hef nú boðið þessum guðsgeldingum í veislu til mín ár hvert síðan þá."

Í veislurnar mætir iðulega fjölbreyttur hópur fólks til að smakka á kökum og kaffi.

„Ég þekki ekki alla sem koma og það er ákveðinn léttleiki yfir þessu öllu saman," segir Pétur. „Þetta guðsgeldingagengi sem hingað kemur getur svo horft á hina og skoðað hvert annað."

Tilhleypingateitið svokallaða er tilkomið af því að hrútum í sveitinni er hleypt út á þessum tíma líkt og Pétur hleypir guðsgeldingunum út meðal fólks.

Gestabókin til bjargar

Hefur eitthvað orðið úr fundum fólks sem hittist í þessum teitum?

„Já, já! Það er hér fólk sem ég gifti til að mynda og eiga þrjú undaneldi í dag, en þau hittust einmitt í einu boðinu," segir Pétur stoltur. „Svo hafa nú menn hist þar fyrir utan. Ég man eftir einum sérstaklega sem var svo orkumikill. Hann kom daginn eftir því hann náði ekki réttu nafni á stelpunni sem hann var að tala

> Ég þekki ekki alla sem koma og það er ákveðinn léttleiki yfir þessu öllu saman.

við svo hann fékk að koma og skoða í gestabókina!"

Gestabókin bjargaði þannig verðandi ást frá glötun. Pétur býst við að kvöldið gæti ílengst aðeins fram undir morgun þar sem fólk sé orðið hrætt við það sem hann kallar Fullukallafélagið.

„Það er orðin ansi mikil orka og elja í því, svo menn halda sig kannski heima fyrir og sleppa því að fara niður í bæ," segir hann. „Hér elska allir friðinn og strjúka kviðinn!" ■

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Svava Berg Þorsteinsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 11. nóvember í faðmi fjölskyldunnar. Útför hennar fer fram frá Guðríðarkirkju í Reykjavík, þriðjudaginn 29. nóvember klukkan 13.

Jónas Ágúst Ágústsson Halldóra Guðríður Árnadóttir
Sólveig Björk Ágústsdóttir Óskar Ísfeld Sigurðsson
Þorsteinn Valur Ágústsson Íris Dröfn Heiðudóttir
ömmubörn og langömmubörn

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Helgason

Sörlaskjóli 28, Reykjavík,

lést 13. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir fær Þorrasel, dagdeild aldraðra.

Gunnlaugur Jónsson Katarina Alexandra Jónsson
Sigríður Helga Jónsdóttir
Ingibjörg Guðrún Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát elsku móður okkar, tengdamóður, ömmu, systur, mágkonu og frænku,

Kolbrúnar Þórarinsdóttur

sjúkraliða,

sem lést 8. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Dagný Skúladóttir Sif Hrafnsdóttir
Guðný Skúladóttir
ömmubörnin Kári, Kormákur og Lovísa
systkini, makar og fjölskyldur

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir og amma,

Þórdís Erlingsdóttir

Svölutjörn 46, Innri-Njarðvík,

varð bráðkvödd á heimili sínu, föstudaginn 18. nóvember. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju, fimmtudaginn 1. desember klukkan 15.

Jón Valgeirsson
Ívar Örn Jónsson Margrét Klara Þórisdóttir
Jóhanna Sigurðardóttir
Alexander Agnar Hersisson og París Möller Ívarsdóttir

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust og faglegt fjölskyldufyrirtæki í 30 ár.
Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu.

Við höfum áratuga reynslu við að annast alla þætti útfararþjónustu.

Hægt er að hafa samband allan sólarhringinn alla daga ársins.

Hlýja, auðmýkt og virðing er okkar leiðarljós. Við tökum tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi.
Okkar markmið er að veita framúrskarandi og persónulega þjónustu á sanngjörnu verði.

Nánar um okkur:
Sími: 567-9110
Netfang: utfarir@utfarir.is

RG Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Krossgáta



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist embættismaður sem hefur í nógu að snúast (12)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 25. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „19. nóvember“.

Sudoku

2	4				9			
9	6	7						5
		3			7		2	
	7			8	2	5		
1			4			7		
3		4	7			8		
		1		6	3	2		7
		8		2		4	5	
						3	9	1

4	5	1			9		8	
			8			7	9	
3		7	4	9			1	
		2						9
			3		7			
		4		6	8			
			2	3		8		
	7		9		5			1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Lausnarorð síðustu viku var

GJÖRNINGALIST



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Þessi fyrstu leiði voru hlý og til vitnis um e-ð alveg nýtt (11)
10 Breki og Bára skreppa á barinn (10)
11 Þessi skvetta særði mig þrátt fyrir þétta blússu (9)
13 Hæg en mjakast þó yfir skarðið sem fæstir réðu við (12)
14 Stærri en Borg enda ekki á Mýrum heldur í höfuðborginni (9)
15 Þær halda sig við hinn upplýsta og kenningar hans (10)
16 Þetta kökurit sýnir fugla áður og aftur (9)
17 Angra þjóra er ég þjóra við melöldur til fjalla (9)
20 Ég refsa sjaldnar fólki sem hefur takmarkaða sjálfsstjórn (8)
25 Þessi móða flúði andann ekki góða (5)
27 Heit steypti strympum í íþróttagalla (9)
30 Leita parta í hurðarjárn sem í er brestur (8)
31 Finn falda konu í falinni kjós (5)
33 Skunda með skuddann í þjóðlegan þátt (7)
34 Eftirréttur einfaldra manna og ljósleitra (8)
35 Setjum fet fyrir fót (7)
37 Held ég tipli bara dyra á milli í þessum hjartans vandræðagangi (9)
39 Ég hef gert mitt til að allar keyrðar kýr verði skráðar í félagið (9)
40 Illur guð og enn verra skrýmsli (6)
43 Kjöftugir fuglar og fagmenn mála bæinn rauðan (7)
46 Sjá síst eftir fleti fyrir svefnmál (9)
47 Þá þjó er að utan er lausnin það líka (6)
48 Út við nes er núpur einn og nettur hryggur rana (7)
49 Kross fyrir skemmtun við skringital (9)
50 Er ekki rétt að við refsum þessum rugluðu guttum? (6)
51 Fari kúlan yfir strikið kemur skot að utan (7)

LÓÐRÉTT

1 Er verjandi að setja aur í að gefa svona út? (9)
2 Hópar barna vaða í Grænjaxlana (9)
3 Færi kletti birtu í olíutunnu (9)
4 Hvað tjóir að gera skýringarmynd ef sálin er sem fuglinn fljúgandi (9)
5 Vantar gott trix til að fanga þennan heillandi keim (10)
6 Einhvern veginn mun Dóri elda heilar kýr (8)
7 Ummæli um úreltan kvitt sem sveimaði víða (8)
8 Hornin hvína og kjaftarnir með (9)
9 Piparmey finnur alveg spes piparsvein! (9)
12 Einn fékk frostbit en hin eru með drepsótt (6)
18 Alveg á brúninni situr kóngur að sínum mjólkurmat (7)
19 Hinir gráðugu menn torga öllu sem ílátin rúma (9)
21 Í Hellisgerði flaug eitt fiðrað flækingsgrey og söng sem heima væri (12)
22 Hví efast þú um vald hennar sem rýr er og lin? (12)
23 Græða ekkert vegna taplausrar starfsemi (12)
24 Bæta lim til faðmbragða (7)
26 Jú víst var mótvindur, en lítill þó (7)
28 Get alltaf sinnt því sem er hjarta mínu næst (5)
29 Hvað varð um þann ræfil, Örn ýsuskera? (7)
32 Kaka hverfur fljótar en hönd fær hindrað ((5)
36 Þá er það frá, klappað og klárt og gekk einsog smurt! (8)
38 Föttuðu snemma hvaða spil hentaði Manna (7)
41 Stoppa helst til að kvarta (6)
42 Hlupum undan amli og kvistum (6)
44 Það að lifa þetta tímamótaverk er ævintýri (5)
45 Flýta sér að kólna (5)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Ef þetta er maður, eftir Primo Levi** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Ása Guðmundsdóttir, Reykjavík.**



Ennþá meira úrval af listavörum

AMSTERDAM dream × create
van Gogh
REMBRANDT The Professional Choice
Liquitex
Conté à Paris
LEFRANC BOURGEOIS PARIS

Listverslun.is

Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

2017 2021 Framúrskarandi fyrirtæki

Laugardagur

Hringbraut

18.30 Verkís í 90 ár (e) Þáttur um 90 ára sögu Verkís.
19.00 Vísindin og við (e) Vísindin og við er þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands.
19.30 Græn framtíð (e) Umræðuþáttur um áskoranir og tækifæri fyrirtækja í iðnaði samhliða áherslum í umhverfismálum. Umsjón Guðmundur Gunnarsson.
20.00 Saga og samfélag Málefni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
20.30 Verkís í 90 ár (e)
21.00 Vísindin og við (e)

RÚV Sjónvarp

07.05 Smástund
07.10 Tikk Takk
07.15 KrakkaRÚV
09.20 Landakort TREC - Krakkar og hestar
09.25 Leiðin á HM - liðin Túnis.
09.40 HM upphitun
09.50 Túnis - Ástralía Bein útsending.
12.00 Leiðin á HM Króatía og Sádi-Arabía.
12.30 HM stofan
12.50 Pólland - Sádi-Arabía Bein útsending.
14.50 HM stofan
15.15 Leiðin á HM - liðin Danmörk.
15.30 HM stofan
15.50 Frakkland - Danmörk Bein útsending.
17.50 HM stofan
18.10 Smíðað með Óskari
18.15 KrakkaRÚV
18.16 Lesið í líkamann
18.44 Lalli töframaður Töfrabragð með blöðru.
18.45 Bækur og staðir Nonnahús.
18.52 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Hraðfréttir 10 ára
20.15 Ítalíuferðin The Trip to Italy
22.00 Mid 90s Tíundi áratugurinn Bandarísk bíómynd frá 2018 sem segir frá unglingsstráknum Stevie og uppvaxtarárum hans í Los Angeles. Myndin er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
23.25 Fúsi
00.55 HM kvöld
01.40 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.00 Dr. Phil (1.160)
12.40 Dr. Phil (2.160)
13.20 Dr. Phil (3.160)
14.00 School of Rock Dewey Finn, sem langar mest af öllu að verða rokkstjarna, er rekinn úr hljómsveitinni sinni.
15.45 The Block
17.00 90210
17.40 Gordon Ramsay's Future Food Stars
18.40 Venjulegt fólk
19.15 Á inniskónum
20.25 Bachelor in Paradise
21.55 Love Actually
00.05 The Girl in the Spider's Web Þau Lisbeth Salander og blaðamaðurinn Mikael Blomkvist snúa aftur og takast nú á við flókið glæpamál og ráðgátu þar sem miskunnarlausir morðingjar, tölvuhakkarar, og spilltir útsendarar yfirvalda koma við sögu ásamt tvíburasystur Lisbeth sem reynist hennar erfiðasti andstæðingur.
02.00 The English Patient
04.35 Tónlist

Stöð 2

08.00 Barnaefni
11.40 Jólaboð Evu Eva Laufey býður áhorfendum heim í glæsilegt jólaboð og sýnir okkur hvernig hægt er að galdra fram sannkallaða hátíðarrétti.
12.10 Bold and the Beautiful
13.35 Bold and the Beautiful
13.55 30 Rock
14.15 Franklin & Bash
15.00 Draumaheimilið
15.30 Masterchef USA
16.10 Leitin að upprunanum
16.50 Idol
18.27 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.55 Kviss
19.40 Land of the Lost Ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna með Will Ferrell og Önnu Friel í hlutverkum landkönnuðar og aðstoðarkonu hans.
21.20 Destroyer Nicole Kidman fer hér með stórleik í hluverki Erin Bell, rannsóknarlögreglukonu sem er komin á kaf í mál úr fortíðinni sem skyldi eftir sig djúp sár.
23.15 Promising Young Woman
01.05 Welcome Home
02.40 Hunter Street
03.05 Jólaboð Evu
03.35 30 Rock Snilldarlegir gamanþættir.

Sunnudagur

Hringbraut

18.30 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf. (e)
19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. (e)
19.30 Útkall (e) Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
20.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Mannamál (e)
21.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
10.00 Stórfljót heimsins - Níl
10.50 Landakort Dúkkusafn til að standa við loforð við látna móður.
11.00 Silfrið
12.10 Menningarvikan
12.30 HM stofan
12.50 Belgía - Marokkó Bein útsending.
14.50 HM stofan
15.15 Leiðin á HM - liðin Kanada.
15.30 HM stofan
15.50 Króatía - Kanada Bein útsending.
17.50 HM stofan
18.10 Sögur frá Listahátíð
18.15 KrakkaRÚV
18.16 Stundin okkar
18.43 Hrúturinn Hreinn
18.50 Jólalag dagsins Hera Björk og Ragnar Bjarnason - Góða ósk um gleðilega hátíð.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Landinn
20.15 Grund Frá hugsjón til heillaríks starfs í heila öld.
21.05 Carmenrúllur Carmen Curlers
22.00 Evrópskir kvikmyndadagar. Stúlka Girl Margverðlaunuð hollensk kvikmynd frá 2018 um Löru, 15 ára transstúlku sem er staðráðin í að verða atvinnuballerína og sækir um nám í virtum dansskóla. Myndin er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
23.45 HM kvöld
00.30 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

11.20 Dr. Phil (5.160)
12.00 Dr. Phil (4.160)
12.40 Bachelor in Paradise (15.16)
14.00 Bachelor in Paradise (16.16)
15.20 Top Chef
16.00 The Block
17.10 90210
17.55 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
18.55 Kenan
19.25 Heima
19.50 Jólastjarnan 2022 Leitin að Jólastjörnunni 2022 er hafin. Ungir og efnilegir söngvarar fá tækifæri til að láta ljós sitt skína.
20.25 Venjulegt fólk
21.00 Law and Order. Organized Crime
21.50 Yellowstone
22.40 The Handmaid's Tale
23.40 From
00.40 Law and Order. Special Victims Unit
01.25 Chicago Med
02.10 The Rookie
02.55 Cobra
03.40 The Bay
04.30 Tónlist

Stöð 2

08.00 Barnaefni
11.40 Náttúruöfl
11.50 B Positive
12.10 Nágrannar
13.35 Nágrannar
14.00 Jamie's Easy Christmas Countdown
14.45 Home Economics
15.20 The Good Doctor
16.00 Um land allt
16.20 60 Minutes
16.40 Kviss
18.20 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
19.00 Leitin að upprunanum
19.40 Lego Masters USA
20.25 Magpie Murders
21.10 Gasmamman Hörkuspennandi sænskir þættir um Sonju sem ásamt fjölskyldu sinni býr í úthverfi Stokkhólms og viðburðaríkt líf hennar.
21.55 Blinded
22.40 The Drowning
23.30 Afbrigði
23.55 Karen Pirie Karen er friskandi venjuleg og krúttlega stíllaus ung kona og ekkert sérlega markverður lögregluþjónn.
01.25 Pennyworth
02.15 B Positive
02.35 Jamie's Easy Christmas Countdown
03.25 Náttúruöfl

Mánudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
19.30 Bridge fyrir alla (e) Þættir um Bridge í umsjón Björns Þorláksonar.
20.00 433.is Sjónvarpsþáttur 433.is.
20.30 Fréttavaktin (e) Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Heima er bezt (e) Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.



Einvalalið leikara fer með hlutverk í Love Actually.

Ást á aðventunni

birnadrofn@frettabladid.is

Fyrsti sunnudagur í aðventu er á morgun. Hjá fjölmörgum er hefð fyrir því að horfa á allskonar jólamyndir á aðventunni og er kvikmyndin Love Actually í uppáhaldi hjá mörgum.

Myndin segir frá nokkrum ólíkum persónum sem þekkjast og tengjast mismikið sín á milli en þær eiga það allar sameiginlegt að vera í leit að ástinni.

Sögurnar eru eins ólíkar og þær eru margar en kalla allar fram bros á vör, ljúfar tilfinningar og jafnvel tár.

Einvalalið leikara fer með hlutverk í Love Actually og má þar til að mynda nefna Hugh Grant, Bill Nighy, Emmu Thompson, Allan Rickman og Liam Neeson.

Um er að ræða hugljúfa og skemmtilega gamanmynd sem þú vilt ekki missa af. ■

Hvað er að frétta?
Stöðugar fréttir allan daginn á frettabladid.is
frettabladid.is
Skannaðu kóðann

■ Við tækið

Furðulegheit á láði og legi

Ragnar Jón Hrólfsson
ragnarjon@frettabladid.is

Þættina 1899 er hægt að flokka á margvíslegan hátt. Sem búningadrama, vísindaskáldskap og einnig ráðgátuþætti en þeir eru hugarsmíð þýsku framleiðendanna Jantje Friese og Baran bo Odar sem áður færðu okkur þættina Dark. Þættirnir eru þeim eiginleika gæddir að vera hálfgerð hugarleikfimi þar sem framleiðendurnir hræðast ekki að búa til söguþræði sem stundum þarf að teikna upp á blað til að skilja framvindu þeirra.

Þættirnir, eins og nafnið gefur til kynna, gerast árið 1899 um borð í gufuskipinu Kerberos en það er á leið frá Evrópu til Ameríku, drekkhlaðið af vongóðum innflytjendum sem tilbúnir eru að hefja nýtt líf.

Án þess að segja of mikið þá fá farþegar skipsins aðeins meira en far

yfir Atlantshafið fyrir miðaverðið en undarlegir atburðir verða til þess að skipið neyðist til að breyta um stefnu.

Fyrir þá sem vilja flóknar ráðgátur sem sýna hægt og rólega á spilin þá er þetta einmitt sjónvarpsefnið til að demba sér út í. ■

> Þættirnir eru þeim eiginleika gæddir að vera hálfgerð hugarleikfimi.

Disney
SKRÝTINN HEIMUR
KOMIN Í BÍÓ
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
©2022 Disney

Gluggalína tilraunabílsins er lág í ætt við núverandi kynslóð C-HR. MYNDIR/TOYOTA

Forveri nýs Toyota C-HR í Los Angeles

njall@frettabladid.is

Toyota hefur frumsýnt tilraunabíl sem greinilega er ætlað að vera forveri nýrrar kynslóðar C-HR bílsins. Billinn var sýndur á Bílasýningunni í Los Angeles og er einfaldlega kallaður bZ. Með þessu er staðfest að nýr C-HR verði rafdrifinn en einnig gætu komið tvinnútgáfur og tengiltvinnbúnaður í næstu kynslóð, þar sem að TNGA og e-TNGA undirvagnarnir eru ekkert svo ólíkir.

Þegar horft er á bílinn er hann vel heppnuð blanda af núverandi C-HR saman við útlit nýrra bZ rafbíla. Sjá má ljósalínu milli horna að framan sem enda í C-laga dagljósum. Innréttingin er ný af nálinni þótt hún sé í grunninn eins og í bZ4X, þá eru skjáirnir stærri og sjá má ferkantað stýrishjól. Billinn er hannaður í Evrópu enda hefur hann verið vinsæll þar á undanförnum árum. ■

Með stærri upplýsingaskjáum og ferköntuðu stýrishjóli aðgreinir þessi bíll sig frá öðrum bZ rafbílum.

Nýr C-HR verður því rafdrifinn en einnig gætu komið tvinnútgáfa og tengiltvinnbíll.

Porsche 911 Dakar sýndur

njall@frettabladid.is

Porsche hefur nú framleitt jeppa í tvo áratugi en það muna kannski ekki allir eftir því að árið 1984 sigraði fjórhjóladrifinn Porsche 953 Dakar rallið fræga. Með það fyrir augum ákvað Porsche að framleiða þessa sérstöku útgáfu 911 bílsins og setja á markað um þessar mundir. Aðeins verða framleidd 2.500 eintök sem munu kosta frá 30 milljónum íslenskra króna svo hann verður með dýrari Porsche bílum.

Hægt verður að fá bílinn í sérstakri Rally Design-útgáfu sem verður sprautuð í sömu litum og keppnisbíllinn frá 1984. Vélin verður sú sama og í GTS bílnum, sem er þriggja lítra, sex strokka vél með tveimur forþjöppum og skilar 437 hestöflum. Billinn verður að sjálfsögðu fjórhjóladrifinn og að þessu sinni með átta þrepa PDK sjálfskiptingu en hann fer í hundraðið á 3,5 sekúndum. Það sem gerir hann öðruvísi er að það verður 5 sentimetrum hærra upp undir bílinn og hægt verður að hækka hann um 3 cm í viðbót með sérstöku fjöðrunarkerfi. ■

Ný Dakar útgáfa Porsche 911 er allt að 80 mm hærri en hin hefðbundna.

Augljóst er að nýr Moskvich er í raun og veru kínverki billinn Sehol X4. MYND/REUTERS

Moskvich kemur úr híði sínu

Eftir tveggja áratuga framleiðsluhlé lítur nú út fyrir að hjólin fari aftur að snúast hjá Moskvich-framleiðandanum sem er Íslendingum svo vel kunnugur.

njall@frettabladid.is

Samkvæmt Reuters var tilkynnt í Moskvu í vikunni að framleiðsla myndi brátt hefjast á nýjum Moskvich í verksmiðju í Moskvu. Verksmiðjan er sú sama og framleiddi áður Renault-bíla sem franski framleiðandinn lét af hendi eftir að átökin í Úkraínu brutust út. Verksmiðjuna seldi Renault til Autovaz fyrir eina rúblu, sem hefur nú selt aftur til Moskow Automobile Factory Moskvich fyrir sömu upphæð.

Um bensínbíl er að ræða í nokkurs konar jepplingsútgáfu en hann byggir á hinum kínverska Sehol X4 sem framleiddur er af kínverska merkinu JAC.

Síðasti bíll Moskvich var mjög gamaldags en nýr Moskvich 3 er nýtískulegur með díóðuljósum, álfelgum og stórum upplýsingaskjá í innréttingu. Um bensínbíl er að ræða í nokkurs konar jepplingsútgáfu en hann byggir á hinum kínverska Sehol X4 sem framleiddur er af kínverska merkinu JAC. Að sögn Reuters koma íhlutir í bílinn beint frá Kína. Áætlað er að framleiða 100.000 bíla á ári í verksmiðjunni, og stendur til að framleiða rafdrifna bíla þar líka. Fyrsti billinn mun rúlla út af færibandinu í næsta mánuði og mun sala í Rússlandi hefjast strax og það gerist. ■

Mazda með nýtt útlit í tilraunabíl

njall@frettabladid.is

Mazda hefur lagt spilin á borðið þegar kemur að bílaframleiðslu á þessum áratugi og meðal annars boðað röð rafdrifinna bíla fyrir árið 2030. Mazda lét það þó ekki duga eingöngu því að framleiðandinn hefur einnig frumsýnt nýjan tilraunabíl sem gefur innsýn í útlit komandi Mazda bíla.

Billinn kallast Mazda Vision Study Model og er tveggja sæta rafdrifinn sportbíll. Billinn er aðeins til á mynd þar sem Mazda hefur ekki frumsýnt fullvaxið eintak af bílnum enn þá. Um eins konar arftaka RX-línunnar gæti verið að ræða en þeir bílar notuðu Wankel vélar, og sá síðasti sem bar RX nafnið var Vision-RX tilraunabíllinn.

Mazda áætlar að 40% af sölu þeirra verði í 100% rafdrifnum bílum árið 2030 og er með það í kortunum að fjárfesta í eigin rafhlöðuframleiðslu. ■

Sjá má margt í útliti tilraunabílsins sem minnir á RX eins og hvernig hurðalínan aðlagast afturenda bílsins. MYND/MAZDA

RAM

ÍSBAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

37” BREYTING
LJÓSKASTARAGRIND OG LJÓSKASTARAR

VERÐ LARAMIE FRÁ 10.371.732 KR. ÁN VSK.
12.860.948 KR. M/VSK.

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ÖFLUG 6,7 LÍTRA CUMMINS DÍSELVÉL, 370/400* HESTÖFL OG *AISIN SJÁLFSKIPTING. RAM 3500 ER MEÐ MESTA INNRARÝMIÐ (MEGA CAB) Í SÍNUM FLOKKI.

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMIÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 35”, 37” OG 40” BREYTINGAPAKKA

RAM 3500
MEGA CAB

RAM 3500
37” BREYTTUR

RAM 3500
40” BREYTTUR

EVRÓPUÁBYRGÐ: BÍLAR SEM EKKI ERU FLUTTIR INN AF UMBOÐI FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI Í ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA. VERKSMIÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU TILKYNNTAR EIGANDA SEM FRAMLENGD ÁBYRGÐ OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Lífsbarátta manna og dýra á hjara veraldar

Urta er nýr ljóðabálkur eftir Gerði Kristnýju. Í honum sýnir hún fádæma tök á íslensku tungumáli í skorinortum orðum sem lýsa lífsbaráttu manna og dýra á árum áður.

ragnarjon@frettabladid.is

Gerður Kristný Guðjónsdóttir rithöfundur túlkar líf formóður sinnar, Sigríðar Jónsdóttur, í ljóðabálknum Urtu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Urta er fjórði ljóðabálkur Gerðar en áður hafa komið út bálkarnir Blóðhófnir, Drápa og Sálumessa.

KÁPA/FORLAGIÐ

Hel
vindur sér inn
um hélaðar dyr
dvelur lengi

velur stelpu
gerir frostmark
á fölt enni

felur mér
gröfina
gapandi kok

(úr Urtu)

Nýjasta bók Gerðar Kristnýjar, Urta, segir frá konu sem tekst á við lífsbaráttuna og missi hér á Íslandi fyrir um hundrað árum síðan.

„Samband mannsins við náttúruna og samband mannsins við dýrið," segir Gerður Kristný um umfjöllunarefnið. „Við erum í raun undirseld sömu kröftum og sömu lífsbaráttunni. Svo lifum við núna á umbrotatímum. Það er margt að breytast, eins og hugmyndir okkar um tungumálið og þjóðerni og kyn. Þá getur verið rosalega gott að skríða inn í fortíðina og dvelja þar," segir Gerður.

„Þú sérð líka þegar litið er yfir hvað verið er að skrifa núna, þá eru rithöfundar mjög mikið í fortíðinni. Bæði í ár og í fyrra og ég held að við séum bara aðeins að bíða af okkur. Við erum í vari á meðan umbrotin ganga yfir og á meðan við lærum inn á nýjan veruleika."

Hófst með drepsótt

Bókina byggir hún á langalangömmu sinni, Sigríði Jónsdóttur, sem fæddist árið 1845 og bjó á Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði á Ströndum. Um tilurð bókarinnar segir Gerður að eins og svo margt sem varð til á tímum farsóttarinnar hafi ferlið byrjað með veikindum.

„Það brast á með drepsótt hjá mér og þá lögðust öll ferðalög niður en ég var vön að fara í upplestrarferðir til útlanda og geta lesið upp í skólum og stofnunum."

Í fyrstu bölvaði hún faraldrinum en byrjaði svo að sjá í þeim ljósa punkta. „Fyrst var þetta frekar leiðinlegt ástand en svo áttaði ég mig á því að nú gat ég loksins gert allt sem ég hafði ekki haft tíma til að gera."

Hún hafi brátt treyst sér í ferðalög að nýju sem leiddi til heimsóknar á kunnuglegar slóðir.

„Ég fékk inni í íbúðinni fyrir ofan Sparisjóð Strandamanna á Hólmavík og var þar í tíu daga. Ákvað þá að yrkja loksins um langalangömmu mína. Hún átti nítján börn og var ljósmóðir og hún missti fótinn og hún missti manninn sinn, ásamt því að missa nokkur börn."

Gerður segir að ein sagan um formóðurina hafi verið stórfurðuleg.

„Ég hafði heyrt þessa furðulegu sögu af henni sem mér finnst óskiljanleg. Að einhvern tímann kom hún heim til sín og sagðist ekki geta lengur unnið sem ljósmóðir vegna þess að hún hefði hjálpað urtu að kæpa," segir hún.

> Það er talað um að selirnir hafi augu drukknaðra sjómanna og einnig er sagt að selurinn hafi mannsaugu. Við finnum alltaf einhverja tengingu við selinn.

Selir voru áður álitnir viðsjárverðar og dularfullar verur sem oft rötuðu í þjóðsögur. Gerður segir þó ekki ljóst hvers vegna björgunaraðgerðin hafi leitt til þess að hún ætlaði að segja starfi sínu lausu.

„Þetta er eitthvað tengt þjóðsögunum um seli, að þeir séu óhreinar verur og að maður ætti ekki að koma of nálægt þeim. Nema þetta hafi bara verið hennar leið til að segja að hún væri þreytt og lúin og fyndist bara vera nóg komið. Nú gætu aðrar ljósmæður tekið við héraðinu," segir hún og bætir við að selir séu gæddir eiginleikum sem mannfólkið tengi við.

„Það er talað um að selirnir hafi augu drukknaðra sjómanna og einnig er sagt að selurinn hafi mannsaugu. Við finnum alltaf einhverja tengingu við selinn."

Harðneskjulegar aðferðir

Þessi tenging okkar við selinn hafi þó ekki stoppað okkur frá því að hafa nytjar af dýrunum, enda geti allt verið hey í harðindum.

„Ég las upp á Sauðfjársetrinu á Ströndum um daginn. Þar hitti ég mann sem sagði að maður þyrfti að herða sig fyrir selaveiðarnar. Þá hugsaði ég hvað hann ætti nú eiginlega við en svo segja svona menn yfirleitt aldrei neitt meira. En hann sagði mér að þær veina, mömmurnar. Kóparnir festast í netinu og voru oft lifandi þegar komið var að. Mæðurnar eru þarna nálægt þegar komið er að og þær veina þegar þeim er slátrað," segir Gerður og bætir við að þær aðferðir sem notaðar voru áður þyki í dag nokkuð harðneskjulegar.

„Bændurnir voru vanir að slátra kópunum með árunum. Mamma fór einu sinni með pabba sínum en sagðist aldrei ætla aftur. Vegna þess að kóparnir fundust svo oft lifandi og þá var bara árin gripin."

Gerður segir að hennar upplifun af selum sé allt önnur. Hún lýsir þeim sem forvitnum og fullum af persónuleika.

„Ég sé selina meðal annars í Skerjafirðinum og þeir eru líka sjáanlegir á Seltjarnarnesinu. Þeir eru bara svo forvitnir og það er svo mikill karakter í þeim. Þeir mæta svona og kíkja á hvað sé í gangi. Svo ef maður fer niður í fjöru og syngur aðeins þá mæta þeir strax." ■

SVARTUR FÖSTUDAGUR

Ótrúlegt verð beint í sól!

2 FYRIR 1 AF FLUGSÆTUM Í PÖKKUM OG FLUGSÆTI EINGÖNGU

Gran Canaria

6. desember og allar brottfarir í janúar

*Fyrir 4 **

Flug & hótel frá

62.325

Á MANN

Tenerife

7. desember og allar brottfarir í janúar

*Fyrir 2 **

Flug & hótel frá

69.900

Á MANN

Verona

21. og 28. janúar

Flugsæti

Flug báðar leiðir

39.950

Flugsæti

Flug aðra leið

19.975

* Verðdæmi miðast við Tenerife 12-18 janúar (6 nætur)

Tilboð gildir út 28. nóvember eða á meðan birgðir endast. Takmarkað framboð!

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

Fáðu meira út úr frúnu

■ Í baksýnisspeglinum

Jólabókaflóðið ekkert á förum

Jólabókaflóðið er ein af þessum sérislensku hefðum sem allir landsmenn kannast við en færri vita hvaðan kemur. Fréttablaðið leitaði til þriggja sérfræðinga í bókaútgáfu til að rýna í eðli og uppruna jólabókaflóðsins.

tsh@frettabladid.is

Talið er að jólabókaflóðið eins og við þekkjum það í dag eigi rætur sínar að rekja til áranna í kringum síðari heimsstyrjöld og þess efnahagsástands sem myndaðist vegna víðtæks kvóta og innflutningsbanns sem takmarkaði úrval gjafavöru hér á landi. Eina elstu prentuðu heimildina þar sem jólabókaflóðið er nefnt á nafn má finna í tímaritinu Syrpu, 1. tölublaði, 3. árgangi 1949:

„Í ár var jólabókaflóðið meira en nokkru sinni fyrr og héldu því engar stíflur fremur en Markarfljóti. Er að vonum að almenningur, sem sækja á sína sálarfæðu í þetta flóð, stari næsta ringlaður á straumfallið og þurfi leiðsagnar við um það, hvernig hann skuli bera sig eftir sálarbjörginni og hvað vænlegast sé að fiska úr þeirri miklu móðu.“

Hugvit smáþjóðar

Af því má skilja að árið 1949 hafi jólabókaflóðið þegar verið búið að festa sig í sessi en Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur segir að sú hefð að gefa bók í jólagjöf sé töluvert eldri en hið eiginlega jólabókaflóð.

„Alvöru bókamarkaður verður ekki til hér fyrr en í byrjun 20. aldar. Það er auðvitað verið að prenta slatta af bókum á 19. öld, bæði hér og í Kaupmannahöfn, en í byrjun þeirrar 20. verður tvöföldun.“

Að sögn Halldórs var þegar orðið vinsælt að gefa bók í jólagjöf á 3. og 4. áratug síðustu aldar. Í Stúdentablaðinu 1. desember 1932 má til að mynda sjá auglýsingar frá bókaverslunum E.P. Briem og Sigfúsar Eymundssonar þar sem landsmenn eru hvattir til að gefa bók í jólagjöf. En ekki höfðu allir þó efni á svo veglegri gjöf.

„Fyrir venjulegan verkamann þá kostaði það einn og hálfan dag að vinna sér inn fyrir einni bók, þær voru svo dýrar. Svo gerist tvennt í stríðinu, einkum þegar líður á stríðið og Kaninn kemur, að það stóreykst peningaflæðið. Peningahagkerfið tekur við og fólk fær aðeins meiri kaupmátt og vill gefa jólagjafir en það var vöruskortur í landinu, vesen með aðflutninga og líka bara skömmtun á mörgum sviðum. Ég held að afi minn hafi drukkið svart kaffi því amma mín fékk allan sykurinn,“ segir Halldór.

Furðulega lítið breytt

Þar sem pappír stóð utan innflutningshafta gripu bókaútgefendur til þess ráðs að prenta fleiri og fleiri bækur sem urðu fljótt vinsælar í jólapakkana.

„Þannig varð útgáfa íslenskra bóka á þessum árstíma tákn um hugvit smáþjóðar sem bæði styrkti sjálfsmynd sína á erfiðum tímum og skóp líka einstaka hefð sem hvergi á sér hliðstæðu í heiminum,“ segir í Bókatíðindum 2021 þar sem Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT), rifjar upp uppruna jólabókaflóðsins.

Kristján B. Jónasson var formaður FÍBÚT á árunum 2006-2013 og hefur fylgst vel með stefnum og straumum í bókaútgáfu undanfarna áratugi. Hann segir jólabókaflóðið lítið hafa breyst þrátt fyrir tæknibyltingar undanfarinna ára.

„Jólabókaflóðið er alveg furðulega lítið breytt, það eina er að það var aðeins seinna á ferðinni í gamla daga. Það var upp við jólin og talað um að jólabókaflóðið væri skollið á í byrjun desember. Þá miðuðu menn oft við að þetta væri eins og Nóaflóðið, það var líking sem var mjög oft notuð, 40 dagar og 40 nætur.“

Jólabókaflóð í verslun Máls og menningar í kringum 1970. MYND/ LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Fjöldi skráðra bókatitla frá Félagi íslenskra bókaútgefenda



Hólmfríður Úa Matthíasdóttir, útgefandi Forlagsins

Halldór Guðmundsson, bókmenntafræðingur

Kristján B. Jónasson, fyrrverandi formaður FÍBÚT



Ekki samdráttur í hruninu

Jólabókaflóðið hefur staðið af sér verðbólgu, efnahagslægðir, hrun og heimsfaraldur. Kristján sem var formaður FÍBÚT á hrunárunum segir hrunið ekki hafa haft neikvæð áhrif á bóksölu.

„Hrunið hafði til að byrja með bara jákvæð áhrif á bókamarkaðinn, vegna þess að í þeirri skrýtnu bylgju sem verður eftir hrunið þá verður gríðarleg áhersla á allt sem var þjóðlegt og okkar gildi. Gamla Ísland. Við lögðum áherslu á bókamarkaðinn og jólabókaflóðið sem var hluti af þessu gamla Íslandi,“ segir hann.

Þannig að bóksala dróst ekki saman?

„Nei, hún dróst ekki saman í hruninu og raunverulega jókst hún ívið árin á eftir. En svo breyttist markaðurinn á öðrum áratug aldarinnar. Þar er helsti áhrifavaldurinn snjallsíminn sem kemur á markað 2009-10 og sem hvert mannsbarn nánast var komið með í hendur frá 2011 að telja. Þá náttúrlega opnast líka þessi möguleiki á stafrænni miðlun, sem Storytel er svo einhver niðurstaða af.“

Aukning í Covid

Covid hefur, eins og allir vita, umturnað flestu í okkar samfélagi, þótt við viljum nú helst láta sem það hafi aldrei gerst. Það virðist þó sem heimsfaraldurinn hafi, líkt og hrunið, haft jákvæð áhrif á jólabókamarkaðinn að mörgu leyti. Spurð um hvaða áhrif Covid hafi haft á bóksölu og útgáfu segir Hólmfríður Úa Matthíasdóttir, útgefandi Forlagsins:

„Ég held að það hafi aukist lítillega hjá okkur jólabókasalan en mestu áhrifin voru kannski á neysluform. Ég held að það hafi flýtt fyrir þessari stafrænu byltingu. Flýtt fyrir því að fólk færi að hlusta á hljóðbækur.“

Að sögn Úu leiddi Covid og hið breytta neysluform til ákveðins samdráttar í kiljusölu. „En aftur á móti þá stóðst jólabókasalan þetta áfall. Hún hélt áfram og vonandi bara heldur áfram,“ segir hún.

Halldór Guðmundsson tekur í sama streng en hann telur að þessi aukning í hljóðbókasölu muni gera það að verkum að vægi jólabókaflóðsins aukist enn frekar.

„Það er mín teoría núna að vegna tilkomu streymisveitna og hljóðbóka, þá auðvitað sérstaklega Storytel, sé vægi jólabókamarkaðarins aftur að aukast fyrir hefðbundna útgáfu,“ segir hann.

Hækkandi kostnaður

Þó er ljóst að Covid hefur haft víðtæk áhrif á bókamarkaðinn sem birtist einna helst í töfum hjá prentsmiðjum í Evrópu, hráefnisskorti og hækkandi prentkostnaði. Þetta hefur aukist enn frekar vegna stríðsins í Úkraínu og orkuskorts í Evrópu en sumir útgefendur eins og Veröld og Sæmundur þurftu í fyrra að fresta bókum um heilt ár vegna slíkra tafa.

„Þetta hefur allt áhrif, fyrst var pappírsskortur, svo voru erfiðleikar með flutninga og það hefur ekki alveg ræst úr þessu þannig að það náttúrlega neyðir bókaútgefendur til að gefa sér meiri tíma. Svo þýðir það líka að kostnaður hefur hækkað, það er orðið miklu dýrara að framleiða prentaðar bækur en áður,“ segir Hólmfríður Úa.

Sumir bókaunnendur hafa ef til vill tekið eftir því að jólabækurnar kosta aðeins meira en þær gerðu fyrir nokkrum árum enda hafa þessir hlutir óhjákvæmilega áhrif á söluverðið.

„Við náttúrlega reynum að halda þessu í skefjum eins og við getum en það er óhjákvæmilegt að þetta hafi áhrif,“ segir Úa.

Þanið taugakerfi

Jólabókaflóðið gegnir gífurlega mikilvægu hlutverki fyrir bóksala og útgefendur enda fara allt upp undir 40 prósent af árssölunni fram á þessum tveimur mánuðum fyrir jól. Samkvæmt tölfræði frá FÍBÚT var heildarvelta bókamarkaðarins árið 2021 rúmlega 4,1 milljarður króna. Velta nóvember- og desembermánaða var rúmir 1,6 milljarðar eða tæp 39 prósent. Ef velta september- og októbermánaða, 626 milljónir, er tekin inn í myndina er ljóst að haustsalan er rúm 53 prósent af heildarveltu bókamarkaðarins.

Því er ljóst að bókaútgefendur og bóksalar eiga mikilla hagsmuna að gæta af þessari jólahefð Íslendinga. Eða eins og Halldór Guðmundsson orðar það: „Taugakerfi þeirra sem eru í bókaútgáfu er náttúrlega þanið til hins ýtrasta á þessum vikum.“

Spurð um hvort jólabókaflóðið sé á förum eða hvort það sé komið til að vera segir Hólmfríður Úa:

„Á meðan Íslendingar kunna enn að meta þessar fínu bækur sem við erum að fá fyrir jólin og gefa þær í jólagjöf, þá er jólabókaflóðið ekkert að fara. Ég náttúrlega vona að það lifi sem lengst því mér finnst það dásamlegt.“ ■

Bækur fyrir alla

Svörtu tilboðin gilda alla helgina
í verslunum okkar og á www.penninn.is

27% afsláttur

5.799 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.

25% afsláttur

5.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.

25% afsláttur

5.199 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 kr.

25% afsláttur

6.499 kr. VERÐ ÁÐUR 8.699 kr.

27% afsláttur

5.799 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.

30% afsláttur

5.599 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.

25% afsláttur

5.999 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 kr.

31% afsláttur

4.799 kr. VERÐ ÁÐUR 6.999 kr.

30% afsláttur

5.299 kr. VERÐ ÁÐUR 7.499 kr.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 27. nóvember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson

Júlíu dúettinn eftir Ernu Ómarsdóttur og Höllu Ólafsdóttur var fluttur í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. MYND/OWEN FIENE

Femínískur kraftur

REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL

Júlíu dúettinn

Danshöfundar og flytjendur: Erna Ómarsdóttir og Halla Ólafsdóttir
Búningar og sviðsmynd: Júlíanna Lára Steingrímsdóttir
Hljóðhönnun: Valdimar Jóhannsson
Tónlist: Stephen O'Malley, Sergei Prokofiev og Valdimar Jóhannsson
Þjóðleikhúsið, Kassinn

Dead

Danshöfundar og flytjendur: Amanda Apetrea og Halla Ólafsdóttir (Beauty and the Beast)
Ljós og leikmynd: Crisander Burn
Tónlist: Karin Dreijer, Linnéa Martinsson og Zhala Rifat
Hljóðblöndun: Eliza Arvefjord
Tjarnarbíó

Sesselja G. Magnúsdóttir

Amanda Apetrea og Halla Ólafsdóttir skipa dans-tvíeykið Beauty and the Beast. MYND/AÐSEND

Íslenskur dansheimur er að mestu leyti heimur kvenna og fylla konur raðir íslenskra danshöfunda. Umfjöllunarefni verka þeirra tengjast því eðlilega kvenlegum veruleika, bæði slæmum og góðum hliðum hans. Efni til umfjöllunar undanfarin ár hafa verið; vinna kvenna, breytingaskeiðið og hvernig konur geta tekið yfir almannarými svo eitthvað sé nefnt.

Á Reykjavík Dance Festival sem haldin var 16.-20. nóvember 2022 mátti eins og áður sjá sterka femíníska dansköpun eins og Femínískt reif Önnu Kolfinnu Kuran og Cumulus Andreu Gunnlaugsdóttur og Claudiu Lomoschitz, sem fjallar um loftslagsvána og sýnir áhorfendum pólitík himinsins út frá femínísku sjónarhorni. Þar voru líka tvö verk eftir Höllu Ólafsdóttur, eina af okkar sterkustu femínísku höfundum, en flest það sem frá henni kemur ögrar hugmyndum okkar um kvenleika á áhrifaríkan hátt.

Júlíu dúettinn

Tvær konur á miðjum aldri standa á sviðinu. Grá hár sjást í vanga, línur farnar að mýkjast. Þær hreyfast úr stað um leið og þær fara með texta, á ensku. Það heyrist varla orðaskil en hreyfingarnar sýna það sem eyrað ekki nemur. Vígi karlmennskunnar. Ættir hatast, karlar sýna krafta sína og völd, þenja sig á torgum, skylmast, drepa, hefna, allt fyrir heiðurinn og hetjuskapinn en hún, hún er bara fjórtán. Sviðssjarmi kvennanna er mikill, líkamar, losti, lesbísk ást kannski, ofsi og ofbeldi. Langdreginn dauði í anda balletts-ins. En hún var bara fjórtán, hún var ástfangin, hún naut ásta og ... fæðing, brjóstagjöf, barn með barni, barn að eiga barn eða meybarn að fæða af sér feðraveldið.

> Dead er áhrifaríkt verk í alla staði. Efnið, framsetningin og ekki síst flutningurinn.
>
> Sesselja G. Magnúsdóttir

Efni verksins er sterk afbygging á ballettinum Rómeó og Júlíu sem hefur til að bera nokkrar af dramatískustu senum klassísku ballettanna. Það er sterkur leikur hvernig höfundar færa sýn áhorfenda frá hetjuskap og rómantík yfir í ofbeldi og blákaldan veruleika ungrar konu í heimi feðraveldisins.

Áhorfendur kynntust Júlíu dúettinum fyrst sem verki í vinnslu á Vorblóti Tjarnarbíós og Reykjavík Dance Festival í júní 2021 og fangaði það sterkt athygli þeirra. Litlar breytingar hafa orðið á dansverkinu síðan þá nema að það virðist hafa lengst, ekki endilega til batnaðar. Verkið er hliðarafurð af sköpun Höllu Ólafsdóttur og Ernu Ómarsdóttur á verkinu Rómeó og Júlía sem Íslenski dansflokkurinn sýndi á síðasta leikári og ber höfundum sínum ljós merki.

Dead

Halla Ólafsdóttir er einnig höfundur dansverksins Dead, meðhöfundur hennar í því verki er Amanda Apetrea, samstarfskona til margra ára, en saman mynda þær tvíeykið Beauty and the Beast.

Dead er áhrifaríkt verk í alla staði. Efnið, framsetningin og ekki síst flutningurinn. Verkið er klámfengin könnun á kynorkunni, greddu og losta. Í henni birtist nekt og kynferðisleg samskipti sem í gegnum aldirnar hafa verið tengd við myrkur og hið illa. Umgjörð verksins undirstrikaði það villta og dökka í viðfangsefninu. Sviðsetningin minnti á djöfladýrkunarsenu í bíómynd nema að skjárinn var ekki til að skapa fjarlægð fyrir áhorfendurna heldur sátu þeir þétt upp við sviðið, auk þess sem dansararnir nýttu pláss fyrir aftan áhorfendabekkina. Undir öllu saman dunaði kraftmikil og hrikalega flott tónlist sem magnaði upp andrúmsloftið í rýminu. Verkið var samt ekki aðeins um kraftinn sem býr í óbeislaðri kynorku heldur líka óður til kvenlíkamans og píkunnar. Í byrjun þess var andrúmsloftið frekar á léttu nótunum en þyngdist þegar líða tók á. ■

NIÐURSTAÐA: Í heimi kvenna eru málefni þeirra ofarlega á baugi eins og við er að búast. Kröftug femínísk dansköpun er því áberandi í íslenskum dansheimi þar sem konur ráða að mestu ríkjum.

Ræktaðu garðinn þinn

BÆKUR

Eden

Auður Ava Ólafsdóttir
Fjöldi síðna: 226
Útgefandi: Benedikt

Kristján Jóhann Jónsson

Skáldsagan Eden er sögð í fyrstu persónu. Kannski má kalla hana varnarrit því sögukonan útskýrir ákvarðanir sínar fyrir sér og öðrum en þegir um ýmislegt sem kemur þó fram smám saman. Sagan er þannig um sumt eins og eintal sálarinnar. Sögukonan fer í gegnum það sem hún sér, heyrir og gerir en ef til vill er hún líka viðtakandi og túlkandi sögunnar. Merking orðanna er stöðugt umhugsunar- og viðfangsefni í bókinni.



Forboðnar ástir
Sögumaðurinn og aðalpersónan, Alba Jakobsdóttir, er málvísindakona. Hún og samstarfsmenn hennar eru því uppteknari af tungumálum þeim mun fjarlægari og smærri sem þau eru og líklegri til þess að hverfa og deyja. Oftlega koma henni líka í hug framandleg orð og hana dreymir jafnvel einstök orð. Hún situr í góðri háskólastöðu og hefur sótt um aðra sem hentar betur hennar sérhæfingu. Þar er hins vegar kominn sandur í vélina. Hún hefur komið of nálægt námssveini, sem reyndar hefur elt hana á röndum að því er virðist, og það mál er dregið fram þegar hún sækir um stöðuna. Annar háskólakennari hefur líka komið of nálægt námssveini en þeir eru báðir karlkyns og dæmendur horfa á það með blinda auganu, enda giftast þeir. Engin alvara er í sambandi kennslukonunnar og námssveinsins, ekki af hennar hálfu að minnsta kosti. „Það dregst bara einn líkami að öðrum eins og gengur.“ Drengurinn semur harmræna ljóðabók um ástamálin og auglýsir þau eins og mest hann má. Mamma hans sér þar að auki mynd sem hann hefur tekið af sér og kennaranum í rúminu og sett á netið og þá er fjandinn laus.

> Eins og stundum áður hjá Auði fjallar þessi bók þegar upp er staðið um gildi góðleikans og valdeflinguna.

Skapar sér nýtt líf
Um þetta leyti kaupir sögukonan sér hrjóstrugan landskika, kynnist kostulegu og slúðrandi þorpi og vinnur að því að skapa sér nýtt líf með því að planta birki og hlaða skjólgarða úr grjóti. Hún byrjar upp á nýtt, inn í líf hennar kemur óumbeðinn fóstursonur, ný viðfangsefni fylla daga hennar. Samband hennar við föður sinn rennur áreynslulaust inn í þessa nýju veröld og þó að syrt hafi í álinn um sinn er lengi hægt að snúa lífi sínu til betri vegar ef siðferðisgildi eru höfð í heiðri og ekki einfölduð úr hófi fram.

Þessi bók er launfyndin og „útundir sig“ eins og sumir myndu segja og það orðalag hefði sennilega glatt málvísindakonuna Ölbu Jakobsdóttur en víða í bókinni eru fyndnar og frumlegar vangaveltur um tungumálið. Bókin er líka háðsk og beitt á köflum. Eins og stundum áður hjá Auði fjallar þessi bók þegar upp er staðið um gildi góðleikans og valdeflinguna sem því fylgir að gefa öðrum af því góða sem maður á og í manni býr. ■

NIÐURSTAÐA: Skemmtileg og vel skrifuð skáldsaga um vandann að vera manneskja og leita að tilgangi í lífi sínu. Bókin á sérstakt erindi til þeirra sem gaman hafa af tungumálinu.

Auður Ava Ólafsdóttir, rithöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„*Tugthúsið* er sérlega vel upp byggð saga, frásagnarstíllinn þjáll og grípandi og persónusköpun góð.“

Páll Egill Winkel / Morgunblaðið



Áhrifamikil skáldsaga eftir Hauk Má Helgason sem varpar nýju ljósi á lífið í Reykjavík á seinni hluta átjándu aldar.

„Engin bók í þessu jólabókaflóði hefur komið mér jafnmikið á óvart. Ég var algjörlega heilluð.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Mjög áleitin bók ... Rosalega fjörugt persónugallerí.“

Egill Helgason / Kiljan

Innbundin | Rafbók

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | www.forlagid.is

Tággranna tískan veldur áhyggjum á nýjan leik

Hugmyndir fólks um fegurð kvenna hafa sveiflast í gegnum söguna. Líkamsgerðir hafa komið í tísku og dottið úr tísku og virðast slík hjól snúast æ hraðar á 21. öldinni.

ninarichter@frettabladid.is

Ef marka má stóra miðla vestanhafs er svokallað áhrifavalda-útlit að detta úr tísku og heróín-þvengmjóa útlit tíunda áratugarins að snúa aftur, sem vakið hefur hörð viðbrögð.

Því hefur löngum verið fleygt að líkami kvenna sé miklu meira en bara líkami. Hugmyndir um ákjósanlega líkamsgerð konu endurspegli samfélagið, gildin og jafnvel efnahaginn.

Tímaritið Science of People birti stutt ágrip þar sem rætt var um mismunandi tískubylgjur í því tilliti í gegnum söguna. Þar er stiklað á stóru og er erfitt að fullyrða um nákvæmnina, en ýmsar heimildir og listaverk benda þó til þess að tilhneigingin hafi verið í eina átt frekar en aðra. ■

Æskileg kvenleg fegurð og líkamsvöxtur hefur breyst í áranna rás. Fréttamiðlar vestanhafs spá því að ofurgranna útlitið sem kennt er við „heroin-chic“ sem var vinsælt á tíunda áratugnum sé mögulega að koma aftur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Egyptaland til forna 1292-1069 f. Kr.

Í Egyptalandi til forna þóttu fegurstu konurnar vera grannar með nettar axlir, hátt mitti og samhverfa andlitsdrætti. Kynfrelsi var nær því sem tíðkast í vestrænum ríkjum nútímans, skilnaður þótti ekki tiltökumál og kynlíf fyrir hjónaband ekki heldur.

Grikkland til forna 400-300 f. Kr.

Í Grikklandi til forna þóttu þær konur fegurstar sem voru vel í holdum, þéttar í vexti og ljósar yfirlitum. Forn-Grikkir eiga að hafa verið uppteknir af formi karlmannslíkamans og hafa gert meiri útlitskröfur til karla en kvenna. Útlitslega þóttu konur vera hálfmisheppnaðar útgáfur, sé vitnað í helstu hugsuði frá þeim tíma.

Han-ættarveldið 200 f. Kr.-220 e. Kr.

Han-ættarveldið í Kína stóð í tvær aldir fyrir og fram yfir aldamótin. Fegurðarstaðlar kvenna sneru að grönnu mitti, ljósri húð, stórum augum og smáum fótum, síðu dökku hári, hvítum tönnum og rauðum vörum. Fegurðarhugmyndin um smáa fætur er enn við lýði í Kína.

Ítalska endurreisnin 1400-1700

Eins og listaverk frá þessum tíma bera með sér þóttu íturvaxnir líkamar fagrir, stór brjóst, ávalur magi, stórar mjaðmir og ljós húð. Konum var ætlað að endurspegla stöðu eiginmannsins í samfélaginu, bæði í hegðun og útliti. Þéttur líkami og ljóst yfirbragð þótti ákjósanlegt.

Viktoríutíminn á Englandi 1837-1901

Á þessum tíma þótti fallegt að vera íturvaxin en mittið átti að vera ofurgrannt og var þeim áhrifum náð með frægum nærklæðnaði, korselettinu. Þetta náði fram ýktri stundaglass-lögun sem þykir eftirsóknarverð enn þann dag í dag.

Argandi annar áratugur 1920-1930

Nettur og lágur barmur, fyrirferðarlítið mitti, drengjalegur vöxtur og stutt hár var með því flottasta í svokallaðri flapper-tísku annars áratugar síðustu aldar. Konur hófu störf á vinnumarkaði á stríðsárunum. Vaxandi iðnvæðingu og verksmiðjustörfunum fylgdi styttra hár, af öryggis- og hreinlætisástæðum.

Gullaldar-Hollywood 1930-1950

Á svokölluðum gullaldarárum kvikmyndaborgarinnar þótti fallegast að konur hefðu ávalar línur, stundaglass-vöxt, stór brjóst og grannt mitti, í anda kyntáknsins Marilyn Monroe.

Sjöundi áratugurinn 1960-1970

Á sjöunda áratugnum komst grannur vöxtur aftur í tísku og best var ef konur voru slánalegar í vexti. Langir leggir þóttu fallegir og unglingalegt yfirbragð.

Tímabil ofurfyrirsætunnar 1980-1990

Á þessum tíma komu fram mörg frægustu súpermódelin sem við þekkjum í dag, konur sem prýddu forsíður sundfatatímarita. Þær voru íþróttamannslega vaxnar, hávaxnar, stæltar en með ávalar línur og stór brjóst og vöðvastælta upphandleggi. Þessari tísku fylgdi ofuráhersla á líkamsrækt og átröskunarbylgja.

Heróín-útlitið 1990-2010

Þessi lífseiga bylgja gekk út á að konur skyldu vera eins grannar og mögulegt var. Gríðarlega lág líkamsþyngd, lítil brjóst og föl húð þótti falleg. Kate Moss var frægasta fyrirsæta þessarar tískubylgju sem sætti harðri gagnrýni, enda héldu lífshættulegar átraskanir áfram að aukast samhliða bylgjunni. Tískubransinn setti í kjölfarið á reglur til að vernda heilsufar fyrirsæta sem gengu tískupallana, eftir að fyrirsætur stigu fram og lýstu alvarlegum veikindum vegna útlitspressu í módelstörfum.

Áhrifavaldafegurð 2010-2020

Samfélagsmiðlar og ljósmyndafilterar ýttu undir þessa tilteknu tísku og raunveruleikaþáttastjörnur á borð við Kardashian-systur voru áhrifamiklar. Á þessu tímabili fæddist einnig umræða um inngildingu í tískubransanum. Orðræða um fegurð í stærri stærðum varð háværari en nokkru sinni. Þá fóru fegrunaraðgerðir að verða ódýrari og aðgengilegri. Tiskubylgjan náði hámarki sínu í heimsfaraldri en nú virðist vera að draga úr.

2022-?

Merki eru á lofti um að hið svokallaða „heroin chic“ ofurgranna útlit sé að komast í tísku á ný. Adriana Diaz hjá New York Post birti grein þann 2. nóvember sem bar titilinn „Bye bye booty: Heroin Chic is back“, sem gaf til kynna að ofurgranna útlitið væri aftur í tísku. Þessu til stuðnings birti hún myndir af Kardashian-systrunum sem höfðu fjarlægt púða úr bakhluta og brjóstum, þvengmjóum Miu Miu módelum á tískupöllum nokkrum dögum áður og nýjar myndir af tággrannri ofurfyrirsætunni Bellu Hadid. Blaðamaður The Guardian, Alaina Demopoulos, skrifaði grein í vikunni þar sem hún gagnrýndi harðlega tilhneigingu tískubransans til að hvetja konur til að svelta sig. Þar er vitnað í leikkonuna og aktívistann Jameelu Jamil, sem sagði á Instagram í tengslum við grein New York Post: „Líkamar okkar eru ekki tískufyrirbæri, segið það með mér! Ég ætla að stofna til ekki-svangrar-tísku, hamingjusamrar-tísku, fokkið-ykkur-tísku. Hvað sem er nema þetta.“

NÓI SÍRÍUS
Hver er þér svo kær?
Á hátíðum og hvers kyns hamingjustundum jafnast einfaldlega ekkert á við konfekt.
Gefðu þeim sem er þér svo kær gleðistundir með ljúffengu konfekti frá Nóa Sírius.
Gott að gefa, himneskt að þiggja!
cocoa HORIZONS
NÓA Konfekt



FJALLKONAN

KRÁ & KRÆSINGAR

JÓLA AFTERNOON TEA

ALLA DAGA 14.30-17.00

SAVOURY

Bláberjaskonsur
Þeytt íslenskt smjör og tvær tegundir af sultu

Confit önd á vestfirskri hveitköku
Andaconfit rillet, karamelluseruð epli, Maltsósa, appelsínusósa

Lax & lummur
Bláberja og dill-grafinn lax, kjúklingabaunalummur, hrogn, piparrótarsósa, stökkar linsubaunir, yuzu-illiblómadressing

Craffla (croissant + vaffla)
Parmaskinka, piparrótarostakrem, parmesan, parmesan "crisp", granatepli

Jólasamloka
Hamborgarahryggur, gulróta- og grænbaunamæjó

SÆTT

Eton Mess skyr ostakaka
Hvítsúkkulaði-skyrmús, marengs, hindber, hindberjasósa

Þrista-súkkulaðiterta
Súkkulaði, Þristur, vanilluís, þeyttur rjómi

Bollakökur
Red Velvet > hindaberjafylling, rjómaosta-skyrkrem
Súkkulaðifudge > dulce de leche fylling, súkkulaðikrem

Sörur

Makkarónur

Afternoon Tea 5.890 kr. á mann
Með glasi af Prosecco freyðivíni 6.890 kr. á mann

MOËT & CHANDON CHAMPAGNE

Bókaðu borð á **fjallkona.is**

Það getur stundum verið erfitt að finna hugmyndir til að skrifa um og því er góð æfing að fá hugmyndir lánaðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Átta kveikjur fyrir skapandi skrif

Það getur verið erfitt að fá góða hugmynd þegar skrifa á skapandi texta. Ein leið til að nálgast hugmyndavinnu er nýta sér kveikju til að koma sjálfum sér af stað.

ragnarjon@frettabladid.is

Skapandi skrif þurfa alls ekki að vera eitthvað sem bara grafalvarleg verðlaunaskáld taka sér fyrir hendur. Það þarf ekki að vera þannig að í hvert skipti sem við snertum lyklaborðið eða setjum penna við hvítt blað þurfi útkoman að vera ódauðleg. Góð leið til þess að halda sér í æfingu getur verið að nýta sér kveikju en það er stuttur texti sem setur fram hugmynd sem hægt er að þróa og útfæra.

Fréttablaðið birtir hér átta kveikjur sem áhugasamir geta notað til þess að kynnast æfingum sem þessum. Þessar kveikjur eru allar birtar sem fyrstu persónu frásagnir en að sjálfsögðu er öllum frjálst að skipta um sjónarhorn og breyta einstaka þáttum í kveikjunni. Til þess að leikurinn gerður.

Sunna Dís Másdóttir, rithöfundur og leiðbeinandi í skapandi skrifum, segir að kveikjur séu góð leið til þess að halda sér í formi sem rithöfundur og notar þær óspart í námskeiðum sínum.

„Það er hægt að keyra heilu námskeiðin út frá þessu þegar fólk fær til dæmis sendar kveikjur, svo gerist eitthvað þegar neistinn kviknar," segir Sunna Dís en hennar ráð til þeirra sem hafa áhuga á að byrja að skrifa er að dæma sig ekki of hart. „Langmikilvægast er að bremsa sjálfan sig ekki af og senda dómharða ritstjórann af öxlinni í frí," segir hún og bætir við „Við erum alltaf okkar eigin hörðustu dómarar og bara mjög ósanngjarnir oft."

> Að skrifa er bara að segja sögu eða segja frá og við erum alltaf að segja frá. Líf okkar er frásögn og saga og við getum öll skrifað.

Sunna Dís Másdóttir, rithöfundur og leiðbeinandi í ritlist

Sunna telur þannig einnig góða æfingu að deila með öðrum því sem maður hefur skrifað.

„Það er ótrúlega hollt. Það er rosalega gott að viðra textann sinn aðeins og getur líka verið æfing í því að standa með honum. Ég hef til dæmis verið að keyra námskeið þar sem fólk fær sendar kveikjur frá mér á hverjum degi og svo erum við með hópa þar sem fólk birtir efni sitt eða ekki," segir Sunna en auðvitað sé valfrjálst hvort fólk sýni það sem það hefur skrifað.

„Það er mjög misjafnt hvort fólk vill þetta eða ekki. En ég held að þegar maður er kominn þangað og treystir sér til þá er rosa gott að rífa þann plástur af," segir hún en kveikjur geti einnig komið í margvíslegum formum.

„Þessar tegundir af kveikjum eru líka bara eitt form þeirra. Þegar maður er skrifandi eða langar að vera að skrifa þá er maður alltaf að leita að kveikjum alveg sama í hvaða formi þær eru," segir Sunna Dís en hún telur það öruggt að allir geti skrifað. „Já algjörlega. Að skrifa er bara að segja sögu eða segja frá og við erum alltaf að segja frá. Líf okkar er frásögn og saga og við getum öll skrifað. Það er bara þannig."

Sunna Dís kemur til með að vera með námskeið næst í janúar og verður hægt að skrá sig á þau í gegnum Facebook-síðu hennar sem ber sama nafn og hún. ■

1 Draugasagan

Þú neyðist til að fara í einangrun vegna faraldursins. Þú færð íbúð að láni frá vinafólki. Þú ert sá eini sem er með lykla. Þegar þú situr á klósettinu í fyrsta skipti er bankað á hurðina.

2 Ástarsagan

Þú ferð í gegnum gamla muni á háaloftinu. Þú finnur fyrir tilviljun gamlan jakka sem þú klæddist síðast á menntaskólaballi. Í hliðarvasanum er bréf. Þetta bréf er ástarjátning frá honum/henni. Þeim sem þú þráðir á þeim árum.

3 Vísindaskáldsagan

Evrópusambandið vinnur kapphlaupið til Mars árið 2087. Þegar fyrsta fólkið kemur á yfirborðið finna þau kínverskan fána sem skilinn hefur verið eftir. Hvers vegna sögðu Kínverjarnir ekki frá?

4 Dramatíska sagan

Þú ert í brúðkaupsferðinni þinni með maka þínum. Stuttu eftir að þið hafið lagt af stað áttar þú þig á því að þú elskar manneskjuna ekki lengur.

5 Grínsagan

Þú deyrð og endar í helvíti. Djöfullinn verður brjálaður þegar þú gengur inn um dyrnar því þú ert kornið sem fyllti mælinn. Hann er hættur. Hann setur veldissprotann í þínar hendur og flýgur aftur til himinríkis. Hvað gerir þú?

6 Ráðgátan

Þú ert leigubílstjóri í stórborg. Þú tekur upp enn einn farþegann en þegar þér verður litið í baksýnisspegilinn bregður þér í brún. Aðilinn lítur út alveg eins og þú.

7 Barnasagan

Í tré sem stendur svo hátt að það nær upp í skýin búa bleikir apar með vængi. Þeir búa þó í stöðugum ótta því risi gengur laus í trénu og neitar að sofa á nóttunni. Hvernig svæfir þú risann?

8 Fantasían

Galdrar hurfu af jörðinni fyrir þúsundum ára. En þeir fóru ekki langt heldur bundu fornir galdramenn þá djúpt í iðrum jarðar. Ef við höldum áfram að grafa dýpra eftir jarðeldsneyti munu þeir sleppa aftur og galdrastríð brjótast út. Þú einn/ein veist af þessu vandamáli.

Nú er það

RAUTT

frá kl. 18:00 **24**. til kl. 8:00 **29. nóv.**

20-60% afsláttur

af öllum vörum í verslun

Hallarmúla og netverslun

TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA FRÁBÆR KAUP!

FJALLA KOFINN

Hallarmúli 2 | s: 510 9505 | fjallakofinn.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

Lykilspurningin

Marvel þarf að hysja upp um sig buxurnar

Ertu komin/nn með nóg af Marvel?

odduraevar@frettabladid.is

Marín Eydal Sigurðardóttir, *tölvuleikja-streymari*

„Mér fannst Marvel hafa verið á toppnum 2008-2016. Þarna fengum við allar Iron Man og Captain America myndirnar plús fyrstu þrjár Avengers.

Svo fannst mér þetta byrja að dala eftir 2016. Vissulega hefur ein og ein mynd verið góð, eins og nýjasta Spidermanmyndin en eiginlega engin hinna náðu mér.

Ástæðan: Það er verið að reyna að þóknast öllum og það er verið að reyna að setja svo mikinn goofie húmor inn í allt. Stundum viljum við bara taka þessu alvarlega en það er pínu erfitt þegar það er verið að henda „onelinerum“ út um allar trissur. Mér finnst þau einhvern veginn leggja meiri vinnu í að gera hluti og karaktera söluvænni í leikföngum heldur en að gera þá áhrifameiri í söguþræðinum.

Það sem ég vil sjá: Eitthvað nýtt og ég vil sjá eitthvað gamalt, bara ekki sama hlutinn aftur og aftur. Ég vil sjá meira af X-Men, gömlu góðu X-Men og líka Fantastic Four. Það eru svo margar hetjur í til dæmis X-Men heiminum sem hafa ekki fengið að stíga á svið.

Ég væri til í að fá að kynnast fleiri hetjum með sína persónulega karaktera, ekki bara einhverjar sem öllum líkar vel við. Öllum finnst Thor, Black Widow og allar þessar hetjur flottar, en ég vil fá einhvern sem ég annaðhvort hata eða elska.

Gott dæmi er Loki. Hann er alvöru karakter, hann var brútal, sjálfselskur og yfir höfuð bara mjög slæmur gaur. Ég vil sjá nýjar hetjur og fleiri skúrka með sál.

Ég vil sjá Sunspot, Magiku úr X-Men og Silver Surfer úr Fantastic Four og svo marga aðra. Nú tala ég ekki fyrir alla en ég held að ástæðan fyrir því að við séum að fá leiða sé af því að við erum ekki að sjá nýja hluti.

Við viljum sjá nýjar persónur og ný plott. ■



Ásgeir Kolbeinsson, *athafnamaður*

„Ég er kannski ekki kominn með leiða á þeim en þolið er alveg að detta niður og maður fer að missa áhugann ef þeir fara ekki að spyrna í bráðlega.

Þeir voru náttúrlega frábærir en síðan eftir Endgame, þegar þeirra greinilega formlegu heimssýn á þennan Marvel heim þar sem allt saman tengdist lauk, þá greinilega var einhver fundur þar sem þeir ákváðu að þeir gætu ekki hætt því þetta væri svo mikil peningamaskína.

Þá var farið í alls konar vitleysu eins og Eternals-myndina, sem var ein sú mesta froða sem maður hefur séð. Virkilega leiðinleg mynd um guði sem voru vondir og vildu útrýma öllum.

Algjörir Marvel-fíklar verja þetta og segja þetta hluti af einhverju stærra, en ég er bara góður, ég þarf það ekkert.“

Ásgeir hefur séð allar nýjustu Marvel-myndirnar, til að mynda um Dr. Strange, Thor og Black Panther.

„Þetta er allt með stimpli sem heitir úff. Dr. Strange and the Multiverse, ég segi bara úff. Ég var spenntur fyrir Multiverse en þetta er ekki að heilla mig. Sumt er skrifað á klósettpappír en annað er bara skrifað í einhverri góðri þynnku og ég held að þetta falli í seinni hópinn.

Svo þetta með Christian Bale, þessi frábæri leikari, honum hefur verið selt þetta konsept að hann yrði meiriháttar illmenni í frábærri Thor-mynd. Hann skammast sín örugglega í dag fyrir að hafa tekið þátt í þessu, enda myndin hræðileg eins og fyrri Thor-myndirnar voru góðar. Það er óþolandi þegar svona er búið til bara til þess að koma krónum í kassann.

Það er það sama með Black Panther 2. Af hverju hét þetta bara ekki eitthvað annað? Að blanda Black Panther-stimplinum í þetta er algjör steypa. Allt of róleg og minni hasar. Ég væri til í að lesa handritið sem þau hugsuðu fyrir Chadwick Boseman áður en hann dó. Það hefur örugglega allt farið í pappírstætarann frekar en að vinna með það.“ ■

Á einungis fjögur ár í heimsmetið

odduraevar@frettabladid.is

Einn elsti köttur landsins, Siglufjarðarkisan Dúlla, er einungis fjórum árum yngri en elsti köttur í heimi. Sá er breskur, heitir Flossie og greindi BBC frá því að hún hefði nú hlotið titil Guinness World Records sem elsti köttur í heimi.

Hana 22 ára gömlu Dúllu á Siglufirði vantar því einungis fjögur ár í að verða elsti köttur í heimi. Rósa Ólafsdóttir, eigandi Dúllu, segir hana enn í fullu fjöri þó aldurinn sé farinn að segja til sín.

„Hún er svolítið farin að missa sjónina og sefur meira en vanalega. Hún er orðin svolítið kölkuð og það kemur fyrir á kvöldin að hún fer að breima, eða svona eins og þegar læður kalla á kettlingana sína,“ segir Rósa.

Blaðið ræddi við Rósu fyrr á árinu og þá kvaðst hún ekki viss hvort Dúlla væri elsti köttur landsins, en ljóst er að hún gerir allavega atlögu að titlinum.

Dúlla gæti verið elsti köttur landsins.

Dúlla er sannkallaður aldamótaköttur og kom í heiminn þann 6. maí árið 2000 og hefur Rósa átt hana alla sína tíð. „Hún sefur svona 22 klukkutíma á sólarhring, hún er komin með gláku en fer út alltaf á morgnana í svona hálftíma og svo inn aftur og heldur áfram að sofa,“ segir Rósa aðspurð hvernig Dúlla beri aldurinn. Kötturinn hefur verið mannblendinn alla sína tíð. „Hún hefur gert mikið af því að fara hérna fyrir utan sundlaugina á Siglufirði, sitja þar og láta vorkenna sér. Svo er fólk að fara með hana heim og koma með hana í bílnum, þó að við búum rétt hjá,“ segir Rósa hlæjandi.

„Hún er með þannig andlit að það er ekkert hægt að standast það neitt. Maður hefði kannski átt að reyna að græða eitthvað á því!“ ■

Falleg jólatré

Fáðu þér sígræna gæðajólatréð - sem endist ár eftir ár!

Þessi jólatré eru í hæsta gæðaflokki auk þess að vera mjög falleg og líkjast þannig raunverulegum trjám. Einföld samsetning.

Bjóðum nú jólatré með LED ljósum í stærðunum 155, 185 og 215 cm.

- Ekkert barr að ryksuga
- Ekki ofnæmisvaldandi
- 12 stærðir (60-500 cm)
- Íslenskar leiðbeiningar
- Eldtraust
- Engin vökvun
- 10 ára ábyrgð
- Stálfótur fylgir

Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 09-18
Helgar kl. 12-18

Skátarnir

Hraunbær 123 | s. 550 9800
www.gervijolatre.is

Dáist að hugrekki íranska landsliðsins

Frétt vikunnar

Steinunn Rögnvaldsdóttir, félags- og kynjafræðingur:

„Það sem mér dettur fyrst í hug – og það er ekki í mínum karakter, en kannski er þetta nýi karakterinn minn, er þetta mál með Heimsmeistaramótið og One love-borðana sem þeim er meinað að spila með," segir Steinunn Rögnvaldsdóttir, félags- og kynjafræðingur. „OneLove„-armböndin eru hluti af herferð sem er ætlað að taka afstöðu gegn mismunun.

Steinunn kveðst reið yfir lyddu-skap FIFA í Katar sem hafi afráðið að banna armböndin að beiðni stjórnvalda þar í landi. Gagnrýni Steinunnar á mótið snýr einnig að dómgæslunni. „Ég veit ekki mikið en ég hélt að dómarar ættu að fylgja leikjabók og ekki fylgja skipunum frá FIFA um hvernig þeir eiga að dæma sína leiki," segir hún.

Steinunn segir samstöðuaðgerðir þýska landsliðsins vera hjóm eitt við hliðina á því sem íranska landsliðið gerði til að sýna samlöndum sínum stuðning með að syngja ekki sinn eigin þjóðsöng á mótinu. Alda óeirða ríkir í Íran vegna mannréttindabrota klerkastjórnarinnar gegn eigin þegnum.

„Maður verður ótrúlega hugsi yfir því hvað skiptir máli í þessu samhengi, hvernig við metum hlutina og hvað við metum. Metum við hæfni í að spila fótbolta eða hugrekki, samstöðu og mannréttindi? Það er umhugsunarvert af því að þetta sport er ekkert án fólksins sem tekur þátt og horfir og mætir og styður." ■

Steinunn Rögnvaldsdóttir, félags- og kynjafræðingur

Kjartan Ólafsson er einn skipuleggjenda ErkiTíðar, elstu raftónlistarhátíðar á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Segir fjölbreytni einkenna íslensku raftónlistarsenuna

Tónlistarhátíðin ErkiTíð hefst í dag. Hátíðin var haldin í fyrsta sinn árið 1994 og er því elsta raftónlistarhátíð landsins. Íslensk tónlist er í brennidepli á hátíðinni þar sem flutt eru fjörutíu íslensk verk fjögurra kynslóða raftónskálda.

ninarichter@frettabladid.is

Ferill Þorkels Sigurbjörnssonar tónskálds er í forgrunni á hátíðinni. Að sögn skipuleggjenda á Þorkell heiðurinn af fyrsta raftónlistarverki sem samið hefur verið á Íslandi auk fyrsta tölvutónverksins. Þá efna hátíðin og RÚV til tónverkasamkeppni fyrir ung tónskáld, þar sem þátttakendur semja ný verk með tengingu við Þorkel.

Í dag verður slegið upp svokölluðum maraþontónleikum í Mengi við Óðinsgötu, þar sem flutt eru sérvalin raftónlistarverk. Tónleikarnir standa frá 15.00 til miðnættis.

„Þar eru flutt íslensk verk frá 1959 til dagsins í dag. Þar verða um 20 verk frumflutt," segir Kjartan Ólafsson, tónlistarmaður og einn skipuleggjenda um dagskrána í Mengi. „Listamennirnir verða sumir á staðnum. Bæði eru þetta vídeóverk og hljóðverk og sum verkin eru fjölrása. Þetta er sett upp þannig að maður getur bara farið í tímavél til ársins 1975," segir Kjartan og hlær.

Að sögn Kjartans er ókeypis inn á flesta viðburði hátíðarinnar. „Þar er hægt að kynna sér íslenska raftónlist og tilraunatónlist sem á sínum tíma var líka svona framúrstefnutónlist."

Athygli vekur að engin verk eftir konur má finna á neinum dagskrárhluta, en elsta verkið eftir kvenskáld er Adagio eftir Karólínu Eiríksdóttur frá árinu 1992. „Konur komu seint inn í raftónlistina og ég held að þær séu komnar í meirihluta núna. Þetta var miklu meira kynjabundið áður fyrr. Þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands byrjaði voru þar mest karlmenn, en núna eru í meirihluta konur."

Hátíðin var fyrst haldin árið 1994. „Hún var haldin svo til óslitin á tveggja ára fresti til ársins 2000," segir Kjartan. „Þá tók ég við sem formaður Tónskáldafélagsins og fékk þá eina hátíð, eða reyndar tvær. Ég fékk Myrka músíkdaga til að sjá um hana. Ég sá um Myrka músíkdaga í sautján ár ásamt fleirum og þegar það var búið tók ég upp þráðinn aftur. Nú er ErkiTíð sívaxandi hátíð sem vex með hverju árinu. Nú er unga fólkið að koma inn í þetta líka, sem kemur með sinn stíl og sinn tíma, sem er frábært."

Kjartan segir nýbreytnina einkennast af fjölbreytni. „Það sem við sjáum fyrst og fremst er mun meiri fjölbreytni en hefur sést áður. Þar kemur unga fólkið sterkt inn. Það er ekki bundið við neinn stíl og er að móta sinn stíl. Einstaklingur sem listamaður er það mikilvægasta sem til er, með sinn persónulega stíl og sína tónlist, eins og við sjáum með þá þekktustu tónlistarmenn sem við eigum."

> **„Bæði eru þetta vídeóverk og hljóðverk og sum verkin eru fjölrása. Þetta er sett upp þannig að maður getur bara farið í tímavél til ársins 1975.**
>
> Kjartan Ólafsson

Barnaóperan Robbi rafmagnsheili eftir Þorkel Sigurbjörnsson frá árinu 1968 er dagskrárliður á hátíðinni. Að sögn Kjartans á óperan alveg jafn sterkt erindi við almenning í dag og þegar hún var samin, ef ekki meira. Orðið rafmagnsheili er forveri orðsins tölva, og leitast verkið meðal annars við að finna nýtt orð yfir nýmælið sem rafheilarnir voru í þá daga. Kjartan segir Þorkel hafa séð fyrir hversu veigamikinn þátt tölvurnar áttu eftir að eiga í lífi fólks.

Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má finna á vefsvæðinu erkitid.is.■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrir@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Kolbeinn Kolbeinsson *kolbeinn@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

MEÐ ORKUNNI Í LIÐI

SETTU UPP
SBARROBROSIÐ

- Fitjar
- Suðurfell
- Vesturlandsvegur

SBARRO NYC 1956 The Original NEW YORK PIZZA

Hæ-hó!
Velkomin í Brauð & Co!

- Laugavegur

BRAUÐ & CO

HRESS
Í BRAGÐI

- Vesturlandsvegur

PREPP BARINN MACROBAR

Orkulykilinn hringir inn jólin!

Við eigum frábæra vini sem hjálpa þér að grípa góða orku á ferðinni. Vinir okkar á Orkustöðvunum bjóða viðskiptavinum með Orkulykil afslætti af matseðli.

Megi orkan vera með þér!

Kynntu þér afslætti frá vinum okkar hér

BYKO

SAMAN í 60 ÁR

BJAR DAG

24. nóvember

Allt að 50% afsláttur

-40%

46321979

Ferðatöskur 2 stk.

Töskurnar eru 59,5 x 40 x 22,5 cm og 71 x 48 x 25 cm og eru 2,8 og 3,5kg.

21.597

~~35.995~~

Þú sparar: **14.398**

-30%

19092004

Harðparket Rockford Oak

1285x192x8mm.

2.095 kr/m²

~~2.995~~ kr/m²

-40%

46321979

Höggborvél

18V, tvær rafhlöður fylgja með vélinni, 2,0Ah og 4,0Ah.

32.997

~~54.995~~

Þú sparar: **21.998**

RTÍR GAR

– 4. desember

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

SKOÐAÐU ALLAR VÖRUR Á AFSLÆTTI

25%

Jólavörur - Kósývörur - Lemax jólaþorp - Ljós - Perur (ekki Philips Hue) **- Ryobi garðverkfæri Ryobi verkfæri - Toe Guard og Solidgear öryggisskór - Snickers vinnufatnaður**

-50%

93445550-4

Snickers barna peysujakki

122-128/134-140.

5.499

~~10.995~~

Þú sparar: **5.496**

-40%

748740997

Rafhlöðuborvél

GSR 18V-28, 2x 4.0Ah rafhlöður og L-boxx fylgja vélinni

39.717

~~66.195~~

Þú sparar: **26.478**

SAMAN Í 60 ÁR

BYKO

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

VÍS
Er það sem þú keyptir í gær ennþá ótryggt?

Bakþankar

Arnars Tómasar Valgeirssonar

Krúttskalinn

„Þetta sprengir krúttskalann!“ er setning sem ég sé ansi oft þegar ég skruna í gegnum Facebook. Hún tengist oftast börnum af mismunandi stærðum og gerðum sem eru ýmist klædd einhvers konar búningum eða hafa nýlega áorkað einhverju mismerkilegu. Ég hef aldrei tengt neitt sérstaklega mikið við þessa setningu enda hefur minn krúttskali aldrei sprungið. Ég er kannski að nota einhvern annan kvarða, rétt eins og Bandaríkjamenn sem kunna ekki á Celsíus.

Skali sem er sískringandi er greinilega ekki nógu góður, alveg eins og röntgenmælirinn í Tjernobyl sem mældi bara upp í þrjá. Ef krúttskalinn þolir ekki þetta meinta álag þá er augljóst að við þurfum eitthvað að hliðra efri mörkum hans til svo að við sem samfélag getum betur metið hvað sé raunverulega krúttlegt og hvað ekki.

Það getur verið erfitt fyrir fólk sem á börn að taka þátt í þessari enduruppbyggingu kvarðans enda eru foreldrar hlutdrægir þar sem hverjum þykir sinn fugl fagur. Ég á hins vegar engan fugl og væri þess vegna fullfær um að endurhugsa skalann sem hluti af þar til gerðri nefnd.

Til að byrja með þurfum við að skilgreina hvað felst í orðinu krútt og setja upp nýjan skala með mælanlegar kríteríur á bak við hverja tölu. Er hor krúttlegt? En spangir? Hvort er krúttlegra á öskudeginum, Marvel-búningur úr Hagkaup eða heimagerður íkornabúningur? Er hrafnaspark krúttlegra en óaðfinnanleg tengiskrift? Þetta eru spurningar sem við þurfum að svara til þess að meint krútt séu ekki að sprengja skalann okkar í tíma og ótíma. ■